

Tillaga um verndarsvæði í byggð á Hólmavík



Rannsóknasetur HÍ á Ströndum – Þjóðfræðistofa

2025

Efnisyfirlit

Ávarp sveitarstjórnar Strandabyggðar	2	Atvinnusagan – yfirlit	30
1. Tillaga um verndarsvæði í byggð á Hólmavík	3	Tímalína – saga þorpsins, atvinnu- og mannlífs	30
Afmörkun svæðisins	4	Sögutorg – kynning og miðlun í þorpinu	33
Rökstuðningur	6	5. Húsin á verndarsvæðinu	36
Húsin á verndarsvæðinu	7	Aldursfriðuð hús	37
Fornleifar	8	Önnur aldursfriðuð mannvirki á Hólmavík	45
Tún og torg	9	Umsagnarskyld hús á verndarsvæðinu	45
Gönguleiðir, götur og gangstéttir	10	Önnur umsagnarskyld hús (utan verndarsvæðis)	61
Umhverfismál, umgengni og óspillt náttúra	11	Önnur hús á verndarsvæðinu	61
2. Verkefnið Verndarsvæði í byggð á Hólmavík	12	Bílskúrar, úthús, gróðurhús og kofar	68
Um slík verkefni	13	6. Greining á svipmóti byggðar og varðveislugildi	74
Tilgangur verndarsvæða og áhrif	14	Staðhættir og landslag	74
Ávinningur fyrir Hólmavík	15	Horfið landslag og mannvirki	75
Vinnuferli	16	Örnefni og götunöfn	81
Samráð	18	Mat á varðveislugildi og svipmóti byggðarinnar	83
3. Fornleifar	19	7. Verndun og uppbygging – skilmálar	89
Eldri heimildir, sögur og sagnir	21	Almennir skilmálar	89
Upphaf búsetu í Hólmavík	22	Nýframkvæmdir	90
Fornleifarannsókn – niðurstöður	23	Opin svæði, tún og torg	91
4. Saga og þróun þorpsins	25	Bílastæði, götur, gangstéttir og gönguleiðir	92
Verslunarstaður verður til	26	Helstu skilmálar – samantekt	94
Þjónustuþorpið	27	8. Verndarsvæðið og tengsl við skipulag	96
Útgerð og fiskvinnsla	28	Samspil við aðalskipulag	96
Landbúnaður í þorpinu	29	Myndaskrá	98
		Heimildaskrá	99
		Viðaukar	102

Ávarp sveitarstjórnar Strandabyggðar

Hefð er fyrir því að forsvarsfólk sveitarfélagsins ávarpi skýrsluna. [Matthías Lýðsson formaður Umhverfis- og skipulagsnefndar ætlar að leggja til stuttan pistil.]

Tillaga um verndarsvæði í byggð á Hólmavík



1. Tillaga um verndarsvæði í byggð á Hólmavík

Svipmót er lykilatriði í lögum um verndarsvæði í byggð. Svipmót byggðar felst í sambandi byggðar og umhverfis og einkennandi yfirbragði hennar sem birtist m.a. í:


- Samspili við náttúru og umhverfi
- Heildarmynd svæðisins, samspili bygginga, gatna, torga og útivistarsvæða
- Mikilvægum sjónlínunum
- Afstöðu húsa innbyrðis og rýmismyndun
- Stærðarhlutföllum
- Ríkjandi formgerðum húsa
- Byggingarstíl húsa
- Efnis- og litavali húsa
- Miðlun sögu og fróðleiks

Afmörkun svæðisins

Lagt er til að verndarsvæði í byggð á Hólmavík takmarkist við gamla bæinn, innan við Hólmavíkurkirkju og taki utan um elstu húsin á Tanganum (áður nefndur Hólmarifið) og teygi sig einnig út að gamla bænum á Kópnesi. Innan verndarsvæðisins verða jafnframt yngri byggingar sem standa innan um eldri byggingar á þessu svæði. Torg og tún á tanganum, götur og gangstéttir, eru þá jafnframt hluti af verndarsvæðinu. Með þessu næst utan um heildstæða mynd gamalla húsa við Kópnesbraut með hátt varðveislugildi og tenging er út frá þeim kjarna við Brunngötu, hluta Hafnarbrautar, Höfðagötu og Borgabraut að hluta til. Öll friðlýst og aldursfriðuð íbúðarhús og atvinnuhúsnæði á Hólmavík falla innan þessarar skilgreiningar, nema vitinn á Vitaklifu

sem var settur upp 1915. Innan svæðisins eru jafnframt fjölmörg umsagnarskyld hús, byggð fyrir 1940.

Að auki er lagt til að Hólmavíkurkirkja verði innan verndarsvæðisins og er það í samræmi við ósk Umhverfis- og skipulagsnefndar og sveitarstjórnar Strandabyggðar. Kirkjan er þó ekki aldursfriðuð. Hún var vígð á uppstigningardag árið 1968 og hafði þá verið 14 ár í byggingu. Kirkjan er hins vegar staðsett á mjög áberandi stað, á svonefndum Brennuhól við ytri jaðar verndarsvæðisins. Yfirsýn frá henni til allra átta, þar á meðal yfir gamla þorpið og hafnarsvæðið eru með allra mikilvægustu sjónlínunum í gamla hluta þorpsins. Sama gildir um sjónlínur að henni. Staðsetning kirkjunnar er afgerandi fyrir Hólmavík og byggingin sjálf er sérstaklega mikilvæg fyrir ásýnd þorpsins.



Kort frá 1912 sem sýnir afstöðu húsanna sem þá höfðu verið byggð á Tanganum eða Hólmarifinu, eins og svæðið var þá nefnt – kort af vef Landmælinga Íslands.



Tillaga um afmörkun Verndarsvæðis í byggð á Hólmavík

Ekki er þó lagt til að öll húsin sem staðsett eru innan við Hólma-víkurkirkju verði innan verndarsvæðisins. Það afmarkast við Tangann og teygir sig út að gamla Kópnesbænum og húsinu Dvöl við Kópnesbraut 21. Hins vegar nær svæðið ekki yfir sumarhúsabyggðina við innri enda Borgabrautar og ekki heldur húsin ofanvert við Borgabraut. Eins eru tvö nýleg hús utan svæðisins við innri enda Kópnesbrautar, einnig hús byggð eftir 1950 innan við Dvöl og sama gildir um húsin við Bröttugötu, uppi á Refaholtinu, jafnvel þótt þau séu áberandi fyrir sjónlínur úr gamla bænum.

Á Tanganum sjálfum eru fiskvinnsluhúsið stóra, samsett úr byggingum frá ólíkum tíma, sláturhúsið og Hlein sem reist var 1987 sem fiskvinnsluhús (Stefán Gíslason 1987, s. 13) einnig undanskildin við afmörkun okkar og verndarsvæðið teiknað í kringum þau. Það er engin leið að líta þannig á að þessar byggingar styðji við heildarmynd svæðisins í kringum gömlu húsin við Kópnesbraut, þvert á móti varpa þær beinlínis skugga á svipmótið. Upprunalega stóðu íbúðarhús í Norðurfjörrunni, en eftir miðja 20. öld varð frekari uppbygging sláturhúss og fiskvinnslu á þessum byggingareitum sem ruddi þessum húsum úr vegi. Mörg þessara gömlu íbúðarhúsa sem nú heyra sögunni til voru af vanefnum byggð, en gaman væri að gera horfna byggðinni í Norðurfjörrunni sérstök skil í framtíðinni, t.d. í sögubætti eða með spjaldasýningu og sögumiðlun utandyra.

Að undanskilja fiskvinnsluhúsin, sláturhúsið og Hlein, er í samræmi við niðurstöðu Umhverfis- og skipulagsnefndar og sveitarstjórnar Strandabyggðar þegar fjallað var um afmörkun svæðisins á þeim vettvangi. Rétt er þó að benda á að nú þegar rækjuverksmiðjan Hólmadrangur sem átti öll þessi hús er hætt starfsemi hafa aðstæður breyst. Hugsanlega eru að skapast ný tækifæri varðandi skipulag svæðisins og heildarmynd þess. Þannig er nú fyrirhuguð menningarstarfsemi í gamla sláturhúsinu og

útlitsbreytingar fyrirhugaðar á því. Bjórframleiðsla og eins konar þróunarsetur í matvælaframleiðslu er nú í Hlein sem upphaflega var reist sem fiskvinnsla. Þessi nýsköpun í sláturhúsinu og Hlein getur vel styrkt staðaranda þorpsins, þar sem fléttast saman framleiðsluiðnaður í anda ímyndar og sérstöðu svæðisins og rekstur Galdurs brugghúss byggir um leið að hluta á ferðabjónustu. Í slíkum verkefnum skiptir umhverfið máli. Eins var Vilji fiskvinnsla stofnsett 2024 í frystihúsinu þar sem meginstarfsemi rækjuverksmiðjunnar Hólmadrangs var áður.



Gamla sláturhúsið á Hólmavík á að verða menningarhús

Þó að svæðið þar sem þessar byggingar standa sé ekki beinlínis hluti af verndarsvæðinu, þarf að taka tillit til þess við alla uppbyggingu og breytingar á þessum húsum, endurnýjun, nýbyggingar eða viðbyggingar. Við allar framkvæmdir þarf að tryggja að svæðið þróist frekar í jákvæða átt með hliðsjón af heildarmynd verndarsvæðisins. Það þarf ávallt að líta á heildarmyndina og skipulag þorpsins, ásýnd þess og svipmót,

þegar tækifæri gefast og breytingar verða. Koma þarf í veg fyrir varanleg skipulagsslys á þeim reitum sem eru undanskildir frá verndarsvæðinu.

Bifreiðaverkstæðið við Skjaldbökuslóð eða Fiskislóð á uppfyllingunni við Tangann, sem byggt var árið 1998 sem fiskverkunarhús, er einnig undanskilið frá verndarsvæðinu. Það er sömuleiðis gert samkvæmt tillögu og niðurstöðu Umhverfis- og skipulagsnefndar og sveitarstjórnar Strandabyggðar.

Minnt er á að samkvæmt lögum um verndarsvæði í byggð (lög nr. 87/2015 4. gr.) eiga sveitarstjórnir eftir hverjar sveitarstjórnarkosningar að endurmeta þau verndarsvæði sem í sveitarfélaginu eru. Þá er líka möguleiki á endurskilgreiningu á skilmálum sem um þau gilda og hvort eigi að auka við þau, stækka eða breyta. Slík endurskoðun er nauðsynleg, því aðstæður breytast. Eins er raunin að oft eru skilmálar ekki strangir þegar verndarsvæði eru fyrst samþykkt og þarf stundum að endurmeta þá í ljósi reynslunnar.

Rökstuðningur

Segja má að Hólmavíkurborg skiptist í fjóra hluta. Í fyrsta lagi er gamli bærinn neðan við kirkju þar sem verndarsvæðið er afmarkað. Sá hluti þorpsins byggist einkum upp á árunum 1895-1955, en einstaka hús eru yngri, t.d. húsaröðin uppi á Refaholtinu og ofan við Borgabrautina. Í öðru lagi er svæðið utan við kirkjuna og út að Sýslumannshallanum, svæði sem byggist að mestu upp á árabílinu 1945-1970. Þar fyrir ofan er nú nýbúið að skipuleggja nýtt hverfi, í Brandskjólum, og er deiliskipulag á því nú í vinnuferli. Í þriðja lagi er hverfið á Höfðanum (ofan við ytri enda Hólmavíkur), en fyrsta íbúðarhúsið þar var reist rétt fyrir 1980 og sú uppbygging sem þar er í gangi stendur enn yfir.

Verið er að byggja raðhús við Höfðatún, en lausar lóðir eru nú fáar eftir í hverfinu. Loks er það iðnaðarsvæðið á Skeiðinu. Þar var gerður og vígður grafreitur 1938 og flugvöllur á fimmta áratugnum, en iðnaðar- og þjónustuhverfi byggist að mestu upp eftir 1980. Þar eru enn lausar lóðir.

Í gamla hlutanum af þorpinu, innan við Hólmavíkarkirkju, eru flest elstu húsin í byggðinni og þar er heildstæð þyrping húsa með hátt varðveislugildi, bæði húsin sjálf og svæðið í heild. Mörg húsin sem enn standa í gamla hlutanum eru í ágætu ásigkomulagi og viðhaldi hefur víða verið vel sinnt. Raunar má segja að átak hafi orðið í lagfæringum á allra síðustu árum. Á þessu sama svæði var einnig lagður grundvöllur að atvinnulífinu í þorpinu, fyrst með uppbyggingu verslana og opinberrar þjónustu, en í kjölfarið fylgdu fiskvinnsla og útgerð. Á síðustu áratugum hefur svo ferðaþjónusta sett sífellt meiri svip á gamla bæinn og hefur að miklu leyti komið í stað opinberrar þjónustu á því svæði. Enn er þó starfræktur leikskóli innan þess svæðis sem hér er skilgreint sem verndarsvæði.



Hólmavík um 1960

Verndarsvæðið í heild sinni er metið út frá SAVE aðferðinni, sem horfir til ákveðinna fimm lykilþátta. Hvert gildi flokkast síðan

sem **lágt** (einkunn 7, 8 og 9), **miðlungs** (einkunn 4, 5 og 6) eða **hátt** (einkunn 1, 2 og 3). Einkunnin 1 er hæst. Þessir þættir eru:

- Byggingarlist og listrænt gildi
- Menningarsögulegt gildi
- Umhverfisgildi
- Upprunalegt gildi
- Ástand

Út frá þessum atriðum er svo varðveislugildið fyrir svæðið í heild einnig metið og telst vera hátt fyrir það svæði sem hér er afmarkað, sjá nánar í kafla 6.

Húsin á verndarsvæðinu

Rétt eins og mat á svæðinu í heild er nauðsynlegt að skilgreina og meta einstök hús innan verndarsvæðisins með tilliti til uppruna, aldurs og samhengis í byggðinni. Aftur er notuð SAVE aðferðin, með sömu fimm gildum og áður, nema hvað í tilfelli einstakra bygginga vega sjónarmið byggingarlistar, menningar sögu og umhverfis þyngst. Nánar er er fjallað um húsin á verndarsvæðinu í kafla 5.

Aldursfriðun húsa byggist nú á nýlegri breytingu á lögum um vernd menningarminja (lög nr. 126/2022) og ákvæði um aldursfriðun hefur verið fest við hús sem byggð eru árið 1923 eða fyrr.

Innan vébanda þess verndarsvæðis sem skilgreint er hér að framan eru samtals níu aldursfriðuð hús á Hólmavík. Þar af er ein bygging friðlýst sérstaklega: Gamli barnaskólinn við Kópnesbraut 4b. Þessar byggingar standa við Kópnesbraut og Höfðagötu, nema hvað elsta hús þorpsins sem enn stendur, Riis-húsið, er á horni Hafnarbrautar og Kópnesbrautar og hefur

fengið húsnúmer við Hafnarbrautina. Til viðbótar má nefna Albertshús (Kópnesbraut 1), þó það hafi verið reist á Hólmavík árið 1925. Húsið er annað hvort endurbygging á húsi sem stóð á Eyjum í Kaldrananeshreppi á árabílinu frá 1910-1920 eða hefur verið byggt upp úr timbrinu í því. Eins er talið að Gunnars-hús (Hafnarbraut 22) sé byggt úr viðum húss sem stóð áður í Viðey (Óli E. Björnsson, 1990: 98). Þetta krefst nánari rannsóknar.

Aldursfriðuð hús:	Mannvirkjaskrá	Leiðréttingar
Hafnarbraut 39 – Riis húsið	(1896)	1897
Riis-pakkhús sambyggt	(1896)	1906?
Höfðagata 1 – Steinhúsið	(1913)	1911
Höfðagata 7 – Sæberg	(1923)	1922
Kópnesbraut 3b – Stöðin	(1904)	1903
Kópnesbraut 4 – Tómasarhús	(1902)	1914
Kópnesbraut 4b – Barnaskólinn	(1914)	1913
Kópnesbraut 7 – Læknishúsið	1903	
Sjúkraskýlið, sambyggt	(1903)	1911
Kópnesbraut 9 – Björnshús	(1915)	1913
Kópnes (gamli bærinn)	1916	

Önnur hús sem byggð eru 1923 eða fyrr samkvæmt Mannvirkjaskrá eru Kópnesbraut 1 (Albertshús) sem þar er sagt vera byggt 1920, en er reist á Hólmavík 1925. Eins er Kópnesbraut 6 (Brynjólfshús) sagt byggt 1923 í Mannvirkjaskrá, en er örugglega byggt árið 1931. Leiðrétt þarf þessi ártöl í Mannvirkjaskrá, því þau skipta máli fyrir réttindi og skyldur eigenda.

Á sama tíma og sú lagabreyting var gerð að árið 1923 var fest sem viðmið fyrir aldursfriðuð hús (lög nr. 126/2022), var sú breyting gerð að eigendum húsa og mannvirkja sem ekki njóta friðunar, en byggð voru árið 1940 eða fyrr, er nú skylt að leita

álits hjá Minjastofnun Íslands, ef ætlunin er að breyta þeim, flytja þau eða rífa. Viðmið um umsagnarskyldu var áður fest við árið 1925, en það ártal og viðmið hefur nú verið felld úr gildi.

Byggingarfulltrúum í hverju sveitarfélagi er samkvæmt þessum lögum skylt að fylgjast með því að álits sé leitað hjá Minjastofnun við allar breytingar á þessum húsum. Þetta skal gera með minnst sex vikna fyrirvara. Minjastofnun fær svo fjögurra vikna frest til að tilkynna viðkomandi um álit sitt, eftir að þess er óskað, og stofnuninni er heimilt að leggja til skilyrði um slíkar framkvæmdir eða gera tillögu um friðlýsingu umrædds húss eða mannvirkis.

Talsverður fjöldi húsa á verndarsvæði í byggð á Hólmavík er byggður á árabílinu frá 1924-1940. Fjallað er um þau í kafla 5.

Fornleifar

Ný fornleifaskráning fyrir jörðina Kálfanes var unnin í tengslum við byggðapróunarverkefnið um Strandabyggð sem *Brothætta byggð*. Minjastofnun Íslands hefur fyrir vinnureglu að gera eitt-hvað fyrir þau sveitarfélög sem taka þátt í því verkefni og í tilfalli Strandabyggðar voru skráðar þrjár jarðir sem eru í eigu sveitarfélagsins að öllu eða nokkru leyti – Kálfanes, Skeljavík og Víðidalsá.

Þessar jarðir eiga það sameiginlegt að ná yfir Hólmavík og næsta nágrenni. Þar með liggur fyrir grunnskráning fyrir mesta athafnasvæðið, þar sem framkvæmdir eru líklegastar á næstu árum og um mikilvæga viðbót að ræða á þekkingu á umhverfi þéttbýlisins Hólmavíkur og ætti að aðstoða framkvæmdavaldið hverju sinni við hverskyns skipulagsvinnu á næstu árum og áratugum.

Grunnskráning fornleifa er lögbundin skylda og nauðsynleg forsenda alls staðar þar sem framkvæmdir eru fyrirhugaðar, svo þessi grunnvinna kemur sveitarfélaginu að miklu gagni. Þorpið Hólmavík stendur í landi Kálfaness, svo skráning minja í sjálfu þorpinu var hluti af þessu verkefni sem Fornleifadeild Byggðasafns Skagafjarðar sá um framkvæmdina á. Lokaskýrslu var skilað inn á árinu 2024 og hún síðan uppfærð og önnur útgáfa gefin út í febrúar 2025 (Ásta Hermannsdóttir, Brenda Prehal, Bryndís Zoëga og Ylfa Leifsdóttir 2025).

Mikilvægt er að skoða þau áhrif sem ný grunnskráning fornleifa innan Hólmavíkur hefur á tillöguna um verndarsvæði. Um það verður fjallað nánar í kafla 3.

Tún og torg

Umhverfi húsanna, tengsl bygginga við landslag og náttúru og skipulag opinna svæða, er mikilvægur hluti af verndarsvæðinu. Malarborin og óhirt svæði þarf að skipuleggja og lagfæra. Á nokkrum stöðum í gamla bænum er veruleg þörf á slíkum umbótum; til dæmis framan við Braggann og framan við Kvenfélagshúsið, Snæfell og Björnshús. Slíkar umbætur þarf að hanna vandlega. Græn svæði myndu hafa jákvæð áhrif á svipmót svæðisins, sama gildir um torg, hleðslur og útilistaverk. Auk þess er mikill akkur í því fyrir ásjón svæðisins að loka



malarplönun og malargötum á svæðinu, þar sem ryk og mold frá þeim berst yfir hús og híbýli á þurrum og vindasömum dögum. Hér þarf að hanna og skipuleggja, með það að markmiði að bæta ásjón svæðisins og efla það sem útivistarsvæði.

Ákveðna staði á opnum svæðum mætti nýta til miðlunar sögu og fróðleiks um mannlíf og menningu. Fylgja þarf byggingarreglugerðum hvað varðar uppsetningu girðinga og passa að söguskilti og slíkt sé ekki óþarflega fyrirferðarmikil. Á verndarsvæðinu eru einnig tún, eins og á uppfyllingunni framan við Galdrasýninguna, blettinum við Höfðann og við gamla bæinn á Kópnesi. Tvo síðarnefndu staðina ætti tvímælalaust að vernda sem opin svæði, en spurning er hvernig svæðið á Galdratúninu verður skipulagt. Þar er nú listaverk um Klemus Bjarnason, tengt Galdrasýningunni, og nýlega ákvað sveitarstjórn Strandabyggðar að setja leikvöll á túnið (Strandabyggd.is, fundargerð 12. mars 2024).

Talsvert pláss er helgað bílastæðum í gamla bænum, bæði skipulagt og óskipulagt, og í skipulagi verða alltaf dálítill átök milli grænna opinna svæða og bílastæða. Mikilvægt er að bílastæði innan verndarsvæðisins séu vel skilgreind og merkt sérstaklega, þar á meðal stæði fyrir langferðabíla og bifreiðar með ferðavagna í útjaðri byggðarinnar. Jafnframt að þau falli vel að umhverfinu og umfram allt þarf að passa að ekki fari óþarflega stór svæði undir bílastæði.

Til eru eldri hugmyndir um hönnun af svæðinu milli Café Riis og Braggans og sömuleiðis svæðinu sjávarmegin við Galdrasýninguna, sem hvorug hefur verið samþykkt eða deiliskipulagi þar lokið. Sjálfsagt er að taka slíkar eldri teikningar til skoðunar með hliðsjón af heildarmynd svæðisins, en nauðsynlegt er að hanna opin svæði á verndarsvæðinu í heild sinni og skipuleggja um leið sögumiðlun innan þess.

Gönguleiðir, götur og gangstéttir

Mikilvægt er að lagfæra gangstéttir í gamla bænum, m.a. til að draga úr slysa hættu, auk þess að bæta úr skorti á gangstéttum á ýmsum stöðum. Eins og staðan er nú, er víða varasamt að ganga eftir gangstéttum í gamla bænum fyrir fótafúna og sjóndapra. Óhöpp geta líka orðið hjá öðrum, gangandi og hjólandi. Fyrir ásýnd og svipmót svæðisins er lagt til að nota gangstéttarhellur sem víðast þegar ráðist er í viðhald gangstétta, í stað þess að heilsteypa gangstéttir eins og gert hefur verið nokkuð af í þorpinu á Hólmavík á síðustu árum.



Eins þarf að huga að gönguleiðum innan verndarsvæðisins til að hægt sé að röltu þar um og á sama tíma að skoða sérstaklega gönguleiðir sem tengja svæðið við aðra hluta byggðarinnar. Enn vantar góða gönguleið eða stíg fyrir fólk af Borgabraut niður á tangann sem hægt að ganga með barnavagn. Líklega er auðveldast að gera hann niður frá Heilbrigðisstofnuninni og niður á milli Bræðraborgar og Snæfells. Halda ætti í tröppurnar sitt hvoru megin við kirkjuna, upp úr botni Brunngötu að kirkjunni og sama gildir um tröppurnar vestan við Brennuhólinn af Klifstúninu upp að kirkju. Innan við byggðina er tenging og göngustígur frá sumarhúsahverfinu við enda Borgabrautar og niður á gamla veginn, innan við byggðina á Kópnesbrautinni. Allar gönguleiðir þurfa að vera byggðar upp með öryggi fólks í huga, það þarf að halda þeim vel við og passa að þær falli vel að heildarmyndinni. Bekkir mættu vera víðar í þorpinu (Jón Jónsson 2024).

Götur innan verndarsvæðisins eru líka sérstakur kapítuli. Auðvitað eru malargötur án gangstétta hin sögulega rétta sviðsmynd, ef nálgast á upprunalega gerð og liðna tíma. En tímarnir hafa breyst og enginn sættir sig við slíkt lengur. Gamlar malargötur í þorpum eru orðnar fáséðar á Íslandi. Fyrir utan malbikun gatna, þarf að afmarka og merkja götur betur, skýra vegamót, merkja forgangsakstur og biðskyldu.

Mikilsvert væri ef hægt er að hægja með einhverjum hætti á umferðinni og draga úr henni á götum gamla bæjarins á Hólmavík. Mörg hús eru aðeins gangstéttarbreiddina frá götunni og stundum er ekið of greitt um þennan bæjarhluta. Stöku hús er meira að segja alveg upp við veginn, eins og Kópnesbraut 6. Þá þarf ekki annað en að hlaupið sé fyrir horn til að hætta skapist. Slíkt er auðvitað óásættanlegt.



Kópnesbraut 6, nýklætt, bílskúrin bíður niðurrifs

Til að draga úr slysaættu, er því hér lagt til að það verði skoðað alvarlega að gera ráð fyrir því í aðalskipulagi að færa aðal-götuna um gamla bæinn og upp á Borgabraut þannig að hún liggi frekar í kringum gamla bæinn, eftir Skjaldbökuslóð og þar sem gámasvæðið er nú, niður fyrir Höfða og síðan upp með Norðurfjörrunni og eftir Bröttugötu upp á Borgabraut. Með þeirri breytingu gæti hallinn í Bröttugötunni orðið ásættanlegur og undir þá götu sem myndi hækka við brekkuræturnar gætu komið hjóla- og göngugöng eftir Kópnesbrautinni. Auðvitað þyrfti þá um leið að hanna ásættanlega leið fyrir breytta vegtengingu við innanverða Kópnesbrautina, en það þarf raunar hvort sem er, vegna nálægðar Kópnesbrautar 6 við götuna. Ef ráðist yrði í þessa breytingu væri jafnframt hægt að lækka leyfðan hámarks-hraða um göturnar í gamla bænum.

Umhverfismál, umgengni og óspillt náttúra


Það hefur aðeins borið á því að umgengni á Hólmavík sé ekki nógu góð. Gera ætti alvarlega tilraun til að nýta verkefnið um verndarsvæði í byggð til að bæta umgengni um gamla bæinn og leggja jafnframt áherslu á almennar umhverfisbætur í þorp-inu öllu. Það á jafnt við á einkalóðum og almennum svæðum.

Vel mætti hugsa sér að leita eftir því við einstaklinga, fyrirtæki, félög eða stofnanir að þau taki ákveðin opin svæði eða sögutorg í fóstur og sinni þeim, jafnvel bæði uppbyggingu þeirra og um-hirðu. Sveitarfélagið þarf svo að tryggja heildarmyndina og fyrir ferðafólk þarf m.a. að passa vel upp á ruslatunnur, umhirðu þeirra, aðgengi að þeim og ásjón.

Varðveita ætti það sem eftir er af óspilltri náttúru innan verndar-svæðisins eftir því sem kostur er, innan um það manngerða landslag sem einkennir svæðið. Fjaran er til dæmis ekki lengur

náttúruleg á þessu svæði, uppfyllingar hafa verið gerðar á alla kanta, nema neðan við gamla bæinn á Kópnesi. Þar á nesinu er fjaran ennþá eins og hún var þegar kotbýlið Kópnes var byggt 1916. Þarna þarf bæði að vernda og varðveita fjöruna í sinni náttúrulegu mynd, en jafnframt að gera hana aðgengilega til útivistar.

Sama gildir um klettahöfðann við enda Höfðagötu sem þarf að vernda, klettana neðan við Borgabrautina og Brennuhólinn sem kirkjan stendur á.



Úr lögreglusamþykkt fyrir Hólmavík 1944

Verkefnið Verndarsvæði í byggð á Hólmavík



2. Verkefnið Verndarsvæði í byggð á Hólmavík

Árið 2021 fékk sveitarfélagið Strandabyggð veglegan styrk úr Húsafriðunarsjóði til að vinna að gerð tillögu um verndarsvæði í byggð á Hólmavík. Þetta tengdist verkefninu *Brothættir byggðir*, en þátttaka Strandabyggðar í því hófst 2020 og hafði yfirskriftina *Sterkar Strandir*.

Sveitarstjórn ákvað þá að senda inn umsókn í sjóðinn á grundvelli laga um verndarsvæði í byggð nr. 87/2015 og var Sigurður Lindal verkefnastjóri Sterkra Stranda fenginn til að ganga frá umsókn í umboði sveitarfélagsins. Sigurður vann þessa vinnu í samráði og samvinnu við Þorgeir Pálsson sveitarstjóra Strandabyggðar og Jón Jónsson þjóðfræðing og verkefnisstjóra hjá Rannsóknarsetri Háskóla Íslands á Ströndum – Þjóðfræðistofu. Umsóknin var send inn áður en umsóknarfrestur rann út 1. des. 2020 og í henni var miðað við að Rannsóknarsetrið á Ströndum myndi sjá um vinnuna við tillögugerðina að miklu leyti.

Styrkur fékkst fyrir verkefninu í heild sinni og gerðu Minjastofnun Íslands fyrir hönd Húsafriðunarsjóðs og sveitarfélagið Strandabyggð samning um verkefnið vorið 2021.

Um slík verkefni

Tillögur um verndarsvæði í byggð koma ávallt frá sveitarfélögum og vinna að þeim er venjulega styrkt af Húsafriðunarsjóði. Á grundvelli slíkrar styrkveitingar er svo unnið að heimildaöflun, húsakönnun og fornleifaskráningu, ef slíkar grunnskráningar liggja ekki fyrir. Síðan er gerð tillaga um verndarsvæði sem byggist á þessum gögnum. Hún er síðan

tekin fyrir og samþykkt af sveitarstjórn og lögð er fram til umsagnar. Síðan er brugðist við þeim ábendingum sem berast frá íbúum og öðrum. Að því loknu er fullbúin tillaga um verndarsvæði í byggð lögð fyrir það ráðuneyti sem fer með málaflokkinn. Minjastofnun Íslands veitir ráðgjöf við undirbúning tillagna og skilar einnig umsögn um afstöðu stofnunarinnar til tillögunnar til ráðherra sem síðan tekur ákvörðun í málinu.

Um verndarsvæði í byggð gilda lög nr. 87/2015 og reglugerð nr. 575/2016. Nánar má kynna sér margvíslegan fróðleik um verndarsvæði í byggð á vef Minjastofnunar Íslands: <https://www.minjastofnun.is/is/verndarsvaedi>. Þar eru skýrslur um önnur verndarsvæði einnig aðgengilegar.



Hólmavík á árunum 1938-1939. Öll húsin á þessari mynd sem enn standa eru umsagnarsagnarskyld samkvæmt lögum. Mörg þeirra eru þó þegar horfin, t.d. íbúðarhúsin í Norðurfjörrunni.

Samkvæmt lögunum ber sveitarstjórn skylda til, að loknum hverjum sveitarstjórnarkosningum, að meta hvort innan sveitarfélagsins sé byggð sem ástæða sé til að gera að verndarsvæði í byggð. Þá er einkum skoðað hvort taka eigi til umfjöllunar svæði innan bæja og þorpa, sem hafi svo mikið gildi hvað snertir varðveislu svipmóts og menningarsögu eða listrænt gildi, að ástæða sé að leggja til að hún verði vernduð sérstaklega. Sveitarstjórnir skulu einnig (lög nr. 87/2015, 4. gr.) endurmeta þau verndarsvæði sem í sveitarfélaginu eru eftir hverjar sveitarstjórnarkosningar, ákveða hvort breyta eigi mörkum þeirra eða breyta skilmálum sem um þau gilda.

Tilgangur verndarsvæða og áhrif

Tilgangur slíkra verkefna á landsvísu er fjölþættur. Fyrst og fremst snúast verkefnin um verndarsvæði í byggð um að stuðla að verndun afmarkaðrar byggðar innan þéttbýlis út af sögulegu gildi, svipmóti, menningarsögu eða listrænu gildi. Samþykkt slíkrar tillögu þýðir að ákveðnar kvaðir eru lagðar á framkvæmdir á því svæði sem skilgreint er sem verndarsvæði. Uppbygging á því er háð því að það svipmót og sögulega gildi sem ætlunin er að vernda haldist og styrkist, bæði við byggingarframkvæmdir og frágang á opnum svæðum.

Verndarsvæðið nær þannig til svæða í heild sinni, en ekki eingöngu til einstakra bygginga. Það eru ekki bara friðuðu húsinn sem skipta máli, heldur er verið að horfa á heildarmyndina, samhengi byggðarinnar og umhverfi húsanna. Götur og gangstéttir eru hluti af verndarsvæði, einnig torg og tún, almenningsvæði og opnir reitir. Settir eru skilmálar um ákveðnar aðferðir

og vinnubrögð og einnig um að heildarmynd og ásýnd svæðisins haldist við framkvæmdir.

Framkvæmdir eru alls ekki bannaðar innan verndarsvæða, en leyfisferli fyrir framkvæmdum er formfastara innan þeirra en utan. Í lögunum er beinlínis bannað að rýra varðveislugildi verndarsvæðis í byggð, þannig að allar framkvæmdir og uppbygging þurfa að samrýmast „svipmóti og hinni vernduðu menningarsögu á viðkomandi verndarsvæði“. Leyfi sveitarstjórnar þarf til að breyta og bæta, rífa eða fjarlægja mannvirki. Sveitarstjórn má ekki veita slíkt leyfi ef varðveislugildi verndarsvæðisins er „stefnt í hættu eða rýrt með hinni fyrirhuguðu framkvæmd“. Einnig er sveitarstjórn skylt að auglýsa fyrirhugaðar framkvæmdir og „veita almenningi og hagsmunaaðilum tækifæri til að koma sjónarmiðum og athugasemdum á framfæri við sveitarstjórn áður en ákvörðun er tekin um framkvæmdina“.

Jákvæðu áhrifin fyrir hverja byggð felast ennfremur í því að í tengslum við gerð slíkrar tillögu fer fram heilmikil heimildarannsókn um sögu byggðar og bygginga. Unnið er með gamlar ljósmyndir og jafnframt er lögskyldri grunnskráningu húsa og fornleifa sinnt, ef að slíkt hefur ekki farið fram áður. Yfirsýn sem næst við slíka vinnu er forsenda fyrir markvissri minjavörslu og verndun menningarlandslags og byggðar. Þessi grunnskráning á fornleifum, húsum og mannvirkjum er að sama skapi laga-skyld forsenda þess að hægt sé að samþykkja aðalskipulag og deiliskipulag, samkvæmt lögum um menningarminjar nr. 80/2012.

Öll húsinn á forsiðumynd þessa kafla, verslunarhús Verslunarfélagsins og fyrsta slátrunarhús þess, Eyfirðingabúð og Langiskúr eru nú horfin.

En hver er þá ávinningurinn af verndarsvæði á Hólmavík? Vinnan við það kemur í fyrsta lagi augljóslega að gagni við alla skipulagsvinnu. Í ferlinu verða til gögn sem eru nauðsynlegur grundvöllur slíkrar vinnu. Eins er líklegt að verndarsvæðið skipti máli fyrir húseigendur innan svæðisins sem hafa aukna möguleika á að sækja um stuðning úr Húsafriðunarsjóði til viðhaldsverkefna (sérstaklega eigendur aldursfriðaðra húsa). Í þeirri samkeppni um stuðning skiptir máli fyrir friðuð hús að vera staðsett innan verndarsvæðis.

Langtímaáhrif slíkra verkefna skipta þó enn meira máli, eins og dæmin sanna. Menningarsögulegur byggðarkjarni getur haft umtalsvert gildi fyrir sveitarfélag og íbúa þess. Ávinningur verkefnisins felst þannig m.a. í þeirri rannsókn- og söfnunarvinnu sem fram fer á heimildum um byggingarsögu og þróun þorpsins og myndefni sem tengist svæðinu. Sögu og sérstöðu er haldið til haga, hampað og miðlað.

Verndarsvæðið eykur líka vitund fólks um þau verðmæti sem felast í sögu svæðisins og þróun þorpsins, sögulegum byggingum og umhverfi þeirra. Við allar umbætur sem unnar eru til að efla heildarmynd, svipmót og sérstöðu þorpsins, styrkist ímynd svæðisins og að sama skapi eflist sjálfsmynd íbúa. Þar að auki næst oft árangur á tveimur mikilvægum sviðum í samtímanum, annars vegar við umhverfisbætur, umgengni og aukinni vitund um umhverfismál og hins vegar við að auka aðdráttarafl þorpa og bæja, hvort heldur sem er fyrir íbúa eða ferðafólk.

Sögulegt umhverfi hefur þannig bæði félagslegt og efnahagslegt gildi fyrir sveitarfélög og þéttbýlisstaði, það eykur lífsgæði íbúanna. Í tengslum við vel heppnað verkefni um verndarsvæði í byggð sem síðan er sinnt af alúð og natni, styrkist hlutverk

þorpsins og svæðisins sem áfangastaður fyrir ferðafólk og í tengslum við það skapast ný atvinnutækifæri. Miðbæjarkjarni styrkist og rannsóknir hafa sýnt að verðmæti fasteigna á slíkum svæðum eykst.

Í gerð tillögu um verndarsvæði felst þannig ekki bara verndun menningararfsins, heldur inniheldur slíkt verkefni jafnframt hugmyndavinnu og grunnhönnun, hvað varðar heildarmynd svæðisins til framtíðar. Þar er horft heildstætt á það svæði sem afmarkað er sem verndarsvæði og skoðað hvernig það getur haft jákvæð áhrif á byggðina í heild.

Ávinningur húseiganda og íbúa er því talsverður. Vinna við slíkt verkefni gagnast bæði húseigendum og stjórnendum sveitarfélagsins næstu áratugi við skipulagsvinnu, verndun, lagfæringar og fegrun húsa og umhverfis.



Hrólfsbraggi næst, Austurhús Kaupfélagsins og Höfði til hægri

Verkefnið *Verndarsvæði í byggð á Hólmavík* fór hægt af stað og ekki var gengið frá samningi milli sveitarfélagsins Stranda- byggðar og Rannsóknaseturs Háskóla Íslands á Ströndum um vinnuna fyrr en í maí árið 2022. Starfsmenn setursins, Eiríkur Valdimarsson og Jón Jónsson, höfðu þó áður farið á námskeið um gerð húsakannanna í samræmi við staðla Minjastofnunar Íslands sem Endurmenntun Háskóla Íslands hélt í Reykjavík haustið 2021. Eins var unnið að gagnaöflun veturinn 2021-22, hafist handa við rannsókn á þróun byggðarinnar og gert yfirlit um myndefni frá Hólmavík. Bæði var athugað hvað til var af myndum hjá söfnum á landsvísi og safnað afritum af ljós- myndum hjá fólki sem á gamlar myndir frá Hólmavík.

Eftir að samningur var undirritaður í byrjun sumars 2022 var síðan hafist handa við vinnu að húsakönnun og hefur Eiríkur Valdimarsson að mestu leyti séð um þann hluta verkefnisins. Einnig var unnið áfram að samantekt og sögulegu yfirliti um þróun byggðarinnar og uppbyggingu í þorpinu. Um leið voru einkenni og sérkenni byggðarinnar skoðuð, bæði hvað varðar umhverfi og aðstæður, en einnig atvinnulíf, mannlíf og menningu. Jón Jónsson sá að mestu leyti um þá vinnu við þennan verkþátt.

Helstu upplýsingaveitir við þessa vinnu eru margvíslegar sögu- legar heimildir sem kannaðar voru, bæði prentaðar og óprentaðar. Þar skipti mestu máli drög að húsakönnun fyrir alla Hólmavík sem Arinbjörn Vilhjálmsson arkitekt gerði á árunum 1997-2000 og *Hólmavíkurbók* Óla E. Björnssonar sem gefin var út 1990 þar sem fjallað er um sögu húsanna í þorpinu, bæði þeirra sem horfin eru og hinna sem enn standa. Eins kemur sögukaflinn *Lausakaupmennska á Skeljavík og Hólmavíkurbáttur*, í bók

Péturs Jónssonar frá Stökkum: *Strandamannabók*, að góðu gagni. Sá kafli var skrifaður 1942.

Það tafði vinnuna nokkuð að brunavirðingar úr Strandasýslu frá Brunabótafélagi Íslands hafa ekki fundist og það hefur vissulega háð vinnunni talsvert að ekki skuli vera starfandi Héraðsskjala- safn fyrir Strandasýslu, þar sem margvísleg gögn væru aðgengileg (Jón Jónsson og Eiríkur Valdimarsson 2023). Fasteignamat frá 1916-18 sem varðveitt er á Þjóðskjalasafni kemur að góðum notum, en það hefur verið birt í heild sinni fyrir Hólmavík í bókinni *Strandir 1918* (Jón Jónsson 2020: 92-99). Með rannsókn á dagbók Halldórs Jónssonar frá Tindi í Miðdal við Steingrímsfjörð frá árunum 1895-1912 tókst einnig að staðfesta og leiðrétta byggingarár nokkurra af fyrstu húsunum í þorpinu með fremur óhefðbundnum hætti.

Á haustmánuðum 2023 fundust síðan mikilvægar heimildir fyrir vinnuna við húsakönnun í eldri hluta Hólmavíkur. Hér er um að ræða úttektarbækur hreppstjóra Hrófbergshrepps, allt frá því á síðari hluta 19. aldar. Þær eru færðar í tengslum við úttektir á húsum og jörðum eftir byggingu þeirra eða við lok leigutíma og skiptu máli í tengslum við álagningu fasteignaskatts. Tvær slíkar bækur frá tíma Hrófbergshrepps voru varðveittar á Þjóðskjalla- safni Íslands (og ná til ársins 1943), en höfðu ekki verið skráðar sérstaklega fyrr en farið var að leita að gögnum hjá safninu í tengslum við húsakönnunina. Þær eru þó gloppóttar og hús- byggingar á Hólmavík vantar að mestu í þá fyrri sem nær frá 1887 til 1920 (*Úttektarbók* 1888). Hins vegar eru margar úttektir frá 1925-42 í þeirri síðari (*Úttektarbók* 1925). Eins fundust í skjalasafni sýslumanns Strandamanna úttektir á fjórum húsum á Hólmavík sem gerðar voru 18. júní 1904: Íshúsi Riis, Verslunar- og vörugeymsluhúsi Verslunarfélags Steingríms- fjarðar, Stöðinni og Læknisbústaðnum. Þrjú þessara húsa eru

reist 1903, en ekki hefur verið vitað nákvæmlega um byggingu íshússins (Skjalasafn sýslumanns, B-33).

Þá barst Rannsóknarsetrinu ein slík úttektarbók sveitarfélagsins til viðbótar, frá fyrstu árum Hólmavíkurhrepps eftir að Hrófbergshreppi var skipt í tvennt. Sú bók nær frá 1943 og fram undir 1960. Hún kom frá íbúa í sveitarfélaginu sem sagðist hafa fengið hana hjá manni sem hirti hana úr rusli fyrir áratugum. Viðkomandi hafði síðan geymt bókina heima hjá sér, allt þar til viðkomandi heyrði lýst eftir brunavirðingabókum og öðrum heimildum um húsin í þorpinu á opnum íbúafundi í tengslum við verndarsvæðisverkefnið. Bókinni verður skilað á Þjóðskjalasafn.

Sjálf tillögugerðin um verndarsvæði í byggð á að byggja á þremur grunnþáttum: Fornleifaskráningu, húsakönnun og

heimildarannsókn. Hvert af þessu er síðan stutt með vettvangsathugun og viðtalsrannsóknnum eftir þörfum.

Fornleifaskráning á fyrirhuguðu verndarsvæði er þannig ein af forsendunum fyrir því að leggja fram tillögu um verndarsvæði í byggð. Sveitarfélagið var ótrúlega lánsamt með tímasetningar að þessu leyti, því Minjastofnun Íslands hefur gjarnan unnið verkefni með þeim sveitarfélögum sem taka þátt í verkefninu *Brothættar byggðir*. Í Strandabyggð varð niðurstaða sveitarfélagsins og Minjastofnunar að teknar yrðu til skoðunar þrjár jarðir í nágrenni Hólmavíkur. Þær eru að hluta eða öllu leyti í eigu sveitarfélagsins og voru skoðaðar með grunnskráningu fornleifa í huga og einnig framtíðarhugmynda um tengingu fornleifa og menningarminja og gönguleiðanets í nágrenni Hólmavíkur. Þessar jarðir eru Víðidalsá, Skeljavík og Kálfanes. Með því að síðastnefnda jörðin væri hluti af þessu verkefni varð



skráning og skoðun fornleifa innan þorpsins og þar með verndarsvæðisins að veruleika.

Fornleifadeild Byggðasafns Skagfirðinga tók þetta verkefni að sér fyrir Minjastofnun Íslands sem bar kostnað af þessari grunnrannsókn. Það voru Brenda Prahal fornleifafræðingur og Ylfa Leifsdóttir nemi í fornleifafræði sem mættu á Strandir í september 2022 og unnu að rannsókn á vettvangi í tæpa viku. Jón Jónsson og Eiríkur Valdimarsson hjá Rannsóknarsetri Háskóla Íslands á Ströndum tóku virkan þátt í undirbúningi fyrir þessa vettvangsvinnu, sögðu til og bentu á líklegar fornminjar, eftir því sem vitsmunir þeirra og þekking leyfðu.

Ekki náðist að klára skýrslu um fornleifarannsóknina veturinn 2022-2023, m.a. vegna þess að Brenda Prahal hætti störfum hjá Byggðasafni Skagfirðinga. Auk þess þótti nauðsynlegt að bæta við nokkurri vettvangsvinnu til að skoða ákveðna staði betur og nokkra til viðbótar eftir að fyrsta uppkast að skýrslu hafði verið gert. Þessi vinna fór fram í maí árið 2023 og var sú athugun gerð af Ástu Hermannsdóttur, Bryndísi Zoega fornleifafræðingi og Ylfu Leifsdóttur.

Skýrslan um þetta fornleifaverkefni var svo gefin út í heild sinni árið 2024 og lásu Jón Jónsson og Eiríkur Valdimarsson hana yfir í lokaferlinu. Niðurstöðurnar koma að góðum notum fyrir vinnuna að verndarsvæðinu og verkefnið og þessi stuðningur Minjastofnunar Íslands hefur þannig margfaldan ávinning fyrir sveitarfélagið.

Samráð

Samráð við íbúa skiptir miklu máli fyrir tillögu um verndarsvæði í byggð. Því er lögð áhersla á samráð við þá og aðra sem hagsmuna eiga að gæta. Þegar íbúar eru meðvitaðir um gerð

tillögunnar er líklegra að það skapist skilningur á listrænu og menningarsögulegu gildi byggðarinnar og almenn sátt verði um þessar verndun. Slíkt er mikilvægt því íbúar og húseigendur eru auðvitað lykilaðilar við verndun, með viðhaldi á húsum sínum og mannvirkjum.

Fyrsti íbúafundur í verkefninu var haldinn á Hólmavík 30. júní 2022. Staðsetningin var á Kaffi Galdri á Galdrasýningunni á Ströndum sem er til húsa í tveimur pakkhúsum Verslunarfélags Steingrímsfjarðar frá því um 1930. Þar var verkefnið kynnt af Jóni Jónssyni þjóðfræðingi sem jafnframt fjallaði um slík verkefni á landsvísi og væntanlegan ávinning af vinnunni á Hólmavík. Alls mættu 18 einstaklingar á fundinn og ágætar umræður urðu um gömlu húsin í bænum, byggingarár og byggingarsögu, og gildi verkefnisins almennt. Vikurnar eftir fundinn komu einnig einstaklingar í kaffisþjall um verkefnið með þjóðfræðingunum í Þróunarsetrinu á Hólmavík, eins og boðið hafði verið upp á.



Verkefnið var síðan aftur kynnt með fyrirlestrum Jóns og Eiríks Valdimarssonar á opnu Vísindakaffi. Sá viðburður var haldinn í Hnyðju á Hólmavík fimmtudaginn 29. sept. 2022. Yfirskriftin var *Vísindakaffi: Gömlu húsin á Hólmavík og heildarmynd þorpsins*. Þar var aftur sagt frá einstökum húsum á Hólmavík, rætt um horfin hús og önnur uppistandandi, auk þess sem sagt var frá rannsóknum þjóðfræðinganna á sögu Hólmavíkur. Allt þetta var fléttað saman við kynningu á verkefninu um verndarsvæði í byggð á Hólmavík. Sýndar voru margar gamlar myndir, spjallað um sögu og þróun þorpsins og boðið upp á vísindakaffi. Um þrjátíu manns mættu á þennan viðburð, enda eru íbúar vanir að mæta ágætlega á árlegt Vísindakaffi í heimabyggð á vegum Rannís og Rannsóknaseturs HÍ á Ströndum.


Samráð við sveitarfélagið hefur einkum farið fram í gegnum formann *Umhverfis- og skipulagsnefndar* Strandabyggðar, Matthías Sævar Lýðsson. Einnig var formleg kynning á fundi með Umhverfis- og skipulagsnefnd Strandabyggðar þann 12. desember 2022. Boðið var upp á umræður og athugasemdir á fundinum, en einnig í framhaldi af honum og óskað eftir að nefndin kæmi athugasemdum sínum til skila innan mánaðartíma. Skilaði það ágætum heimsóknum frá tveimur nefndarmönnum í framhaldi fundarins og spjalli við þá. Engin formleg svör eða tillögur bárust þó frá nefndinni eða sveitarstjórn.

Á sama tímabili og unnið hefur verið að verkefninu um verndarsvæði í byggð hefur verið í gangi vinna við endurnýjun Aðal-skipulags í Strandabyggð, en nógildandi skipulag er fyrir árin 2010-2022. Samráð hefur verið þarna á milli, en hægt gekk þó að koma á samráðsfundi. Formlegur netfundur var haldinn með þeim sem vinna að verkefninu hjá Landmótun og Matthíasi Lýðssyni formanni US-nefndar þann 5. október 2024 og í kjölfarið hefur Rannsóknasetrið m.a. veitt Landmótun upplýsingar um aldursfriðuð og friðlýst hús á svæðinu.

Hugmynd um að setja upp ljósmyndasýningu á gömlum myndum frá Hólmavík sem lið í kynningu fyrir íbúa, hefur ekki komist til framkvæmda, en er enn á dagskrá.

Samhliða því að fornleifaskráning og húsakönnun liggur fyrir var svo gengið frá endanlegri tillögu. Framundan er þá kynningarfundur fyrir íbúa og síðan formlegt kynningarferli á tillögunni eftir að sveitarstjórn hefur fjallað um hana. Að sjálfsögðu verður fjallað um athugasemdir og tillögur sem berast og brugðist við og síðan tekur við formlegt samþykktarferli sveitarstjórnar, áður en tillagan er send til þess ráðuneytis sem fer með málaflokkinn.

Fornleifar



3. Fornleifar


Gerð tillögu um verndarsvæði í byggð byggir á þremur grunnstöðum. Þetta eru grunnskráning fornleifa, rannsókn á margvíslegum skriflegum heimildum og húsakönnun. Hér í þessum kafla verður hugað að fornleifum á svæðinu.

Eldri heimildir, sögur og sagnir

Hólmavíkur er ekki getið oft í fornum ritum. Í ritgerð frá því um aldamótin 1600 eftir Jón lærða Guðmundsson, sem átti afa í Kálphanesi og dvaldist þar og á Ósi sem ungur maður, er þó saga um Árnaklakk, hólmann sem Hólmavík dregur nafn af. Þar segir að hann sé nefndur eftir bóndasyni í Kálphanesi sem átti að hafa synt út í klakkinn eftir æðareggjum, en stórselir hafi þá komið aðvífandi og ráðist á hann. Árni hafi þó komist upp í fjöru þar sem hann dó af sárum sínum (*Safn til sögu Íslands* III, 707).

Í ferðabók Ólafs Olavíusar, frá síðari hluta 18. aldar, er svo fyrst bent á hversu gott hafnarstæði er í Hólmavík. Ólafur taldi brýna nauðsyn á að koma á laggirnar föstum verslunarstað við Steingrímsfjörð og stingur upp á Skeljavík eða Hólmavík, og telur að sú síðarnefnda sé á ýmsan hátt heppilegri. Þar séu betri húsa-stæði og staðhættir til afgreiðslu skipa auk þess sem þar sé betra vatnsból (Ólafur Olavíus 1964; 264).

Ólafur lýsir aðstæðum vandlega og segir meðal annars að í botni víkurinnar sé sandfjara og þar upp af slétt og grasi gróið. Þarna fann hann leifar af völundarhúsi, tveimur kringlóttum eldstæðum og fimm húsatóttum. Ólafur taldi mannvirkin vera eftir erlenda kaupmenn sem hefðu rekið verslun í Hólmavík.



Völundarhúsið er án vafa merki-legast af mannvistarleifunum sem Ólafur nefnir. Það virðist miðað við kort sem hann gerði en býsna erfitt er að ráða í, hafa verið staðsett við Klifið, kannski um það bil þar sem húsið á Hafnarbraut 31-33 stendur nú (Ólafur Olavíus 1965: 258).

Heimildir um örfá önnur völundarhús á Íslandi eru varðveittar. Þau

eru öll í Vestfirðingafjórðung og er talið að erlendir verslunarmenn hafi gert sum þeirra og þau hafi verið notuð til leikja. Leikurinn hefur hugsanlega verið fólgin í að komast sem hraðast inn að miðju og út aftur án þess að stíga yfir vegg eða detta. Aðrir halda að þau tengist trúarhugmyndum. Völundarhúsin byggjast á sammiðja hringjum sem eru gerðir með lágum veggjum, hlöðnum úr torfi eða grjóti. Völundarhúsin eru talin eiga rætur í menningu fornþjóða við austanvert Miðjarðarhaf (Lúðvík Kristjánsson 1985, 216-18; P.E. Kristian Kálund 1985, 220-1). Það væri vel þess virði að endurgera völundarhús á vel völdum stað á Hólmavík til að minna á þessa frásögn.

Á 19. öld stóðu beitarhús Kálphanesbænda yst á Hólmarifinu, þar sem bændur nýttu fjörubeitina. Enginn veit hversu lengi slík hús hafa verið þarna við klettahöfðann. Heimildir eru um að vegna ferða sauðamanna hafi verið vörðuð leið yfir Borgirnar fyrr á öldum, grjótvörður þvert yfir Brandskjólin, en svo vörður úr torfi yfir Kálphanesflóann. Ekkert sést af þeim lengur.

Upp af Sandskeri sem er framundan vestari tanganum sem afmarkar Hólmavíkina og þar utan við, sjást hins vegar greinilega rústir af smábátahrófum og í hvammi sem snýr að Skeljavík, á milli Sandrifsins og óss Kálphaneslækjar, var í byrjun 20.

aldar sjáanleg tóft eftir húskofa þar sem Kálfanesbændur geymdu í verslunarvarning, en eftir miðja 19. öld og fram undir aldamótin 1900 komu skip spekúlanta og versluðu á Skeljavíkinni. Var þá verslað úti í skipunum.

Upphaf búsetu í Hólmavík

Áður en Hólmavíkurborg varð til var um tíma þurrabúðarlóð í vestanverðri Hólmavík. Þar bjuggu Ásgeir Snæbjörnsson og Elínborg Gísladóttir sem settust að á Hólmavík árið 1878 og höfðu viðurværi sitt einkum af sjósókn. Bærinn stóð í litlum hvammi skammt utan við lækjarsytru sem heitir Gulllækur og fellur til sjávar á milli húsanna Hvols (Hafnarbraut 1) sem enn stendur og Litlu-Hellu þar sem hún stóð á litla tanganum neðan við veginn. Hvoll ætti að standa á svipuðum stað og þessi fyrsti bær sem sögur fara af í Hólmavíkinni (Óli E. Björnsson 1990: 76). Ásgeir hafði uppsátur fyrir innan tangann sem Litla-Hella stóð síðar á, en Litla-Hella var brennd 1998 og sjást nú engin merki lengur um það hús. Ásgeir og fjölskylda fluttu síðan árið 1883 að Ytri-Ósi, en á árunum 1881-82 voru Halldór Einarsson og Þórdís Snæbjörnsdóttir, systir Ásgeirs, einnig talin til heimilis á Hólmavík (Sóknarmannatal, Staður í Steingrímsfirði, 1864-1880; Sóknarmannatal, Staður í Steingrímsfirði, 1883-1891).

Sama ár og Ásgeir og Elínborg fluttu frá Hólmavík fluttu Sigurður snikkari og kirkjusmiður Sigurðsson og Guðrún Jónsdóttir frá Felli í Kollafirði að Kálfanesi og áttu heima þar eitt ár. Síðan fluttu þau 1884 niður í höfðann, dálítið innan við Sandsker, neðan við húsin sem nú standa í Austurtúni, og utan við Sýslumannshúsið. Þau keyptu hús Ásgeirs og Sigurður reif það og endurbyggði á túnbletti sem Ásgeir hafði byrjað að rækta. Þarna bjuggu þau í fjögur ár og þar fæddist sonur þeirra hjóna,

Stefán skáld frá Hvítadal, í október 1887. Minnisvarði um Stefán var reistur nærri fæðingarstað hans árið 1990. Hann er þó ekki fyrsti innfæddi Hólmvíkingurinn, eins og sums staðar hefur sést á prenti, því að minnsta kosti fjögur börn Ásgeirs og Elínborgar voru áður fædd þarna í víkinni og einnig Sigurjón eldri bróðir Stefáns (Sóknarmannatal, Staður í Steingrímsfirði, 1883-1891; Prestþjónustubók, Staður í Steingrímsfirði, 1865-1895). Varðveitt er úttekt frá því þegar Sigurður skilar jarðarpartinum árið 1888 (Úttektarbók 1888).



Minnisvarði um Stefán frá Hvítadal á fæðingarstaðnum

Þessi búseta í Hólmavík telst þó varla upphaf þorpsins sjálfs, því þau fluttu þaðan áður en fyrst var farið að byggja verslunarhús á Tanganum árið 1895. Eðlilegt er að miða upphaf þorpsins við það ár. Hólmvíkingar héldu þó upp á 100 ára afmæli byggðarinnar með miklum glæsibrag árið 1990, en það ártal

miðaðist við að þá voru liðin 100 ár frá því að Danakonungur gaf formlega út verslunarleyfi fyrir Hólmavík sem verslunarstað.

Fornleifarannsókn – niðurstöður

Fornleifarannsókn var unnin á jörðunum Kálphanesi, Skeljavík og Víðidalsá, haustið 2022 og vorið 2023. Að skoðun og skráningu á vettvangi störfuðu þær Brenda Prehal, Bryndís Zoëga og Ylfa Leifsdóttir frá fornleifadeild Byggðasafns Skagfirðinga sem unnu rannsóknina í samstarfi við heimafólk. Vinnan var unnin með góðum stuðningi frá byggðapróunarverkefninu Sterkar Strandir. Ásta Hermannsdóttir vann síðan að skýrslugerðinni, en niðurstöðurnar voru birtar í skýrslu númer 257 árið 2024. Skýrslan var síðan uppfærð í febrúar 2025 og fylgir tengill á þá skýrslu sem viðauki. Nýlokið er við að færa afrakstur skráningarinnar inn á Minjavefsjána á vef Minjastofnunar Íslands.

Fornleifaskráningin tekur til þeirra minja er enn sjást á yfirborði eða þar sem staðsetning jarðlægra horfinna minja er þekkt. Þess ber að geta að minjar geta leynst undir yfirborði þótt þær sjáist ekki ofanjarðar og því fer víðs fjarri að allar staðsetningar slíkra séu þekktar, jafnvel eftir grunnskráningu. Þar sem fornleifar koma óvænt í ljós ber ávallt að tilkynna fundinn til Minjastofnunar sem ákvarðar um frekari aðgerðir til björgunar, rannsókn eða verndar minjunum.

Í rannsóknarskýrslunni kemur fram að minjar í Kálphanesi, Skeljavík og á Víðidalsá séu almennt vel varðveittar, þrátt fyrir að einhverjar minjar hafi orðið fyrir raski líkt og þekkist á mörgum nytjajörðum. Í skýrslunni eru þessum sýnilegu minjum og minjaheildum lýst, og sérstaklega fjallað um þær minjar sem skýrsluhöfundar telja að gætu komið að gagni í framtíðinni til

fræðslu, upplifunar og nefna minjar sem standa nærri göngu-leiðum. Það var í og með markmið verkefnisins.

Ljóst er að lítið er um sýnilegar fornleifar innan fyrirhugaðs verndarsvæðis. Eitthvað af þeim hefur augljóslega lent undir byggðinni, húsum og götum. Engin ummerki sjást til dæmis um völundarhúsið og búðir kaupmanna sem sagt er að hafi ennþá verið sýnileg á Hólmarifinu á 18. öld, þegar Ólafur Olavíus var þar á ferðinni að leita að heppilegu hafnarstæði við Steingrímsfjörðinn.



Grjóthlaðinn grunnur á Kópnesi – mynd úr Fornleifaskráningu

Gamlar hleðslur eru þó enn sjáanlegar við Höfðann, þar sem beitarhús Kálphanesbænda stóð frá því snemma á öldum. Húsin sjálf sjást á fyrstu ljósmyndum frá því fyrir aldamótin 1900 og

eru ennþá sýnileg á myndum fram undir 1920. Minjar um Langa-skúr, ef einhverjar eru, hafa lent undir steyptri götunni framan við Riis-húsið. Hleðsla af útihúsi sem óljóst er um aldur á er uppi undir klettum fyrir neðan húsið og garðinn á Borgabraut 2 og aðeins sjást örlítil merki í Brennuhólnum um grjótgarðinn mikla sem var í kringum Jónstún frá því fyrir aldamótin 1900 og fram undir 1930. Þau eru í brekkunni upp að kirkjunni, frá Hafnarbrautinni.



Minjar og tóftir í kringum gamla bæinn á Kópnesi eru friðaðar, eins og öll önnur mannanna verk í náttúrunni sem hafa náð 100 ára aldri og sama gildir um Kópnesbæinn sjálfan. Raunar ætti helst að friðlýsa allt Kópnesið fyrir öðrum framkvæmdum en endurgerð gömlu húsanna.

Rétt innan verndarsvæðisins, í brekkunum ofan við veginn inn með sjónum að Ósi, eru aldursfriðaðar minjar, matjurtagarðar. Þessar minjar eru innan svæðis þar sem nýlega var breytt

skipulagi fyrir byggingu smáhýsa. Nauðsynlegt er að leita álits Minjastofnunar Íslands um þetta svæði og tryggja að öll leyfi liggi fyrir áður en ráðist er í framkvæmdir. Að minnsta kosti þarf að kortleggja og ljósmynda þessar minjar vandlega, ef ákveðið verður að spilla þeim. Eins má minna á að stutt er þangað til sjálfur vegurinn inn með sjónum að Ósi sem var gerður á árunum 1927-1928 nær að uppfylla 100 ára regluna um aldursfriðaðar fornminjar. Því er sjálfsagt að hlífa honum sem mest, þótt hann verði áfram notaður sem göngustígur á þessu útivistarsvæði (sbr. Arinbjörn Vilhjálmsson 2000: 31).

Sama gildir um gamla veginn inni í þorpinu yfir Baunaklifið, neðan til í Brennuhólnum sem kirkjan stendur á. Þarna var hestagötu breytt í akveg sem lá yfir Klifið og milli húsanna Hafnarbrautar 16 og 29, í kringum 1928. Þetta var aðalvegurinn, áður en uppfylling var gerð þarna neðan við og nýr vegur á sjöunda áratugnum. Það stýttist líka í að þessi gamli vegur falli undir aldursfriðun og 100 ára regluna sem gildir áfram um fornminjar, þótt reglan um aldursfriðuð hús hafi verið fest við árið 1923. Sjálfsagt er að hlífa þessari gömlu vegagerð og nýta fyrir göngustíg, enda er þaðan gott útsýni yfir hafnarsvæðið og bekk hefur verið komið fyrir þarna fyrir fólk sem vill staldra við og njóta útsýnis.

Alls voru skráðar 339 minjar í þessum athugunum á jörðunum þremur og því ljóst að þessi rannsóknarvinna og grunnskráning hefur aukið til verulegra muna þekkingu okkar á búsetu og athöfnum fólks fyrr á öldum á svæðinu. Mikilvægt er að ítreka að þessi fornleifaskráning og skýrsla ætti að vera mikilvæg heimild fyrir sveitarstjórnir og skipulagsyfirvöld framtíðarinnar, þegar kemur að ýmsum ákvörðunum varðandi framtíðaruppbyggingu á svæðinu. Hvort sem það verður á skilgreindu verndarsvæði í byggð eða utan þess.

Saga og þróun þorpsins



4. Saga og þróun þorpsins

Saga þorpsins á Hólmavík er ekki löng. Fyrsta húsið sem tengist myndun þorpsins var reist á Tanganum 1895 og tveimur árum síðar bættist Riis-húsið við. Á tanganum voru þá fyrir fjárhús og hlaða við Höfðann, beitarhús Kálfanesbænda um aldir.

Elsti hluti Hólmavíkurkauptúns stendur á Tanganum eða Hólmarífinu, en frá því að verslun hófst 1895 á Hólmavík og fram til 1930 voru allar byggingar í þorpinu reistar þar. Fremst á tanganum er dálítill klettahaus sem heitir Höfði. Þar fram af var hólmi sem var kallaður Árnaklakkur og mjótt sund á milli hans og lands. Af þessum hólma hefur víkin fengið nafn. Nú er hólminn landfastur og aðeins sýnilegur að hluta, því 1948 var byggður grjóttgarður frá honum til lands og síðar var gerð þar smábátabryggja. Einnig er nú komin uppfylling framan við klettahausinn Höfða, þannig að hann stendur ekki lengur út í sjóinn eins og hann gerði áður, og alla leið frá smábátabryggjunni að hafskipahöfninni.

Verslunarstaður verður til

Þann 3. janúar 1890 varð Hólmavík löggiltur verslunarstaður með konungsbréfi, en verslun sem rekin var í skipum spekulanta hélt þó áfram í Skeljavík fyrstu árin. Sumarið 1894 auglýsti kaupmaðurinn R.P. Riis að hann myndi ekki versla oftar á Skeljavík og var þá gengið í að fá kaupmann til að hefja fasta verslun á Hólmavík.

Haustið 1895 var mæld út lóð og sama ár hóf Björn Sigurðsson, kaupmaður í Skarðsstöð á Skarðsströnd í Dalasýslu, verslun í bráðabirgðaskúr sem var hvorttveggja verslun og vörugeymsla.

Skúrin var kallaður Langiskúr, en hann var rifinn fyrir miðja síðustu öld. Sama haust lét Riis mæla út byggingarlóð á Hólmavík og Björn hefur kannski ekki treyst sér í samkeppni við kaupmanninn Riis, því hann seldi honum verslunina um næstu áramót (Sigvaldi Guðmundsson 1980: 85; Arinbjörn Vilhjálmsson 2000: 11). Fyrstu sumrin var aðeins verslað yfir sumartímann en Riis lét síðan byggja vandað timburhús sem var allt í senn sölubúð, skrifstofa og íbúð handa verslunarstjóra árið 1897. Upp frá þessu var fastaverslun og föst íbúabyggð á Hólmavík (Arinbjörn Vilhjálmsson 2000: 11). Riis-húsið stendur enn og er elsta uppistandandi hús Hólmavíkurkauptúns, en þar er í dag rekinn veitingastaður.



Verslunarfélag Steingrímsfjarðar, sem var forveri Kaupfélagsins, var svo stofnað 29. desember 1898 og var fyrstu starfsárin pöntunarfélagsskapur frekar en verslun. Guðjón Guðlaugsson alþingismaður og bóndi á Ljufustöðum í Kollafirði og síðar Kleifum við Steingrímsfjörð var fyrsti formaður stjórnar og

framkvæmdastjóri til 1919. Frá 1907-1919 bjó Guðjón á Hólmavík og var umsvifamikill við margvíslega uppbyggingu.

Fyrsta hús kaupfélagsins var vöruskúr sem var reistur 1899, en verslunarhús söludeildarinnar voru reist 1902. Uppbygging á vegum Verslunarfélags Steingrímsfjarðar sem síðar fékk nafnið Kaupfélag Steingrímsfjarðar varð nokkuð hröð, en húsakostur félagsins og heimildir um það urðu eldi að bráð í stórbruna í september 1931. Aðeins vesturhúsið stóð eftir í fjörunni, nýlega steyp. Kaupfélagsstjórinn flutti í Hrólfsbragga með fjölskyldu sína og ný hús voru fljótlega reist: sláturhús 1932, fiskvöskunarhús (Austurhúsið) 1933 og 1934, nýtt verslunarhús og íbúð 1934 og kjötfrystihús 1936 (Sigvaldi Guðmundsson 1980: 89-92). Eignir og húskostur Riis verslunar var svo keyptur 1937. Starfsemi Kaupfélags Steingrímsfjarðar varð eftir þetta mjög áberandi á Hólmavík og allt að því allsráðandi í atvinnulífi á staðnum út 20. öldina.

Fram undir 1925 fjölgaði fólki hægt og sígandi á Hólmavík. Síðan tók íbúum og byggingum í kaптúninu að fjölga að ráði. Árið 1916 voru 8 íbúðarhús á Hólmavík en síðan bættist við svo sem eitt á ári, þangað til á fjórða áratugnum, en þá voru byggð 25 hús. Árið 1918 bjuggu 69 manns á Hólmavík, en árið 1930 voru íbúarnir orðnir 161. Þá höfðu nokkrir iðnaðarmenn sest að í þorpinu og eins fluttist þangað sveitafólk sem hætti búskap.

Á þriðja til sjötta áratug aldarinnar, einkum eftir 1940, fjölgaði fólki mjög á Hólmavík en um það leyti bötnuðu atvinnuskilyrði mjög með vaxandi útgerð. Atvinna í þorpinu hefur síðan að langmestu byggst á sjávarafla. Útgerð og fiskvinnsla jókst smátt og smátt.

Þjónustuborpið

Bréfhirðing hófst á Hólmavík strax með Riis-húsi 1897. Læknir kom svo til Hólmavíkur árið 1903 þegar Guðmundur Scheving læknir flutti frá Smáhömrum í Kirkjubólshreppi og byggði sér þar hús. Árið 1911 var fjögurra rúma sjúkraskýli tekið í notkun á Hólmavík, sambyggt við læknisbústaðinn. Símtöð var sett upp 1908 en símalína var lögð yfir Steingrímsfjarðarheiði þá um sumarið (Pétur Jónsson 1949: 175-176).

Fyrsta skólahald á Hólmavík fór fram í skúr í eigu Verslunarfélags Steingrímsfjarðar veturinn 1910-11. Guðjón Guðlaugsson hafði látið þilja hann, svo úr varð vistleg stofa. Fyrsti kennari á staðnum var Kristinn Benediktsson sem hafði útskrifast vorið áður frá Kennaraskóla Íslands og skólabörnin voru ellefu. Árið 1913 var síðan lokið við byggingu skólahúss, sem auk þess gegndi öllum þörfum hreppsþúa um samkomuhald í hátt á fjórða áratug. Skólinn varð fljótlega þinghús hreppsins, en þingstaðurinn fluttist 1914 frá Hrófbergi. Um svipað leyti var farið að sýna leiksýningar í skólahúsinu (Óli E. Björnsson 2000: 29-32; Jóhann Hjaltason 1972: 14-15). Póstafgreiðsla var svo lögskipuð á Hólmavík 1914 og var þá fyrst í Steinhúsinu.

Rafstöð fyrir Hólmavík, knúin með olíu, var gangsett 1920 og rekin af Rafveitufélagi Hólmavíkur. Aflvélin var 6 ha Bolinder (Óli E. Björnsson 1990: 137-9). Rafmagnið frá Þverárvirkjun kom svo til Hólmavíkur 1953 og gjörbreytti daglegu lífi og möguleikum í atvinnulífi.

Sýslumaður Strandamanna sat á Hólmavík frá 1938 og þar til embættið var lagt af fyrir fáum árum. Fyrr á öldum hafði hann aðsetur sunnar í sýslunni – lengstum á Felli í Kollafirði og Bæ í Hrutafirði, en einnig á Broddanesi, Borðeyri og Óspakseyri.

Helstu atvinnuvegir Hólmvíkinga hafa í gegnum tíðina verið þjónusta, verslun og síðan auðvitað sjávarútvegur, en landbúnaður og þá sérstaklega sauðfjárbúskapur hefur einnig verið blómlegur allt í kringum byggðarlagið. Á undanförunum árum hefur ferðaþjónusta farið vaxandi og í dag er margvísleg þjónusta langstærsta atvinnugreinin.

Strax um aldamótin 1900 voru byggðar tvær trébryggjur á Hólmavík, Riisbryggja og Kaupfélagsbryggja. Á myndum frá fyrstu áratugum byggðar á Hólmavík má oft sjá miklar timburgrindur þar sem saltfiskur hefur verið sölpurkaður og eru þær víða milli bygginga á Tanganum. Seinna bættist bryggja Hjalta Steingrímssonar við, í kringum 1923, og var með svipuðu sniði.

Hafskipabryggja úr rekaviði af Ströndum var svo byggð árið 1936 utan við Klifið og breytti atvinnulífinu talsvert og eflði sjósókn og fiskvinnslu. Síldarplön voru reist á Hólmavík og ýmis konar fyrirtækjarekstur verið prófaður, eins og í öðrum þorpum af svipaðri stærðargráðu. Um leið og hafskipabryggjan var gerð og smíðaður stór vinnupallur úr timbri meðfram landi frá bryggjunni og að Klifinu. Þar var síld söltuð allmörg næstu ár, stundum í stórum stíl. Fyllt var upp fyrir austan vinnupallana 1950 og ný bryggja gerð meðfram þeirri gömlu á árunum 1969-72 enda var sú gamla sem gerð hafði verið úr rekaviði nær ónýt. Þá var einnig gerð bátabryggja. Umfangsmiklar uppfyllingar í eystri hluta víkurinnar hafa svo verið gerðar á síðustu áratugum og útbúin þar smábátahöfn.

Hólmavík varð þannig fljótlega útgerðar- og sjávarþorp ofan á það að vera verslunarmiðstöð, en sá menningararfur er mikilvægur og eitt af því sem að ferðamönnum finnst heillandi við þéttbýlisstaði á Íslandi.



Fiskleysi í Steingrímsfirðinum og Húnaflóa varð vaxandi vandamál á sjötta og sjöunda áratugnum og sjómenn leituðu í auknum mæli suður á bóginn yfir vetrarvertíðina. Hólmvíkingar fengu síðan úthlutað togara, Steingrími trölla, árið 1959, en það ævin-týri stóð aðeins í þrjú ár. Þessu vandræðatímabili í byggðapróun þorpsins linnti ekki fyrr en rækjuveiðar hófust af krafti í Steingrímsfirði en vinnslu á rækju var fyrst komið á árið 1965. Mjög fá íbúðarhús voru byggð á þessu tímabili, frá 1950 og allt þar til líða fór á áttunda áratuginn.

Rækjuveiðar og vinnsla urðu ráðandi þáttur í atvinnulífinu og entist vinnslan talsvert lengur en veiðarnar sem lögðust af snemma á 21. öldinni. Til skamms tíma var starfandi á Hólmavík ein af örfáum rækjuvinnslum á landinu og byggði starfsemi sína á innflutningi rækju, vinnslu hennar og sölu úr landi að nýju. Rækjuvinnslan var rekin undir nafninu Hólmadrangur og var lengi stærsti vinnustaðurinn á Hólmavík. Þeirri starfsemi lauk vorið 2023, þegar Samherji sem þá átti vinnsluna lagði hana niður.



Togarinn Hólmadrangur í heimahöfn

Fjölmennast var í þorpinu á síðasta áratug 20. aldar, en þá voru íbúar sem áttu þar lögheimili tvisvar sinnum taldir 479. Þetta var árin 1992 og 1995, á blómaskeiði togaraútgerðarinnar þegar Kaupfélag Steingrímsfjarðar gerði út togarann Hólmadrang.

Á Hólmavík er enn starfandi smábátaútgerð sem setur svip sinn á þorpið og það væri gaman að gera henni hátt undir höfði með því að fjalla bæði um útgerðina, sjómannslífið og fiskvinnsluna á sögutorgi. Nú hefur fiskvinnsla verið endurvakin á Hólmavík, sumarið 2024, og er Vilji – fiskvinnsla þegar orðin eitt öflugasta fyrirtæki þorpsins og með fjölmennasta vinnustaðurinn.

Landbúnaður í þorpinu

Landbúnaður og þá sérstaklega sauðfjárbúskapur hefur verið blómlegur allt í kringum þorpið í gegnum tíðina, en sveitin í þorpinu er líka eitt af sögulegum einkennum byggðarinnar. Sá búskapur sem íbúar þorpsins stunduðu ásamt annarri vinnu,

setti svip á bæjarbraginn í gegnum tíðina og við flest af elstu húsunum voru útihús, skemmur og skúrar, fjós og hlöður. Mjólkinn og mjólkurafurðir voru mikilvægar fyrir hverja fjölskyldu. Á seinni hluta 20. aldar fóru svo bændur í nágrenninu að selja mjólk í gegnum Kaupfélagið og kúabúskapurinn í þorpinu lagðist af. Sauðfjárbúskapurinn teygði sig einnig inn í þorpið eða var að minnsta kosti rekinn í útjaðri þess. Túnin í þorpinu og alls staðar í nágrenni þess skiptu talsverðu máli fyrir þennan búskap og lengi var tregða til að byggja íbúðarhús á þeim.



Búskapurinn í þorpinu einskorðaðist hins vegar ekki við kindur og kýr. Í þorpinu var bæði refa- og minkaeldi í búrum á tímabili, frá því um miðjan fjórða áratugnum og fram yfir miðja öldina. Þetta var í takt við þróun víðar um land. Refabúskapurinn fór fram í búrum á Refaholtinu, ofan við Bröttugötu, en minkabúrin voru á Brennuhólum þar sem kirkjan stendur nú. Finna má heimildir um þennan búskap, m.a. í úttektarbók Hrófborgshrepps (Úttektarbók 1925: 139-147 og 173-4).



Í ferðasögu sinni til Hólmavíkur 1945 ber Árni Óla þessum búskap ekki vel söguna, segir að frá því berist garg og skrækir sem láti illa í eyrum, en enn verri sé þó „hinn rammstæki ódaunn, sem barst þaðan inn í þorpið“. (Árni Óla 1949: 172). Refaeldið innan þéttbýlisins var svo bannað með samþykkt Hólmavíkurhrepps 1951 (Óli E. Björnsson 1990: 217-18).

Atvinnusagan – yfirlit

Eins og sjá má af þessari samantekt hafa helstu atvinnuvegir Hólmvíkinga í gegnum tíðina verið verslun og þjónusta og síðan auðvitað sjávarútvegur og vinnsla. Landbúnaður og þá sérstaklega sauðfjárbúskapur hefur einnig verið blómlegur allt í kringum byggðarlagið og sláturhúsin settu svip á atvinnulífið og byggðina á Tanganum. Á tímabili voru einnig margir með sjálfstæðan rekstur kringum vörubíla og vinnuvélar og er slík verkataka enn einkenni á atvinnulífinu.

Á undanförunum áratugum hefur svo ferðaþjónusta farið mjög vaxandi sem atvinnugrein og í dag er margvísleg þjónusta enn langstærsta atvinnugreinin. Miklu skiptir líka að á Hólmavík hafa

verið öflugar starfsstöðvar Vegagerðarinnar og Orkubús Vestfjarða (áður Rarik). Þar hefur einnig verið lækniþjónusta óslitið og heilsugæslustöð og sjúkrastofnun sem skapar atvinnu. Fræðistörf og rannsóknir hafa einnig öðlast vaxandi sess í atvinnulífinu með starfsemi Strandagaldurs, Þjóðfræðistofu og Þróunarsetursins á Hólmavík, auk nýsköpunar við framleiðslu hverskyns matvöru og drykkja.

Tímalína – saga þorpsins, atvinnu- og mannlífs

Í tengslum við vinnuna að verkefninu var uppfærð tímalína sem áður hafði verið gerð af starfsfólki Rannsóknasetursins. Hún sýnir með áhugaverðum hætti hvernig þróunin hefur verið varðandi mannfjölgun í þorpinu, uppbyggingu þess og helstu skref í þróun atvinnu- og félagslífsins (Jón Jónsson, Agnes Jónsdóttir og Guðrún Gígja Jónsdóttir 2020).

- Ø 1877 – Fyrsta fjölskyldan settist að á Hólmavík (til 1883)
- Ø 1890 – Verslunarleyfisbréf frá kónginum fyrir verslun á Hólmavík
- Ø 1895 – Langiskúr reistur (fyrsta húsið í þorpinu) og verslun hafin
- Ø 1897 – Riis-hús reist, elsta húsið sem enn stendur í þorpinu
- Ø 1898 – Verslunarfélag Steingrímsfjarðar stofnað, fyrst pöntunarfélag
- Ø 1902 – Verslunarrekstur Verslunarfélagsins hefst í Söludeildinni
- Ø 1903 – Læknir sest að á Hólmavík, læknishúsið reist
- Ø 1907 – Trébrú fyrir gangandi og riðandi yfir Kálfaeslækinn
- Ø 1908 – Síminn kemur til Hólmavíkur, símstöð í Stöðinni (byggð 1903)
- Ø 1908 – Sláturhús Kaupfélagsins tekið í notkun
- Ø 1909 – Fyrsta sláturhús Riis byggt
- Ø 1910 – Barnaskóli tekur til starfa í skúr Kaupfélagsins
- Ø 1911 – Steinhúsið byggt, þriðja verslunin og fyrsta steypta húsið
- Ø 1911 – Sjúkraskýli byggt við læknishúsið, nú kallað Kvenfélagshús
- Ø 1913 – Barnaskóli byggður á Hólmavík
- Ø 1914 – Þingstaður hreppsins flyst frá Hrófbergi til Hólmavíkur

Ø 1915 – Vitinn og innsiglingamerkin reist á Hólmavík (og gömlu rifin)
 Ø 1916 – Aðeins 8 íbúðarhús á Hólmavík (og verslun í 3 þeirra)
 Ø 1918 – Íbúafjöldi á Hólmavík samkv. sóknarmannatali 69
 Ø 1920 – Rafstöðin tekin í notkun – rafmagn kom til Hólmavíkur
 Ø 1926 – Kvenfélagið Glæður stofnað
 Ø 1927 – Íbúar á Hólmavík 119 talsins
 Ø 1927 – Fyrsti sjóvarnagarðurinn, neðan við Hafnarbraut 18
 Ø 1928 – Akfær vegur frá Hólmavík að Ósi með sjónum
 Ø 1930 – Fyrsta húsið reist utan við Klifið (rétt við það)
 Ø 1931 – Stórbruni á Hólmavík þegar hús Verslunarfélagsins brunnu
 Ø 1931 – Fyrsti bíllinn kemur til Hólmavíkur
 Ø 1933 – Hólmavík kemst í vegasamband að sumri um Steinadalsheiði
 Ø 1934 – Verslunarfélag Steingrímsfjarðar reisir nýtt verslunarhús
 Ø 1934 – Verkalyðsfélag Hólmavíkur stofnað
 Ø 1935 – Ný sírstöð reist að Hafnarbraut 31
 Ø 1936 – Hafskipabryggja byggð úr rekaviði og síldarsöltunarpallar
 Ø 1937 – Frystihús Verslunarfélagsins á Hólmavík tekið í notkun
 Ø 1937 – Verslunarfélag Steingrímsfjarðar kaupir eignir Riis-verslunar
 Ø 1937 – Slysavarnadeildin Dagrenning stofnuð
 Ø 1938 – Sýslumaður Strandasýslu sest að á Hólmavík
 Ø 1938 – Grafreitir vígður á Kálfanessheiði
 Ø 1939 – Nafni Verslunarfélagsins breytt í Kaupfélag Steingrímsfjarðar
 Ø 1940 – Íbúar á Hólmavík 327 talsins
 Ø 1940 – Sýslumannshúsið reist
 Ø 1943 – Hrófbergshrepp skipt í Hólmavíkurhrepp og Hrófbergshrepp
 Ø 1943 – Fyrstu götuljósín sett upp á Hólmavík
 Ø 1945 – Flugvöllur gerður á Kálfanessheiði
 Ø 1945 – Hraðfrystihús KSH tekið í notkun á Hólmavík
 Ø 1945 – Furuvellir reistir, niðursuðuverksmiðja
 Ø 1945 – Ungmennafélagið Geislinn stofnað
 Ø 1946 – Bragginn tekur við sem samkomuhús (af Gamla skóla)
 Ø 1948 – Vegtenging til Hólmavíkur um sunnanverðar Strandir
 Ø 1948 – Nýr skóli tekur til starfa (hálfur núverandi)
 Ø 1948 – Taflfélag Hólmavíkur stofnað


Ø 1948 – Ófullkominn hafnargarður gerður út í Árnaklakk
 Ø 1949 – Sjúkrahús og læknisbústaður tilbúinn, nú Heilbrigðisstofnun
 Ø 1949 – Búið að leggja vatnsveitu á Hólmavík
 Ø 1950 – Fiskimjolsverksmiðja KSH á Hólmavík tekin í notkun
 Ø 1950 – Íbúar á Hólmavík 419 talsins
 Ø 1953 – Þverárvirkjun tekin í notkun, rafmagn þaðan á Hólmavík
 Ø 1955 – Héraðsbókasafn stofnað á Hólmavík
 Ø 1956 – Prestbústaður tekinn í notkun í þorpinu
 Ø 1957 – Framkvæmdir hefjast við Hólmavíkurkirkju, teiknuð 1953
 Ø 1959 – Nýr togari á Hólmavík, Steingrímur trölí
 Ø 1960 – Íbúar á Hólmavík 420 talsins
 Ø 1961 – Lionsklúbbur Hólmavíkur stofnaður
 Ø 1962 – Gistihúsrekstur hefst í Steinhúsinu
 Ø 1962 – Steingrímur trölí seldur aftur
 Ø 1963 – Einar Hansen dró risaskjaldböku á land á Hólmavík
 Ø 1965 – Rækjuvinnsla hefst á Hólmavík
 Ø 1967 – Vegurinn norður í Árneshrepp opnaður
 Ø 1967 – Götur fengu nöfn og húsin númer
 Ø 1968 – Hólmavíkurkirkja vígð
 Ø 1970 – Íbúar á Hólmavík 331 talsins
 Ø 1972 – Húsin sem eftir voru í Norðurfjörinni rifin eða brennd
 Ø 1973 – Bridgefélag Hólmavíkur stofnað
 Ø 1973 – Búnaðarbankinn tekur til starfa á Hólmavík
 Ø 1974 – Fyrsti sveitarstjórinn ráðinn til sveitarfélagsins
 Ø 1975 – Bridge- og taffélag sameinuð
 Ø 1976 – Götur steiptar á Hólmavík
 Ø 1977 – Byrjað að byggja í Austurtúninu, fyrstu húsin í Höfðahverfinu
 Ø 1978 – Fyrirtækið Hólmadrangur ehf stofnað
 Ø 1979 – Minnisvarði um Hermann Jónasson – Hermannslundur
 Ø 1980 – Íbúar á Hólmavík 398 talsins
 Ø 1981 – Leikfélag Hólmavíkur stofnað, leikrit sýnd á vegum félaga fyrr
 Ø 1983 – Rekstur togarans Hólmadrangs hefst
 Ø 1984 – Vegur um Steingrímsfjarðarheiði opnaður
 Ø 1984 – Nýbygging við skólann, Héraðsbókasafn í nýtt húsnæði

- Ø 1984 – Tónskóli Hólmavíkur- og Kirkjubólshreppa tekur til starfa
- Ø 1985 – Heilsugæslustöðin tekin í notkun
- Ø 1986 – Bundið slitlag lagt á götur í Höfðahverfinu
- Ø 1987 – Tjaldsvæði opnað í Lambahvammi
- Ø 1987 – Hólmavíkurhreppur og Hrófbergshreppur sameinast
- Ø 1988 – Leikskólinn Lækjarbrekka tekinn í notkun
- Ø 1988 – Nýtt verslunarhús KSH í Höfðatúni tekið í notkun
- Ø 1988 – Togarinn Hólmadrangur snýr aftur eftir lengingu og breytingar
- Ø 1990 – Íbúar á Hólmavík 447 talsins
- Ø 1990 – 100 ára afmæli Hólmavíkur haldið hátíðlegt
- Ø 1990 – Hólmavíkurbók gefin út (húsasaga)
- Ø 1990 – Minnisvarði um Stefán frá Hvítadal afhjúpaður
- Ø 1992 – Félagsheimilið leysir samkomuhúsið Braggann af hólmi
- Ø 1993 – Handverkshópurinn Strandakunst stofnaður
- Ø 1994 – Golfvöllur í Skeljavík, Golfklúbbur stofnaður
- Ø 1994 – Hólmavíkurhreppur og Nauteyrarhreppur sameinast
- Ø 1995 – Fyrsta Strandagangan haldin (skíðagöngumót)
- Ø 1995 – Íbúar á Hólmavík 479 talsins (aldrei verið fleiri, líka 1992)
- Ø 1996 – Veitingastaðurinn Café Riis opnar
- Ø 1997 – Hólmavíkurhr. opnar Upplýsingamiðstöð í Félagsheimilinu
- Ø 1997 – Áætlunarflugi til Hólmavíkur hætt
- Ø 1998 – Sparisjóður Strandamanna flytur frá Kirkjubóli til Hólmavíkur
- Ø 1999 – Kvennakórinn Norðurljós stofnaður
- Ø 1999 – Skíðafélag Strandamanna stofnað
- Ø 2000 – Íbúar á Hólmavík 400 talsins
- Ø 2000 – Togarinn Hólmadrangur seldur úr landi, þá í eigu ÚA
- Ø 2000 – Galdrasýning á Ströndum opnar á Hólmavík
- Ø 2000 – Síðast slátrað á Hólmavík, Norðvesturbandalagið
- Ø 2002 – Kirkjubólshreppur og Hólmavíkurhreppur sameinast
- Ø 2003 – Leikskólinn Lækjarbrekka stækkaður um helming
- Ø 2004 – ÁTVR opnar útibú á Hólmavík
- Ø 2004 – Sundlaug opnuð á Hólmavík
- Ø 2005 – Íþróttamiðstöð vígð í ársbyrjun
- Ø 2005 – Bæjarhátíðin Hamingjudagar haldin í fyrsta sinn (til 2023)

- Ø 2006 – Hólmavíkurhr. og Broddaneshr. sameinast í Strandabyggð
- Ø 2008 – Íbúar á Hólmavík 369 talsins
- Ø 2008 – Þróunarsetur opnað á Hólmavík
- Ø 2009 – Vegurinn um Arnkötludal tekinn í notkun
- Ø 2012 – Listaverkið Seiður vígt á Hamingjudögum
- Ø 2013 – Íbúar á Hólmavík 391 talsins
- Ø 2013 – Framhaldsdeild í fjarnámi frá FNV komið á laggirnar
- Ø 2014 – Arion banki hættir starfsemi á Hólmavík
- Ø 2015 – Sýslumannsembættið á Hólmavík lagt niður
- Ø 2015 – Grjótnagarður gerður við smábátahöfnina
- Ø 2016 – Rannsóknasetur HÍ í þjóðfræði stofnað á Hólmavík
- Ø 2018 – Leikskólinn Lækjarbrekka stækkaður um þriðjung
- Ø 2018 – Íbúar á Hólmavík 320 talsins
- Ø 2018 – Útilistaverkið Klemus sett upp á Galdratúninu
- Ø 2022 – Galdur brugghús hefur starfsemi
- Ø 2023 – Hólmadrangi lokað, rækjuvinnslu hætt á Hólmavík
- Ø 2024 – Fiskvinnsla hefst að nýju á Hólmavík: Vilji fiskvinnsla
- Ø 2024 – Íbúar á Hólmavík 292 talsins, samkv. Hagstofu

Íbúafjöldinn í þorpinu hefur sveiflast verulega þessi 130 ár sem liðin eru frá fyrstu húsbyggingum í því. Uppbyggingin var hæg framan af, þannig voru íbúar 68 íbúar í þorpinu 1918, en orðnir 119 árið 1927 og 327 árið 1940. Áratug síðar, 1950 voru íbúar orðnir 419, en þá tók við tímabil stöðunar og áratug síðar hafði þeim fjölgað um einn. Árið 1970 voru 331 íbúi, eftir fiskleysisárin í Húnaflóa, en fór svo fjölgandi aftur og voru 398 árið 1980.

Nokkurt blómaskeið varð síðan fram á síðasta áratug 20. aldar, með rækjuútgerð og vinnslu og síðan togaraútgerð og íbúatalan á Hólmavík fór hæst í 479 árin 1992 og 1995. Síðan hefur hallað verulega undan fæti og íbúum hefur fækkað umtalsvert aftur og aldursamsetningin jafnframt orðið óhagstæðari, að undan-skyldum árunum eftir hrúnið. Rúmlega 40 börn á grunnskóla-alldri búa nú á Hólmavík, en voru vel yfir hundrað fyrir aldamót.



Nú segir Hagstofa Íslands 290 íbúa á Hólmavík árið 2024. Það er þá orðið svipað og á árunum fyrir 1940, þegar uppbygging þorpsins var enn í fullum gangi.

Sögutorg – kynning og miðlun í þorpinu

Vel má hugsa sér átaksverkefni um miðlun fróðleiks, t.d. að merkja hús með gömlum nöfnum, setja upp smáskilti með fróðleik við valin hús og fjalla um verndarsvæðið í heild sinni á sögutorgi. Eins mætti útbúa vandaðan leiðsögubækling fyrir heimafólk og ferðamenn um verndarsvæðið. Hann gæti sem best verið rafrænn og sama gildir um myndasýningar, þar sem sömu sjónarhorn eða byggingar eru sýnd á gömlum myndum.

Hér er gerð tillaga um sögumiðlun á ákveðnum svæðum eða sögutorgum í gamla bænum, þar sem fróðleik er miðlað á lifandi og skemmtilegan hátt og gerð grein fyrir sögu bæjarins, byggingum og byggingarsögu, atvinnusögu, menningu og mannlífi. Eins og í öllu öðru sem varðar opin svæði og raunar verndarsvæðið í heild sinni er það heildarásýnd og svipmót svæðisins sem eru lykilhugtök.

Sé verndarsvæðið skoðað með hliðsjón af atvinnu- og byggingarsögu Hólmavíkur má skipta þeirri þróun í þrjú lykil-tímabil sem skarast með margvíslegum hætti. Hér má í fyrsta lagi nefna **verslunarstaðinn Hólmavík** sem er ráðandi fyrir uppbygginguna í árdaga þorpsins og frá því um 1910 eru um árabíl þrjár verslanir í þorpinu. Í öðru lagi er **útgerðarþorpið Hólmavík** þar sem hægt væri að fjalla um og miðla fróðleik um fisk- og rækjuvinnslu, hafnarsvæðið, beitningu, sjómennsku og vinnu í landi. Loks í þriðja lagi er það **þjónustukjarninn Hólmavík** og er þar bæði átt við opinbera þjónustu á fyrri hluta tímabilsins og ferðaþjónustuna og þróun hennar á síðari hluta 20. aldar.

Lagt er til að ásamt þessum atvinnutengdu hugtökum verði síðan tvö þemu jafnan til hliðsjónar og notuð óspart við sögumiðlun og markaðssetningu. Annars vegar er það **fólkið og mannlífið í þorpinu** og öll menning íbúanna, hvers konar útivist, félagsstarf og tómstundaiðkun. Margvíslegt hversdagslegt bjástur og bras. Öflugt menningarlíf og félagsstarf hefur lengi verið eitt af helstu einkennum svæðisins og sett jákvæðan svip á ímynd þess og sjálfsmynd íbúa. Hins vegar er það **sveitin í þorpinu**, sem taka þyrfti til nánari umfjöllunar, en um árabíl settu margvísleg útihús mikinn svip á þorpið, húsa-kostinn og byggingar í því. Þessi hús eru að mestu leyti horfin.



tekin. Öll sú hönnun ætti að taka mið að því að falla vel inn í umhverfið og þola vel veður og vinda.

Lagt er til að staðsetning þessarar sögumiðlunar verði eins og hér segir innan verndarsvæðisins og við jaðar þess.

- Í kirkjuhvamminum (Klifstúni)
- Uppi við kirkju
- Á grasflötinni á uppfyllingunni framan við klettahöfðann við enda Höfðagötu
- Við hlið Braggans
- Í Norðurfjörrunni (gömlu horfnu húsin þar)
- Á Kópnesi

Hafa þarf í huga að heildarmynd sögumiðlunar í þorpinu öllu þarf að hanna sérstaklega og skipta þemum niður, svo þau myndi bæði áhugaverða gönguleið um gamla bæinn og einnig allt þorpið. Sum þemu ættu svo að vera til umfjöllunar í öðrum hverfum, raforkan og vegagerðin úti á Skeiði, svo dæmi séu

Húsin á verndarsvæðinu



5. Húsin á verndarsvæðinu

Húsin sem nú standa á Tanganum eru öll nema Riis-húsið byggð eftir 1900. Aldursfriðuð hús eru öll þau sem byggð eru 1923 og fyrr, en umsagnarskyld eru hús sem byggð eru á árabílinu 1924-1940.

Hér verður fjallað sérstaklega um þessi hús og önnur sem hafa sérstakt gildi fyrir byggðina á tanganum, ýmissa hluta vegna. Þetta er byggt á þeirri húsakönnun sem unnin hefur verið innan vébanda verkefnisins. Einnig nýttum við drög að húsakönnun sem Arinbjörn Vilhjálmsson arkitekt gerði fyrir húsin á Hólmavík rétt fyrir aldamótin (Arinbjörn Vilhjálmsson 1990) við okkar vinnu við afmörkun svæðisins og almennt til hliðsjónar við okkar vinnu við mat á einstökum húsum og svæðinu í heild. Sú húsakönnun var alveg á lokastigi, en var aldrei kláruð endanlega af hendi sveitarfélagsins og gefin út formlega. Hins vegar er til útgáfa af henni merkt árinu 2000, bæði hjá Strandabyggð og Minjastofnum. Hún er með athugasemdum og yfirlistri Brynjólfs Sæmundssonar héraðsráðunautar Strandasýslu skrifuðum inn í, en hann var mikill áhugamaður um sögu svæðisins og sat í sveitarstjórn á þessum tíma. Mikil hjálp var í þessari skýrslu við okkar vinnu. Ástæðan fyrir gerð þessar húsakönnunar á sínum tíma var sú, að þá hafði sveitarfélagið áform um að gera deiliskipulag fyrir allan elsta hluta kaupsins, á Tanganum (Arinbjörn Vilhjálmsson 2000: 5). Það hefur ekki enn orðið að veruleika.

Eins kom *Hólmavíkurbók* Óla E. Björnssonar sem gefin var út í tengslum við hátíðahöld á 100 ára afmæli verslunarleyfis á Hólmavík að góðu gagni (Óli E. Björnsson 1990). Einnig kafla um uppbyggingu Hólmavíkur í Strandamannabók Péturs Jónssonar frá Stökkum sem er skrifaður rétt eftir 1940 (Pétur Jónsson 1947).



Gæslulaus leikvöllur var við hlið braggans frá því um 1960 og fjöldi húsa og skúra bak við Riis-hús sem nú hafa öll verið rifin.

Að auki er leitað á náðir og helst litið til opinberra skjala og annarra heimilda í okkar rannsókn: Fasteignamats 1919, 1930 og 1940 og tveggja úttektarbóka Hrófbergshrepps fyrir skiptingu sveitarfélagsins í Hólmavíkurborg og Hrófbergshrepp 1943, sem þó er alls ekki tæmandi heimild.

Við gerð húsakönnunar samkvæmt SAVE-mælikvarðanum, sem er einnig sá kvarði sem Arinbjörn notaði, eru hús á afmörkuðu svæði metin og vegin út frá fimm ólíkum þáttum: **Byggingarlist, menningarsögu, umhverfi, upprunaleika og tæknilegu ástandi.** Loks er varðveislugildi metið út frá hinum mælikvörðunum. Þessir þættir eru því metnir til einkunnar, frá 1-9, þar sem 1 er hæsta einkunn. Mat á húsunum innan verndarsvæðisins, hverju fyrir sig, samkvæmt SAVE-mælikvarðanum, er birt í lok þessa kafla.

Það er oft býsna erfitt að staðfesta ártöl sem tilgreina byggingarár húsa. Á það sérstaklega við þar sem fólk hefur byrjað að búa í húsunum eða hafið starfsemi í þeim ófrágengnum og kannski er ekki lokið við bygginguna fyrr en misserum eða jafnvel árum seinna. Heimildir eru ósamstæðar og gefa ólíkar upplýsingar. Til að glöggva sig betur á þessum hlutum geta persónulegar heimildir á borð við dagbækur einnig komið að gagni, enda eru þær skrifaðar jafnóðum og atburðir gerast.

Dagbókin hans Halldórs Jónssonar bónda í Miðdalsgröf við Steingrímsfjörð sem varðveitt er í Handritasafni Landsbókasafns kemur til dæmis að góðu gagni til að rekja sig í gegnum húsasögu Hólmavíkur fyrstu árin, einmitt þegar heimildaskorturinn er átakanlegastur. Halldór er vanur að gera samantekt í lok hvers árs í dagbók sinni um framfarir og stöðu mála í nærsamfélagi sínu og meðal þess sem hann lítur til eru húsbyggingar og aðrar framkvæmdir. Þannig er t.d. hægt með þessari heimild að staðfesta endanlega að Riis-húsið var reist 1897, en ekki ári fyrr, að fyrsta pöntunarhús Verslunarfélagsins var reist 1899 (skúr í fjörunni) og að Eyfirðingabúð var reist 1901 (verbúð sem var rifin eftir 1920). Í fleiri heimildum kemur svo fram að Söludeildin, verslun og íbúð Verslunarfélagsins, sem seinna brann var tekið í notkun 1902 (Dagbækur Halldórs Jónssonar).

Dagbók Halldórs staðfestir einnig að Stöðin og Læknishúsið voru bæði reist 1903 og hann er einn með upplýsingarnar um að fyrsta sláturhús Verslunarfélagsins hafi verið reist 1908 og fyrsta sláturhús Riis 1909. Þessi fyrstu sláturhús eru bæði löngu horfin enda lítið til þeirra vandað. Steinhúsið var vissulega byggt 1911, það er alveg ljóst af dagbókinni, eins og sjúkraskýlið og Guðbjörnshús í Norðurfjörunni. Það síðastnefnda hefur hingað til verið talið byggt nokkru síðar, en húsið stendur ekki lengur (Dagbækur Halldórs Jónssonar).

Aldursfriðuð hús

Aldursfriðuð hús á Hólmavík (byggð 1923 og fyrr) eru nú samtals níu talsins og að auki viðbyggingar við tvö þeirra. Öll þessi hús eru innan vébanda verndarsvæðis í byggð. Í fremri ártaladálki í töflunni hér á eftir er byggingarár samkvæmt mannvirkjaskrá, en í aftari dálki er byggingarárið samkvæmt okkar rannsóknnum, ef munur er þar á.

Aldursfriðuð hús	Mannvirkjaskrá	Leiðréttingar
Hafnarbraut 39 – <i>Riis-hús</i>	(1896)	1897
<i>Riis-pakkhús</i> samb.	(1896)	1906?
Höfðagata 1 – <i>Steinhúsið</i>	(1913)	1911
Höfðagata 7 – <i>Sæberg</i>	1922	
Kópnesbraut 3b – <i>Stöðin</i> ,	(1904)	1903
Kópnesbraut 4 – <i>Tómasarhús</i>	(1902)	1914
Kópnesbraut 4b – <i>Barnaskólinn</i>	(1914)	1913
Kópnesbraut 7 – <i>Læknishúsið</i>	1903	
<i>Sjúkraskýlið/Kvenf.hús</i> samb.	(1903)	1911
Kópnesbraut 9 – <i>Björnshús</i>	(1915)	1913
Kópnes (gamli bærin)	1916	

Riis-húsið (og pakkhúsið)

Riis húsið er elsta hús á Hólmavík sem enn stendur og var annað í röð þeirra bygginga sem risu á Hólmavík eftir að verslunarréttindin fengust. Það er án vafa reist 1897. Í dagblaðinu Þjóðólfi er birt bréf úr Steingrímsfirði sem dagsett er 29. apríl það ár og þar segir: „Nú er sagt, að þá og þegar sé von á skipi til Riis-verzlunar á Hólmavík, og kemur það með

títtelgðan við í hús, sem á að byggja á Hólmavík í sumar, einnig með dálítið af vörum til verzlunarinnar.“ Í dagbók Halldórs Jónssonar í Miðdalsgröf frá sama ári segir þann 21. maí 1897: „Skip er komið til Hólmavíkur með hús, sem setja á þar upp, og vörur ýmsar.“

Riis-húsið er eina 19. aldar húsið á Hólmavík, merkilegasta byggingin í þorpinu frá sjónarhorni menningarsögunnar, og setur mikinn svip á þorpið. Mikilvæg sjónlína að því er eftir Höfðagötunni og frá Hólmavíkurkirkju og vægi þess í umhverfinu er ótvírætt. Riis-húsið setur svip á þorpið og fær hæstu einkunn bygginga á Hólmavík í húsakönnun.

Það var danski kaupmaðurinn Richard Peter Riis sem lét byggja húsið, en hann hafði áður keypt verslun Björns Sigurðssonar í Langaskúr. Riis bjó á Borðeyri en hafði sjálfur ekki aðsetur á Hólmavík. Hann hafði faktor eða verslunarstjóra og var Jón Finnsson í því starfi í þrjá áratugi.

Húsið var ekki með risi að vestanverðu þegar það var byggt, en ekki liðu mörg ár þangað til því var bætt við, eins og sjá má á fyrstu myndum af húsum í þorpinu.

Pakkhúsið sem er byggt við Riis-hús og enn stendur, er talið byggt um 1906, en það ártal er óvíst (Arinbjörn Vilhjálmsson 2000: 133). Ýmis útihús fylgdu Riis-húsinu og sum byggð fljótlega á eftir húsinu sjálfu. Íshús stóð vestan við það byggt fyrir 1904 og útihús úr torfi, fjós og hlaða, og ýmsar seinni tíma viðbyggingar og skúrar. Í fjörunni var Riis-bryggjan. Búið er að fjarlægja allar þessar byggingar. Ofan og utan við byggingarnar var Jónstún, girt með veglegum grjóttgarði eins og sjá má af elstu myndum (Óli E. Björnsson 1990: 112-14).



Riis-hús, ekki kominn kvistur á þakið, pakkhúsið komið, nær eru íshúsið og torfhús sem í var fjós og hlaða. Langaskúr hinu megin tilheyrði Riis-verslun og fjærst er verslunarskúr Verslunarfélagsins. Mynd frá því um 1906.

Á gömlum myndum sjást líka heilmikið timburvirki eða grindur norðan við Langaskúr þar sem fiskur var þurrkaður á fyrstu áratugum byggðarinnar á Hólmavík. Þetta voru stórar grindur með grönnum þristrendum spelum sem stóðu á 80-100 sm háum jarðföstum stólpum. Um miðja reitina voru stakkstæði, þar sem fiskurinn var stakkaður og fergður meðan á þurrkun stóð. Þessar grindur voru teknar upp og þeim staflað saman, að fiskþurrkun lokinni (Jóhann Hjaltason 1972: 22).

Í Fasteignamati 1917 eru af útihúsum nefnd geymsluskúr fyrir matvöru, fiskgeymsluhús með járnklæðningu og járnþaki, sláturhús klætt járnþynnu og járnþaki og verkafólkhús úr timbri með járnþaki (Jón Jónsson 2020: 93).



Riis-húsið er með klassísku sniði og upphaflega klætt með timburpili en var snemma klætt bárujárni (Arinbjörn Vilhjálmsson, 2000). Frá upphafi var íbúð í vesturhluta hússins og stundum leigjendur í kjallaranum.

Riis verslun var starfrækt til 1932, en hafði þó skipt um eigendur í ársbyrjun 1929. Verslunarhlutinn stóð svo auður í nokkur ár, en 1937 keypti Verslunarfélag Steingrímsfjarðar húsið og seldi síðan aftur. Stuttu síðar var verslunarrýminu breytt í aðra íbúð og voru þær framkvæmdir að baki 1938 (Úttektarbók 1925: 135-6). Heimildir eru einnig um breytingar á húsinu 1943, þegar byggð er steinsteypt útúrbygging úr aðalhúsinu, vestan megin, 3x3,5 m. Þar var í kjallara þvottahús, en baðherbergi og búr í efri hlutanum (Úttektarbók 1943: 3). Þessi útúrbygging hefur verið fjarlægð aftur, en sést á gömlum myndum, með flötu þaki og kastalamynstur var á einum útvegnum.

Eftir 1937 voru íbúðir í húsinu og seinna margvísleg atvinnustarfsemi. Árið 1976 var gerð ný tilraun með verslun í húsinu og stóð það ævintýri í þrjú ár, en þá eignaðist Hólmavíkurhreppur húsið. Saumastofa var rekin þarna af sveitarfélaginu í eitt ár um 1980 og síðar voru þarna billjardstofa, ljósabekkir og vídeóleiga

(Óli E. Björnsson 1990: 112-13). Leiksýningar voru haldnar í Riis-húsinu á fjórða áratugnum og líka löngu síðar, laust fyrir aldamótin 2000, bæði fyrir og eftir opnun veitarstaðarins.

Riis-hús var lagfært af miklum myndarskap og margt í útlitinu fært í upprunalegt horf, þegar húsinu var breytt í veitingastað árið 1996, rétt fyrir 100 ára afmæli þess. Góð ráð frá Húsafríðunarnefnd voru vel þegin og þeim fylgt við þessar breytingar. Það var þá mælt upp af Hjörleifi Stefánssyni og Arinbjörn Vilhjálmsson hafði umsjón með endurgerðinni (Arinbjörn Vilhjálmsson 2000: 132-3).

Kópnesbraut 7 – Læknishúsið og Sjúkraskýlið

Læknishúsið var reist 1903 fyrir Guðmund Scheving héraðslækni Strandamanna sem þá flutti frá Smáhömrum í Tungusveit þar sem hann hafði búið áður. Á eftir honum bjuggu aðrir héraðslæknar í húsinu fram til 1949 þegar nýr læknisbústaður var tekinn í notkun. Á þessum árum var ræktaður fallegur skrudgarður við húsið (Óli E. Björnsson 1990: 150-54).



Varðveitt er úttekt á læknishúsinu gerð 1904 í skjalasafni sýslumanns Strandasýslu. Í henni er því lýst þannig að það sé timburhús, 12 álna langt og 11 álna breitt. Niðri séu þrír 9 rúðna gluggar, tveir 6 rúðna gluggar, en uppi tveir 6 rúðna, fjórir 2 rúðna og þakgluggi að auki. Allt húsið járnvarið. Inni sé forstofa

með vængjahurðum, skrifstofa og apótek, tvær stofur og vængjahurð á milli. Uppi á lofti þrjú herbergi við austurgaflinn, en tvö herbergi og gangur upp á loftið við vesturgaflinn. Húsið pappaklætt að innan (Bréfasafn sýslumanns Strandasýslu 1905).

Sjúkraskýlið var byggt við læknishúsið 1911 og í því var gert ráð fyrir fjórum sjúkrarúmum og herbergi fyrir hjúkrunarkonu. Þetta eru því tvö sambyggð hús. Sjúkraskýli var starfrækt þarna fram á fimmta áratuginn, en síðar var þarna gisting og svo bakarí, brauðbúð og sælgætissala. Síðast var bakað í húsinu 1964 og var bakarinn þá Bjarni Halldórsson frá Ísafirði, en áður hafði Hans Häsler bakari frá Þýsklandi rekið þar bakarí frá 1953-1962, en hann rak þar á undan bakarí í Hafnarbraut 35 frá 1948 (Óli E. Björnsson 1990: 108). Seinna, árið 1974, eignaðist Kvenfélagið Glæður húsið og hafði þar fundarsal og markaði. Þar funduðu fleiri félög, t.d. Lions-félagið á Hólmavík í áratugi og AA-fundir voru líka haldnir þar um árabil og eru enn.

Læknishúsið telst vera bárujárnssveitser, þó svo að það sé líka vel hægt að segja það vera tiltölulega einfalt portbyggt timburhús, með hlöðnum kjallara. Sjúkraskýlið er aftur á móti mjög einfalt að gerð og hefur verið breytt nokkuð (Arinbjörn Vilhjálmsson 2000: 188-9).

Um tíma var bílskúr sambyggður við sjúkraskýlið sem þá hafði fengið nafnið sem enn er notað, Kvenfélagshúsið, en var rifinn 1985, sama ár og húsið var klætt að utan. Nýlegur bílskúr er utan við Kópnesbraut 7, reistur árið 2022, þar sem annar bíl- eða geymsluskúr stóð áður, og gróðurhús eru í bakgarði.

Kópnesbraut 3b (Stöðin)

Stöðin er einnig byggð árið 1903, sem lítið íbúðarhús. Það var fyrst aðeins ein hæð og er elsta íbúðarhúsið á Hólmavík sem

var byggt sem slíkt. Á elstu myndum sést lítið bíslag í viðbyggingu norðan við, en fljótlega var þó byggð þar viðbygging (1912 samkvæmt Fasteignamati 1930), sem er ekki í sama stíl, og síðan önnur hæð á viðbygginguna. Allt er þetta gert snemma á öldinni, húsið virðist að mestu leyti vera komið í þetta horf 1915 af gömlum myndum að dæma. Seinna kom viðbygging vestan við húsið, eftir 1958. Önnur viðbygging, bíslag eða forstofa, var svo byggð framan við húsið 1987 þegar skipt var um klæðningu og gluggum breytt. Húsið er þannig samsett úr byggingarhlutum frá ólíkum tímum, ekki í sama stíl. Engu að síður er húsið afar merkilegt og varðveislugildi þess mikið (Arinbjörn Vilhjálmsson 2000: 178-9).




Til er úttekt á húsinu skrifuð í júní 1904. Það er sagt 8 álna langt, 6 álna breitt, port yfir og ris. Á húsinu séu fimm 6 rúðugluggar. Liggjandi tréklæðning og bikaður pappi á þakinu. Herbergja-skipan niðri er sögð vera ein stofa í vesturendanum, en í austurhluta eldhús, gangur og útidyr, með skyggni fram af. Uppi er sögð vera íbúð og er þá líklega átt við herbergi. Húsið þiljað innan með panel og pappaklætt. Sementaður grunnur undir (Bréfabók sýslumanns Strandasýslu 1905).

Óli E. Björnsson segir í Hólmavíkurbók sinni að lögun hússins sé „athyglisverð frá sjónarmiði viðbyggingarlistar“ (Óli E. Björnsson 1990: 140). Undir það tekur Arinbjörn arkitekt og segir að húsið hafi snemma verið klætt með sléttu járn og lengi verið eina hús bæjarins með slíkri klæðningu (Arinbjörn Vilhjálmsson 2000: 179). Húsinu hefur verið vel við haldið síðustu áratugi. Útihús fylgja því og munu hafa verið reist árið 1935 (Arinbjörn Vilhjálmsson 2000: 178), en nú eru þau farin að láta á sjá.

Ástæðan fyrir nafngiftinni Stöðin er sú að þarna var sett símstöð árið 1908 þegar sími var lagður til Hólmavíkur. Seinna var stundum talað um Gömlu Stöðina, þegar hún hafði verið færð annað árið 1935. Eigandi hússins reyndi að fá nafnið Bjarg tekið upp í kringum 1940, en það festist ekki við húsið.

Höfðagata 1 – Steinhúsið

Steinhúsið var fyrsta steypa húsið sem reis á Hólmavík, árið 1911. Yfirmiður hússins var Jón Guðmundsson frá Tungugröf. Það var reist sem íbúðarhús og verslun, Verzlun G. Brynjólfssonar, en áður hafði Guðjón Brynjólfsson verslað í skúr sem stóð þarna rétt hjá frá 1909. Guðjón lést árið 1914, en Jakobína Thorarensen rak verslunina



áfram sjálf og síðar með seinni manni sínum. Hún hafði bókabúð þar samhliða. Árið 1962 seldi hún húsið og var því þá breytt í gistihús og hefur verið það lengst af síðan. Samhliða var vídeóleiga í húsinu á blómaskeiði slíkra.

Steinhúsið er meðal elstu steinsteypuhúsa landsins og er reist á svokölluðu tilraunaskeiði steinsteypuhúsa en það skeið stóð til ársins 1915. Húsið er þar með eitt af merkilegustu húsum Hólmavíkur. Byggingarstíllinn þykir einfaldur en klassískur (Arinbjörn Vilhjálmsson 2000: 140-41). Í fasteignamati frá 1917 eru talin upp útihús á lóðinni: Tveir skúrar til vörugeymslu og slátrunar, járnklæddir með járnþökum, fjós úr timbri fyrir 2 kýr og hlaða (Jón Jónsson 2020: 94).

Í upphafi voru tvöfaldar dyr fyrir miðju hússins að framan, en þær færðar á viðbygginguna, þegar byggt var við húsið (Óli E. Björnsson 1990: 226). Voru hafðar miklar svalir ofan á þeim hluta hússins og þar er heilmikið steinsteyppt handrið. Í úttektar-bók kemur fram úttekt hafi verið gerð 7. feb. 1930 og að viðbyggingin sé nýbyggð, þannig að árið 1929 er líklegt. Þar var innréttuð vönduð sölubúð, húsið er raflýst og miðstöðvarupp-hitun í því (Úttektarbók 1925: 36-8).

Gamli barnaskólinn (Kópnesbraut 4b)

Gamli skólinn er eina friðlýsta húsið í þorpinu á Hól mavík, fyrir utan að vera aldursfriðað. Það var friðlýst sérstaklega, fyrst með skyndifriðun, þegar hreppsnefnd Hól mavíkurhrepps ákvað að rífa það árið 2006 til að rýma fyrir gatnagerð.

Húsið er teiknað af Rögnvaldi Ólafssyni, fyrsta húsameistara ríkisins og reist 1913. Þarna var barnaskóli, samkomu- og þinghús til 1948, þegar skóli hafði verið byggður utan við klifið. Þarna voru auk skólahalds haldnir allskyns fundir og skemmtanir, leiksýningar fóru fram í húsinu og þar hafði draugur sem kallaður var Löppin aðsetur. Sá reyndi að fella fólk sem fór um stigann upp á loft (Óli E. Björnsson 1990: 146-7).



Húsið er næst elsta steinsteypuhús kaupþúnsins, á eftir Stein-húsinu. Hlutföllin eru klassísk og teikningar hússins eru varðveittar í Þjóðskjalasafni og efnislistar. Þar kemur reyndar í ljós að smiðir hússins hafa ekki fylgt teikningunum í einu og öllu, því teikningin hefur verið spegluð, líklega til að tryggja betri birtuskilyrði í húsinu. Til stóð að byggja heimavist við skólann um 1920 og til eru teikningar Guðjóns Samúelssonar þáverandi húsameistara ríkisins af henni. Stórar dyr á gaflí eru síðari tíma viðbót, en húsið varð slökkvistöð eftir að hætt var að nota það sem skóla um 1948. (Arinbjörn Vilhjálmsson 2000: 182-3).

Kópnesbraut 9 (Björnshús)

Húsið var reist 1913 og byggt af Guðjóni Jónssyni snikkara (Óli E. Björnsson 1990: 157-8). Húsið telst vera bárujárnssvætser og hefur mikinn karakter og er sérstaklega áberandi í bæjar-myndinni í mikilvægri sjónlínu eftir Kópnesbrautinni. Tréverkið vekur mikla athygli vegna þess að það er í fremur óvenjulegum hlutföllum og timburskrautið í kringum glugga og þakkant er óvenjulega mikið og flókið. Fyrir utan það er húsið í raun einfalt timburhús með afar háan framskotsgafl og þar fyrir framan voldugar útitröppur sem gefur húsinu sérkennilegan blæ. Það er lítið breytt að utan (Arinbjörn Vilhjálmsson 2000: 192-3).



Árni Eypór Jónsson rak klukkuverkstæði og úrabúð í húsinu um árabíl og allra síðustu ár hefur verið seld gisting þar. Einnig hafa löngu fyrr verið rekin þar smíðastofa og skóverkstæði. Húsið tengist einnig menningarsögunni með þeim hætti að þar fæddist tónlistarmaðurinn Gunnar Þórðarson og ólst upp fyrstu árin (Óli E. Björnsson 1990: 157-8).

Kópnesbraut 4 (Tómasarhús)

Húsið var reist 1914. Um er að ræða eitt hið elsta og glæsi-legasta hús bæjarins, með steiptum kjallara, stofuhæð, háu risi og kvisti og flokkast það sem bárujárnssvætser. Hlutföll hússins þykja dæmigerð og gluggafaldar vel gerðir. Jón Guðmundsson frá Tungugróf var yfirmsiður hússins, en skrautáhrif þess þykja afar áþekk Björnshúsi hans Guðjóns snikkara, en Guðjón var einmitt lærlingur Jóns. Gluggi á neðri hæð á vesturgafli hefur verið fjarlægður (Arinbjörn Vilhjálmsson 2000: 181-2).



Í úttekt sem skrifuð er 31. des. 1953 segir að þá hafi kjallarinn verið innréttaður og frá þeim tíma sé inngangur með forstofu, eldhús, búr, baðherbergi og þvottahús. Kjallaraveggir hafi jafnframt verið einangraðir og múrhúðaðir, gólf dúklögð, miðstöð með olíukyndingu sett í húsið og geymsluskúr byggður áfastur

húsinu, auk þess sem skipt hafi verið um nokkuð af gluggum (Úttektarbók 1943-59: 41).

Útihús fylgja, fyrrum fjós og hlaða, síðar fjárhús og loks geymsla. Húsið var klætt utan 1978 (Óli E. Björnsson 1990: 142-6). Það spillir heildarmynd hússins að krosspóstar hafa verið teknir út gluggum á miðhæðinni og efstu hæðinni sem snýr frá götunni, en eru enn í risinu sem snýr að götunni. Sjá má upphaflegu gluggaskiptinguna á gömlum myndum.

Kópnes (gamli bærinn)

Húsið var reist 1916 af Jóni Árnasyni sem flutti þá frá Fitjum. Til er úttekt á bænum á Fitjum dags. 28. júní 1916, en Jón fór þá frá og skilaði þeim fjórða parti jarðarinnar sem hann hafði búið á (Úttektarbók 1888: 63-4).

Á gömlum myndum má sjá að torfveggur hefur verið beggja vegna við húsið, en við þá er timburgrind og járnklætt þakið. Í Fasteignamati 1930 er talað um portbyggða baðstofu úr torfi með timburgafl, fjárhús fyrir 30 kindur og hlöðu úr torfi með járnþaki (Fasteignamat 1930). Húsið er afar merkilegt, lítið kot á mörkum torfhúss og bárujárnshúss, þarna á nesinu með útihúsum sem eru ómissandi partur af heildarmyndinni. Húsið þykir minna á þurrabúð, áþekk þeim sem steinbæirnir í Reykjavík og víðar spruttu af. Húsið er því afar gott dæmi um



smábúskap inni í þéttbýli á fyrri hluta 20. aldar (Arinbjörn Vilhjálmsson 2000: 208-9).



Málverk af Kópnesi, málað um 1929 af Sigríði Sigurðardóttur

Húsin eru mjög illa farin. Til stendur að gera Kópnesið upp og er það mikið verkefni og mikilvægt að minjavarslan verði með í ráðum. Friða ætti umhverfi húsanna fyrir öðrum framkvæmdum.

Höfðagata 7

Húsið er innan marka aldursfriðunar, það er líklega reist 1922, en erfitt að skera nákvæmlega úr um byggingarárið. Óli E. Björnsson nefnir ártalið 1923 í Hólmavíkurbók, í kaflanum um Hjaltabryggju (Óli E. Björnsson 1990: 254), en í grein í Strandapóstinum seinna segir hann húsið byggt 1922 (Óli E. Björnsson 2005: 41). Hann hefur þá sennilega áttáð sig á að það er sagt byggt 1922 í fasteignamatinu sem gert var 1930 (Fasteignamat 1930). Úttekt á húsinu hefur ekki fundist.



Húsið er einfalt en með óvenjulegum hlutföllum, frekar stóra glugga og útitröppur miðað við stærð hússins. Auk þess var húsið eitt af fyrstu húsum bæjarins til að hafa skilgreindan og afmarkaðan garð í kringum það (Arinbjörn Vilhjálmsson 2000: 152-3).

Hjalti Steingrímsson byggði húsið við Höfðagötu 7. Voldugar steintröppur eru framan við það og gengið þar inn um efri dyr á hæðina, en hliðardyr undir tröppunum í hálfniðurgrafinn kjallarann. Að sumu leyti er húsið ekki ósvipað Björnshúsi, en risið mikla vantar og þakið er lægra.

Skrautlistar eru nú neðan við glugga á efri hæðinni, en þeir sjást ekki á elstu myndum af húsinu.

Árið 1938-1940 bjó sýslumaður, sem þá flutti embættið til Hólmavíkur, á efri hæðinni og á þeim tíma var sýsluskrifstofan þar einnig. Um 1965 eignaðist Kaupfélag Steingrímsfjarðar húsið og ýmsir leigjendur bjuggu í því upp frá því. Á níunda áratugnum hafði verið talað um að rífa húsið og leggja götu þar í gegn, en ekkert varð úr þeirri hugmynd. (Óli E. Björnsson 1990: 234-6). Ásdís Jónsdóttir frá Steinadal keypti svo húsið um 1990,



bjó þar í meira en 30 ár, hafði þar nuddstofu um tíma og gerði garðinn frægan.

Neðan við húsið, þar sem gatan er nú, voru skúrar sem Hjalti reisti fyrir fiskverkun, beitningaraðstöðu, geymslu, trésmíða-verkstæði og smávægileg verslun var líka í einum skúrnum. Steypt plan var þar neðan við og þar var líka Hjaltabryggja sem gerð var á sama tíma og húsið var byggt, 1922-23, til viðbótar við bryggjurnar sem komu um aldamótin 1900, Riis-bryggju og Kaupfélagsbryggjuna. Síðasti skúrin var ekki rifinn fyrr en eftir 1965 og stóð þá á hálfri Höfðagötunni sem þá hafði verið lögð (Óli E. Björnsson 1990: 234-5). Umhverfið breyttist svo allt þegar uppfylling var gerð þarna framan við.

Önnur aldursfriðuð mannvirki á Hólmavík

Ekki eru fleiri hús á Hólmavík sem njóta aldursfriðunar, en þó eru þar önnur aldursfriðuð mannvirki utan afmarkaðs verndarsvæðis. Þar er um að ræða vitann á Vitaklifinu sem var reistur 1915 og tvær innsiglingarvörður sem voru sama ár hlaðnar þar sem þær eru nú. Áður höfðu verið innsiglingarvörður á Hólmavík frá því fyrir aldamótin 1900, en þær voru færðar þetta ár (NN 1915: 141).

Einnig stendur ennþá símastaur við endann á Borgabrautinni sem talinn er vera upprunalegur eða frá 1908. Hvort sem það er rétt eða ekki er sjálfsagt að passa vel upp á staurinn og jafnvel grípa tækifærið til að miðla fróðleik, enda minjar um þennan þátt sögunnar sjaldséðar (Engilbert Ingvarsson 2011).

Umsagnarskyld hús á verndarsvæðinu

Öll hús byggð á árabílinu 1924-1940 eru samkvæmt nýlegum breytingum á minjalögum umsagnarskyld. Byggingarfulltrúi á að sjá um að leitað sé til Minjastofnunar við breytingar á þeim.

Umsagnarskyld hús:	Mannvirkjaskrá	Leiðréttingar
Brunngata 1	1947	1937
Hafnarbraut 16	1930	1935
Hafnarbraut 18	1928	1927
Hafnarbraut 18b – Skóverkstæði1928?		
Hafnarbraut 20 – Jónshús	1930	1929
Hafnarbraut 22 – Viðeyjarhús	1940	
Hafnarbraut 29	1935	
Hafnarbraut 31 – Símsstöðin	1925	1935
Hafnarbraut 35	1933	1935
Hafnarbraut 37 – Verkalýðshúsið	1933	
Höfðagata 14 – Ráðaleysið	1925	1929
Höfðagata 2 – Höfði	1928	1939
Höfðagata 3 – Þróunarsetrið	1932	1934
Höfðagata 8 – Austurhúsið	1940	1933
Höfðagata 9	1931	
Höfðagata 10 – Vesturhús	1925	1929
Höfðagata 11	1925	1933
Höfðagata 13	1937	
Kópnesbraut 1 – Albertshús	1920	1925
Kópnesbraut 3 – Tryggvaskáli	1935	1938
Kópnesbraut 5 - Hús Jóns söðla	1927	1924
Kópnesbraut 6 – Brynjólfshús	1923	1932
Kópnesbraut 10 - Steinholt	1935	1940
Kópnesbraut 11	1930	
Kópnesbraut 21 - Dvöl	1935	1937
Smíðahúsið í Norðurfjöru	1938	1936
Snæfell	1948	1938

Brunngata 1

Húsið var byggt 1937 af Magnúsi Jónssyni frá Arnkötludal og sonum hans, Þorsteini og Kristmanni. Það var fyrsta húsið við Brunngötuna. Var nokkuð umtalað að ræktað land, Jónstúnið, var tekið undir bygginguna (Óli E. Björnsson 1990: 198).

Í úttektarbók er úttekt á húsinu dagsett 10. maí 1938 og það sagt nýbyggt, timburhús með valmapaki og talsvert af timbrinu rekaviður, járnklætt með steinsteyptum kjallara. Í húsinu eru sex hurðir og fimm gluggar tví- og þrísettir og byggingin er öll sögð vönduð að frágangi og efni. Síðar bættist við viðbygging, en talað er um ytri forstofu í úttektarbókinni (Úttektarbók 1925: 118-20).



Arinbjörn Vilhjálmsson segir að viðbyggingin, geymsla og bílskúr, lýti húsið nokkuð. Húsið sé einfalt timburhús sem hafi þó einkenni smáhúsa frá þessum tíma, líkt og Tryggvaskáli. Það megi því vel flokka sem timbur-fúnkís (Arinbjörn Vilhjálmsson 2000: 222-3).

Hafnarbraut 16

Húsið var reist 1935 af Haraldi Guðjónssyni (syni Guðjóns snikkara). Í fyrstu var húsið notað sem bílskúr og einnig hlaða,

en síðar einnig til íbúðar segir í Hólmavíkurbók (Óli E. Björnsson 1990: 86-7), en samkvæmt úttekt sem gerð var í maí 1936 voru íbúðarherbergi og eldhús í húsinu frá upphafi. Fyrst var húsið aðeins neðri hæðin, timburhús járnklætt (Úttektarbók 1925: 97-8), en síðar var byggð íbúðarhæð ofan á húsið á árunum 1944-45. Timburgrind er í húsinu og það járnvarið að utan, inngangur í „útúrbyggingu“ eins og segir í úttekt sem gerð var þá (Úttektarbók 1943: 14).



Húsið er mikilvægt fyrir götumyndina og stendur þar sem áður var fjörुकamburinn. Grjóthleðsla var áður neðan við húsið og náði sjórinn þar að, þar sem nú er gangstéttin við húsið. Það samsvarar sér vel og styrkir gömlu bæjarmyndina (Arinbjörn Vilhjálmsson 2000: 116-17). Nýlega er lokið viðgerð á húsinu öllu og það hefur verið klætt að nýju.

Hafnarbraut 18 (og skúrin)

Húsið er sagt byggt 1927 í Hólmavíkurbók og fasteignamatinu frá 1930 (Fasteignamat 1930). Í úttektarbók er það sagt nýbyggt, en úttektin er undirrituð 20. mars 1928. Ártalið 1927 er því líklegasta byggingarárið. Guðjón snikkari Jónsson byggði húsið fyrir sjálfan sig (Óli E. Björnsson 1990: 88). Í úttektarbókinni kemur fram að húsið er steinsteypt, kjallari og ein hæð (Úttektarbók 1925: 26-8).

Húsið var upphaflega með kastalapakki og svelg í miðju þakinu. Arinbjörn Vilhjálmsson segir það hafa verið undir áhrifum frá nýrómonskaðum virkisstíl og að kastalaútlitið á veggjunum hafi verið einsdæmi á Hólmavík (Arinbjörn Vilhjálmsson 2000: 124-5). Brunngata 7 var hins vegar upphaflega með samskonar kastalaútliti, en síðar var byggt ofan á bæði þessi hús.



Hafnarbraut 18 var með vatnssalerni og hefur þá verið eitt af fyrstu slíkum í þorpinu (Úttektarbók 1925: 26-8). Smíða-verkstæði var í kjallaranum og verslað í einu herbergi. Sama fyrirkomulag hjá næstu tveimur eigendum (Óli E. Björnsson 1990: 89-90). Í ferðasögu Árna Óla frá 1945 talar hann um húsið sem gistihús (Árni Óla 1949: 166). Byggt var ofan á íbúðarhúsið á árunum 1947-8, íbúðarhæð og valmapak með kvistum (Óli E. Björnsson 1990: 89).

Samkvæmt úttektinni voru önnur hús á lóðinni fjós yfir tvær kýr, haughús og safngryfja, öll steyp, auk geymsluhúss yfir hey og fleira úr timbri og járn, auk þess lítið hænsnahús (Úttektarbók 1925: 26-8).

Sjóvarnargarður kallaður Bólverkið var neðan við húsið, steypur og hlaðinn úr stórgrýti. Í skúrnum við húsið var síðar frá stríðslokum skóverkstæði, þar sem Þorvaldur Jónsson (Valdi

skó) starfaði og var hann á þeim tíma eini skósmiður sýslunnar. Þegar gatan var gerð og færð niður fyrir Hafnarbraut 16, var skúrin ásamt síðari tíma viðbættum bílskúr færður neðar á uppfyllinguna til að rýma fyrir götunni og þá breytt (Óli E. Björnsson 1990: 91-92).

Hafnarbraut 20 (Jónshús, Kristjánsborgarhöll)

Húsið var byggt af Guðjóni snikkara og er reisulegt bárujárns-hús með bíslagi og hefðbundinni gluggasetningu (Arinbjörn Vilhjálmsson 2000: 130-31). Úttekt fyrir Jónshús er dagsett í febrúar 1930 og húsið þar sagt nýbyggt. Fimm herbergi í steinsteyptum kjallara, klósett og inngangur. Ofan á kjallarann er byggt úr timbri og járnklætt, rishæð efst með kvistum til beggja átta. Alls voru fimmtán herbergi í húsinu (Úttektarbók 1925: 32-4; Fasteignamat 1930).

Í húsinu var um tíma vídeóleiga og í hluta af kjallaranum var um árabíl rekin bókabúð. Eins var seld gisting í húsinu um tíma (Óli E. Björnsson 1990: 95-7).



Nú hefur verið unnið að viðgerð á húsinu í nokkur undanfarin ár og búið að skipta um glugga og endurnýja klæðningu á veggjum og þaki og skipta um glugga. Unnið er að lagfæringum inni í húsinu um þessar mundir og stendur eigandinn Þráinn Ingimundarson fyrir því sem gerði einnig upp Hafnarbraut 22.

Hafnarbraut 22 (Gunnarshús / Viðeyjarhús)



Húsið er, að því talið er, smíðað upp úr viðum húss sem áður stóð í Viðey, en var reist á Hólmavík árið 1940. Húsið í Viðey sem timbrið er úr var líklega eitt af svokölluðum Verkunarhúsum sem reist voru á árunum árin 1907-08 og hugsanlegt að timbrið hafi komið úr húsum sem komu frá Mandal í Noregi fyrir tilstilli Thors Jensen. Gefur þessi uppruni húsinu aukið vægi frá sjónarhorni minjaverndarinnar (Óli E. Björnsson 1990: 98).

Ekkert er minnst á þennan uppruna timbursins í úttektarbók, en

húsið er tekið út, í fyrra skipti til lántöku. Sagt er að það sé íbúðarhús (efri hæð), en fiskvinnslu og geymsluhús ásamt beitningaplássi (neðri hæð). Skúr viðbyggður við sjóinn hjá Riisbryggju, byggt 1940 (Úttektarbók 1925: 168-70 og 171-2). Plan neðan við húsið var rífið 1980 og fyllt að með möl (Óli E. Björnsson 1990: 98). Húsið myndar sterka heild með Ráðaleysi sem stendur þarna við hliðina (Arinbjörn Vilhjálmsson 2000: 134-5).

Í húsinu hefur verið bæði búið og unnið með fisk og var svo strax í upphafi. Síðar var íbúð í öllu húsinu og enn seinna var á tímabili bifreiðaverkstæði á neðri hæðinni. Húsið var um tíma kallað Varsjá vegna pólsks verkafólks sem þar bjó, en er nú nefnt Viðeyjarhúsið. Húsið var nýverið gert rækilega upp og þar er nú starfrækt gistihús frá árinu 2019. Stóð eigandinn, Þráinn Ingimundarson, fyrir þessari viðamiklu viðgerð á húsinu.

Hafnarbraut 29

Húsið sem var reist 1935, af Valdimar Guðmundssyni smið, er reisulegt tvílyft timburhús með kjallara og háu risi. Það stendur hátt á nokkuð áberandi stað, en er þó á bak við Hafnarbraut 16. Kvistur með bogadregnu þaki þykir sérstakur og gefur húsinu svip. Arinbjörn Vilhjálmsson segir húsið gott dæmi um myndarlegt alþýðuhús í bárujárnsstíl sem er mikilvægt í bæjarmyndinni (Arinbjörn Vilhjálmsson 2000: 114-15). Nýlega var gert við húsið og það er í góðu ástandi.

Lóðin er frekar stórgrýtt, en hefur þó verið ræktuð vel. Áður lá þröng gatan um Brennuhólinn milli hússins og Hafnarbrautar 16, en nú eru bæði húsin ofan við veginn (Óli E. Björnsson 1990: 104-5). Áður var eins og hlið inn í þorpið á milli þessara húsa.

Í úttekt sem gerð var í maí 1936 er sagt að húsið standi við Baunaklífið og inngangur frá götunni á suðurhlið. Kjallarinn er



þá óinnréttaður með öllu (Úttektarbók 1925: 101-2), en í síðari úttekt frá desember 1939 er húsið endurmetið og sagt að um sumarið hafi kjallarinn verið innréttaður og við inngang á miðhæð hafi verið byggð stór forstofa og skilrúmuð í tvennt, klædd utan með bárujárn og þiljuð að innan. Eins hefur þá verið settur kvistur á efri hlið og kvistgluggi settur yfir stiga, auk þess sem eldhús hefur verið mikið endurbætt (Úttektarbók 1925: 165-8).

Hafnarbraut 31

Húsið telst vera hið elsta í þorpinu sem flokkast sem „fúnkís“ í húsagerðarlist. Sigmundur Halldórsson var yfirmiður. Húsið var reist 1935, en húsið er steipt með valmapaki (Arinbjörn Vilhjálmsson 2000: 118-19). Í húsinu var meðal annars rekin Verzlun Kristjáns Jónsson og co, auk þess sem þar var rekin símstöð og pósthús á neðri hæðinni. Auk þess hélt málfundafélagið Vaka fundi sína þar endrum og sinnum og unglingaskóli Hólmavíkur hafði þarna stofu í nokkur ár. Á efri hæðinni var alltaf íbúð. Símtöðin var færð úr húsinu 1978 (Óli

E. Björnsson 1990: 106). Bílskúr stendur vestanvert við húsið, sambyggður. Byggt var við húsið austanvert 1951 (Hafnarbraut 33) og saman setja þessi hús „miðbæjarbrag“ á götuna (Arinbjörn Vilhjálmsson 2000: 119).



Í úttekt sem gerð er fyrir húsið í des. 1935 segir að húsið sé hraunpússað og gluggar séu sex fjórsettir, sjö þrísettir og einn tvísuttur. Hurðir í húsinu séu 24 og útidyrhurðin úr „Teak“, innan gæsalappa í úttektinni. Þá sé á lóðinni hús til geymslu úr einfaldri steinsteypu með jarnpaki (Úttektarbók 1925: 91-4).

Hafnarbraut 35

Um er að ræða einfalt bárujárnshús með steiptum kjallara, frá kreppuárunum. Það var reist 1935 af Þórði Guðmundssyni og

Valdimar smið bróður hans. Þarna var 1948 sett upp fyrsta brauðgerð Hólmavíkur og starfrækt bakarí í nokkur ár (Óli E. Björnsson 1990: 108-9).

Í úttekt sem undirrituð er í maí 1936 kemur fram að inngangur sé frá götuhlið og niðri séu fimm herbergi og forstofa. Á stofuhæðinni sé forstofa, tvær dagstofur, tvö svefnherbergi, fatageymsluklefi og loft uppi yfir til geymslu í risi hússins. Þar séu öll gólf dúklögð og veggir betrekkir. Gluggar hússins séu fjórir þrísettir, fimm tvísettir og tveir einsettir. Húsið sé allt vandað að frágangi og efni (Úttektarbók 1925: 101-2).

Arinbjörn Vilhjálmsson segir húsið einfalt og látlaust, samræmi og hlutföll séu góð (Arinbjörn Vilhjálmsson 2000: 125-6).



Hafnarbraut 37 (Verkalýðshúsið)

Hér um að ræða einfalt steinsteypuhús með klassísku lagi og valmapaki, fyrsta slíka þakið sem sást á Hólmavík (Arinbjörn Vilhjálmsson 2000: 128-9). Það var reist 1933 og trésmiðurinn Valdimar Guðmundsson byggði það fyrir sjálfan sig (Óli E. Björnsson 1990: 109-10).



Úttekt var gerð á húsinu í mars 1934 og tekið sérstaklega fram að það standi neðst á túnlóð Jóns Finnssonar. Inngangur sé á austurhlið. Sjö gluggar séu á húsinu, þrír settir og aðrir sjö tvísettir, en þar að auki 3 þakgluggar og stigi til uppgöngu á þurrkloft. Hurðir í húsinu séu alls 11 (Úttektarbók 1925: 69-71).

Framan af voru íbúðir á báðum hæðum, en síðar var um tíma starfrækt verslun á neðri hæðinni og Búnaðarbankinn var þar með útibú sitt frá stofnun 1973 til 1981. Í húsinu var Verkalýðsfélag Hólmavíkur um tíma með skrifstofur sínar á jarðhæðinni, en félagið eignaðist húsið 1986. Auk alls þessa

rekstrar var húsið var alltaf íbúðarhús jafnhliða (Óli E. Björnsson 1990: 109-10). Árið 2011 var skipt um járn á þakinu og kvistir stækkaðir.

Útihús voru frá upphafi á baklóðinni, skúr og hlaða úr bárujárn. Stærð hlöðunnar eru 6x10 álnir og skúrarinnar 5x6 álnir, segir í úttektinni (Úttektarbók 1925: 71). Í Hólmavíkurbók er talað um fjós, fjárhús og hlöður og síðar bílskúr (Óli E. Björnsson 1990: 109-10). Honum var nýlega breytt í smáíbúð, sennilega 2020.

Höfðagata 14 (Ráðaleysi)

Húsið er með elstu fiskverkunarhúsum Hólmavíkur og setur mikinn svip á götmynd gamla bæjarhlutans. Í mannvirkjaskrá er húsið sagt byggt 1925, en ártalið 1927 hefur verið haft fyrir satt nú um hríð og er á skilti utan á húsinu. Búið var á efstu hæðinni um tíma fyrstu árin og Jón Loftsson íbúi á Hólmavík sagðist hafa fæðst þar í desember 1927.



Samkvæmt úttektarbók virðist húsið þó frekar hafa verið byggt 1929, en úttekt er dagsett 6. febrúar 1930. Þá er metið fiskhús

og vörugeymsla Riis-verslunar sem samkvæmt lýsingunni hlýtur að vera Ráðaleysið miðað við stærð og gerð. Það er sagt 25x13 álnir, járnklætt og timburklætt innan á grindina. Gott port og ris, afþiljuð vörugeymsla í öðrum endanum uppi, en þrjú herbergi afþiljuð undir suðurhlið. Þak tréklætt, járn og pappi. Fram kemur að við húsið sé plan til fiskverkunar úr timbri og steinsteypu. Inngangur á báðum hliðum, stigi upp á loft, 10 gluggar einsettir og 5 tvísettir (Úttektarbók 1925: 34-6). Árið 1930 hefur Riis-verslun síðan byggt fiskvöskunarhús á tréplani neðan við neðan við Ráðaleysið, 6x10 álnir að stærð (Úttektarbók 1925: 44).

Í Hólmavíkurbók kemur fram að hugmyndin hafi frá upphafi verið að uppi í Ráðaleysinu yrði íbúð og niðri fiskverkun. Þar er einnig sagt að í húsinu hafi verið mótuneyti fyrir sjómenn frá Hellissandi fyrsta árið (Óli E. Björnsson 1990: 242).

Húsið myndar sterka götumynd með Viðeyjarhúsinu við hliðina (Arinbjörn Vilhjálmsson 2000: 138-9).

Höfðagata 3 (Kaupfélagið / Þróunarsetrið)

Húsið var reist eftir bruna húsa Verslunarfélags Steingrímsfjarðar sem stóðu á sama stað og var tilbúið að hluta árið 1934. Flutt var inn í íbúðina það ár, milli jóla og nýárs, en þá eftir að innrétta og múra búðina á neðri hæðinni sem var svo tilbúin 1935 (Óli E. Björnsson 1990: 230). Tvær úttektir eru varðveittar á húsinu, fyrst virðing til lántöku dags. 6. nóv. 1934 þar sem byggingin er sögð í smíðum og langt komin (Úttektarbók 1925: 78-9). Síðan er önnur úttekt á nýbyggðu íbúðar og sölubúðarhúsinu sem er dagsett 14. Júní 1935 (Úttektarbók 1925: 89-91). Yfirsmiður var Guðjón Magnússon frá Kjörvogi (Arinbjörn Vilhjálmsson 2000: 144-5).

Kaupfélagsstjórar bjuggu í húsinu til 1974, en íbúðinni var þá breytt í skrifstofur. Kvistum hefur verið breytt frá upphaflegri




gerð (Óli E. Björnsson 1990: 230-32). Byggð var viðbót við verslunarhúsið við austurgafli hússins og tekin í notkun 1957, steinsteyp á tveimur hæðum með skúrpaki (Úttektarbók 1943-59: 46).

Þarna var svo verslunarhús Verslunarfélagsins og Kaupfélagsins (eftir nafnabreytingu) rekið til 1988 þegar starfsemin var flutt út í nýja hverfið, en skrifstofur voru áfram í húsinu. Nú er Þróunarsetrið á Hólmavík rekið í gamla Kaupfélagshúsinu, frá árinu 2008, en sveitarfélagið Strandabyggð hafði einnig skrifstofur þar á tímabilinu frá 2011-2020.

Höfðagata 10 og 8 (Pakkhúsið/Galdrasýningin og Austurhúsið)

Eftir brunann á húsum Verslunarfélagsins 1931 segir að aðeins hafi eitt hús eftir í eigu félagsins, nýlegt steyp pakkhús. Þetta mun vera Vesturhúsið/Galdrasýningin (Höfðagata 10), en býsna erfitt er að finna heimildir og ráða í byggingarárið á því. Það hefur lengi verið talið byggt 1925, eins og segir í Mannvirkjaskrá.



Nær öruggt er þó ártalið sé ekki rétt, en fjallað sé um vesturhúsið í úttektafbók í færslu frá 7. feb. 1930, nýbyggt vörugeymsluhús Verslunarfélagsins (gæti þá sem best verið reist 1929), steinsteypt, 11x19 álnir. Gluggar tvísettir séu alls 6 og raflýsing uppi og niðri. Ein vængjahurð fyrir inngangi á austurgafli og stigi (Úttektarbók 1925: 38-9). Þetta var síðan aðalpakkhús Kaupfélagsins og austan við það byggt annað hús í tveimur hlutum, líklega 1933 fyrri hlutinn. Í úttekt sem gerð er í mars 1934 var tekið út nýbyggt steinsteypt fiskvöskunarhús Verslunarfélagsins 10x12 álnir að stærð, steinsteypt plan undir húsinu og nokkuð fram í fjöruna. Gluggar voru þrír niðri og einn uppi, vængjahurðum móti suðri og vestri. Stærðin gefur til kynna að þetta sé vestari hluti Austurhússins (Úttektarbók 1925: 72-3). Mjög fljótlega hefur verið byggt við það, líklega 1934, því það sést fullbyggt á mynd sem er örugglega frá 1934.

Á milli Austurhússins og Vesturhússins var bil og kaupfélagsbryggjan þar fram af og timburplan fyrir neðan Vesturhúsið. Annað minna plan var neðan við Austurhúsið, en upphaflega var fiskverkun í Austurhúsinu (Óli E. Björnsson 1990: 249-51).

Eftir 1988 var áhaldahús hreppsins til húsa í vesturhúsinu, en um aldamótin 2000 var byggt á milli húsanna og gerður inngangur þar, en vesturhúsinu breytt í Galdrasýningu á Ströndum. Þá var húsinu breytt úr steypu húsi með járnþaki í timburklætt hús (yfir steypuna) með torfþaki. Lengra leið þar til Austurhúsið var einnig tekið í gegn, en nú á allra síðustu árum hefur bæði þak þess verið timburklætt með rennisúð og veggir klæddir timbri og rekaviði að hluta, auk þess sem húsin bæði hafa verið máluð svört.



Höfðagata 9 (Magnúsar Lýðssonar-hús, Björgunarsveitarhúsið (Rósubúð))

Húsið var byggt árið 1931, af Magnúsi Lýðssyni sem þá var fluttur úr Kálfanesi. Húsið er veglegt steinsteypuhús og var ákveðið í byggingarferlinu að bæta þriðju hæðinni ofan á það. Trésmíðaverkstæði var byggt við húsið aftanvert eftir 1965 og

var rekið þar fram yfir 1990. Í húsinu bjó jafnan fjöldi fólks, leigjendur og húsráðendur og veturinn 1935-6 var kennslustofa í húsinu (Óli E. Björnsson 1990: 236-8). Úttekt á húsinu er varðveitt (Úttektarbók 1925: 52-4).



Árið 1989 varð brunatjón í húsinu og eftir það eignaðist Björgunarsveitin Dagrenning húsið, hafði þar starfsemi sína og stjórnstöð og nefndi húsið. Svo var til loka árs 2024, þegar nýtt hús var byggt fyrir Björgunarsveitina Dagrenningu úti á Skeiði.

Húsið er með sérkennilegu steinsteypuskrauti á göflunum, sem flokkast sem jügend eða skreytistíll, eða jafnvel sem nýbarokk. Var það Guðjón Jónsson snikkari sem hannaði og reisti húsið (Arinbjörn Vilhjálmsson 2000: 154-5). Finna má tvö svipuð hús í sveitinni í grennd við Hólmavík, annarsvegar á Víðidalsá, byggt nokkrum árum fyrr og hinsvegar á Broddanesi.

Fjölmörg útihús voru á lóðinni í kringum Magnúsar Lýðssonar-húsið, fjós og hlaða, hjallur, heyhlaða og járnsmiðja þar sem Magnús starfaði að sinni iðn.

Höfðagata 11

Húsið var byggt 1933, tveggja hæða hús og eigandinn Magnús Halldórsson byggði það sjálfur. Úttekt er gerð á húsinu 7. maí 1934 og er það steinsteypt, 10x13 álnir. Inngangur er eins og nú á vesturhlið, í útbyggða forstofu sem var með svölum uppi yfir. Niðri voru fimm stofur, en tvær stofur uppi, forstofa, eldhús og svefnstofa. Þak úr timbri og járnvarið. Gluggar eru 2 þrísettir og 11 tvísettir og hurðir 12 í húsinu, segir í úttektinni (Úttektarbók 1925: 76-7).



Bak við húsið voru útihús til geymslu og fleira, stærðin 6x10 álnir og efra loft í því hálfu. Þar áfast við er steinsteypt fjós og haughús og þar viðfest hænsnahús. Að auki fylgir húsinu hjallur frammi á höfðanum 5x7 álnir (bárujárn á grind). Allt úr nýju efni, vandað að frágangi og vel upp sett (Úttektarbók 1925: 77). Húsið á bak við stendur að nokkru leyti enn sem bílskúr, en er verulega breytt frá upprunalegri mynd. Íbúðarhúsið var klætt 1984 (Óli E. Björnsson 1990: 238-9). Arinbjörn Vilhjálmsson

segir húsið ómissandi hluta af götummynd Höfðagötu (Arinbjörn Vilhjálmsson 2000: 156-7).

Höfðagata 13

Húsið var byggt af Guðmundi Guðmundssyni bátasmið frá Bæ árið 1937 samkvæmt Hólmavíkurbók (Óli E. Björnsson 1990: 239-40). Úttekt var gerð 9. maí 1938 og húsið þá sagt nýbyggt, steinsteypt 8x6,5 m. Á norðurhlið var fremri forstofa, en í húsinu sjálfu forstofa og fjórar aðrar stofur að meðtöldu eldhúsi. Í húsinu eru sagðar 7 dyr og 7 gluggar, tví- og þrísettir. Kjallari undir með einu skilrími og tveimur gluggum (Úttektarbók 1925: 117-18).



Húsið var upphaflega ein hæð og kjallari, en önnur var byggð ofan á síðar. Eins var húsið klætt að utan 1984 (Óli E. Björnsson

1990: 240). Arinbjörn Vilhjálmsson segir húsið myndarlegt alþýðuhús, byggt á kreppuárum (Arinbjörn Vilhjálmsson 2000: 157-8).

Höfðagata 2 (Höfði)

Húsið við Höfðagötu 2 sem hefur nafnið Höfði var byggt 1939. Úttekt er dagsett 9. des. 1939 og húsið sagt nýbyggt, steinsteyppuhús með járnþaki, þrýðilega vandað að efni og frágangi, en ekki fullfrágengið inni (Úttektarbók 1925: 160-62). Í úttekt sem gerð var síðar og er undirrituð 4. janúar 1952, er tekin út rishæð sem byggð hafði verið ofan á húsið og þá hafa verið gerðir tveir kvistir á þakið. Sagt er að hæðin sé þá þegar notuð til íbúðar, hún sé vönduð og henni fulllokið að mestu, svo óhætt er að setja árið 1951 sem byggingarár þessara breytinga, rishæðarinnar og kvistanna (Úttektarbók 1943: 33).



Húsið stendur á mjög áberandi stað við enda Höfðagötunnar og setur mikinn svip á umhverfi sitt. Húsið var klætt að utan 1984. Húsinu hefur lengstum verið skipt í tvær íbúðir, uppi og niðri (Óli E. Björnsson 1990: 229). Arinbjörn Vilhjálmsson segir húsið

alpýðuhús með vott af fúnkísáhrifum, þótt það sé ekki með valmapaki. Kletturinn við hlið þess setur svip á umhverfið og eykur gildi staðsetningarinnar (Arinbjörn Vilhjálmsson 2000: 160-61).

Kópnesbraut 1 (Albertshús)

Húsið var reist á Hólmavík 1925, smiður var Magnús Magnússon (Óli E. Björnsson 1990: 131). Samkvæmt úttekt frá 5. maí 1925 er það sagt nýbyggt, en smíðað að mestu úr húsi sem hafði staðið á Eyjum á Bølum í 12 ár. Það er reist á steinlímdan kjallara, portbyggt með risi. Fjögur herbergi á neðra gólfi og fjögur á efra gólfi. Í kjallara eru tvö skilrúm og hefur hann þannig þrjú herbergi. Skúr er sögð áföst við húsið úr steinsteypu og jární, með járnþaki 9x6 álnir. Húsið ekki járnvarið nema á þaki (Úttektarbók 1925: 2-3).

Húsið er í bárujárns svætser stíl, sem sést á gluggaföldum sem á því voru, portrisi og miðjukvisti. Það hefur mikið gildi fyrir götmynd Kópnesbrautar (Arinbjörn Vilhjálmsson 2000: 173-4).



Heilmikill bílskúr sem byggður er við húsið (og er ekki til prýði) var smíðaður talsvert seinna. Húsið er timburhús á steinbyggðum kjallara og skrautlistar við glugga. Húsið hefur verið lagfært nokkuð síðustu ár og er það hægfara þróun. Marglitur gluggi var og er enn í glugga yfir innganginum í kjallarann.

Kópnesbraut 3 (Tryggvaskáli)

Smiðurinn Tryggvi Samúelsson reisti húsið sem smíðaverkstæði og er það sagt byggt 1935 í Mannvirkjaskrá. Af sóknar-mannatali virðist þó sem Tryggvi hafi ekki flutt fyrr en árið eftir til Hólmavíkur frá Broddanesi með Sigríði konu sinni og þjuggu þau í húsinu við hliðina, í risinu á Albertshúsi (Kópnesbraut 1).

Í fasteignamati 1940 er húsið sagt byggt 1938 og fullgert það ár, það sé vandað, einangrað með reiðingslagi og sé með valmapaki, eitt herbergi. Í úttektarbók Hrófbergshrepps er



sömuleiðis virðing á húsinu dagsett 15. des. 1938 og sagt að smíðahúsið sé þá nýbyggt. Það sé úr einfaldri steinsteypu, þiljað innan og stoppað á milli. Húsið sé eitt rými, með járnþaki, þremur gluggum, ofni, vatnsleiðslu og raflýsingu (Úttektarbók 1925: 134). Húsið er gott dæmi um smáhús á einni hæð með horngluggum, sem var algengt á þessum tíma (Arinbjörn Vilhjálmsson 2000: 176-7).

Tryggvaskála var svo breytt í íbúðarhús eftir að þau hjónin fluttu suður á bóginn 1942 (Óli E. Björnsson 1990: 1936-7). Tryggvi var síðar húsvörður og smiður í Þjóðminjasafninu og tók feykimikið af ljósmyndum á Ströndum. Á tímum næsta eiganda var gisting í húsinu, síðar rafmagnsverkstæði og í örfá ár var skrifstofa Hólmavíkurrepps í því (Óli E. Björnsson 1990: 136-7). Eins og mörg önnur hús hefur Tryggvaskáli því gengt mörgum hlutverkum og á sér merka sögu.

Kópnesbraut 5

Í úttektarbók í júlí 1925 segir að húsið sé tæplega árgamalt, svo það er byggt 1924. Það er í úttektinni sagt vera 10x8 álnir, 4 álnir undir loft, 5 sex rúðna gluggar og 5 hurðir á járnum. Það sé einlyft og ójárnvarið nema á þaki. Tvö þverskilrúm séu í húsinu en því sé skipt í fjögur smá herbergi. Skúr sé áföst við norðurgafli hússins 3x8 álnir, veigalítil timburgrind, veggir og þak úr bárujárni. Húsið var að öllu leyti úr nýju efni (Úttektarbók 1925: 3-4).

Einfalt og látlaust hús sem samsvarar sér vel, bísalagið sérstakt, segir Arinbjörn Vilhjálmsson. Gott dæmi um lítið alþýðuhús og upprunaleiki er mikill, aðeins gluggum hefur verið breytt (Arinbjörn Vilhjálmsson 2000: 184-5).

Ennþá er skúr við norðurgafli hússins, viðbyggður við húsið, en



gluggar eru breyttir frá úttektinni, þó þeir séu ennþá með krosspóstum. Húsið hefur snemma verið járnklætt. Húsinu er afbragðs vel við haldið.

Kópnesbraut 6

Húsið að Kópnesbraut var byggt á árunum 1931-32 og var fyrst hæð og ris með miðjukvisti sem sneri að Plássinu. Húsið er alþýðuhús frá kreppuárunum. Eigandinn Brynjólfur Brynjólfsson byggði það að mestu sjálfur (Arinbjörn Vilhjálmsson 2000: 186-7).. Síðar var önnur hæð byggð ofan á húsið (um 1980) og er það því gjörbreytt frá því sem var upprunalega. Viðbygging neðan við það er yngri en húsið sjálft (Óli E. Björnsson 1990: 148-150).

Í úttekt gerðri í nóvember 1932 kemur fram að húsið er steinsteypuhús, þakið járnklætt, og inngangur var frá austurgafli strax í byrjun. Uppi voru þrjú herbergi, þar af eitt kvistherbergi. Niðri forstofa, eldhús, tvær stofur og eitt herbergi, auk stiga upp á loft. Kjallari undir hluta hússins. Gluggar voru tveir þrísettir og þrír tvísettir, hurðir í húsinu alls átta og ofnar þrír. Fram kemur að húsið sé tilbúið (Úttektarbók 1925: 61-2).



Nýlega var húsið lagfært og klætt og skipt um glugga og settir gluggar með krosspóstum í það að nýju.



Kópnesbraut 11

Húsið var upprunalega hlaða, byggð af Magnúsi Lýðssyni sem átti heima í Björnshúsi (Kópnesbraut 9) um tíma eftir að hann flutti frá Kálfanesi. Þetta hefur verið 1931 (Arinbjörn Vilhjálmsson 2000: 196-7; Fasteignamat 1940). Húsið var síðar innréttað til íbúðar einfalt timburhús, hæð og portris, það gerði Magnús Hansson. Húsið er nýtt sem íbúð 1940, en talað um þá að mikið þurfi að gera við húsið til að það sé íbúðarhæft, það sé einklætt og ískalt. Gengið er inn í bíslag götumegin við húsið og er það komið 1940 (Fasteignamat 1940). Utan við húsið er geymsla eða bílskúr (Óli E. Björnsson 1990: 162).



Á sínum tíma var húsið selt til niðurrifs, en úr því varð ekki og húsið þykir mikilvægt fyrir heildarsvip Kópnesbrautar í dag. Húsið er mjög látlaust og því er vel við haldið.

Kópnesbraut 10 (Steinholt)

Húsið er byggt úr viðum úr húsinu í Vonarholti í Arnkötludal (sem hafði verið byggt um 1920), timburhús forskalað. Húsið

fékk nafnið á þeim tíma sem Einar Hansen bjó þar. Húsið er sagt byggt 1935 samkvæmt mannvirkjaskrá. Í húsakönnun Arinbjarnar Vilhjálmssonar er byggingarárið sagt 1935 og leiðrétt úr 1940, en ekki kemur fram hvaða heimild það byggir á (Arinbjörn Vilhjálmsson 2000: 194-5). Við lagfæringar á húsinu nýlega kom í ljós áletrun og ártal inni í einum veggnum. Þar stendur „Einar Ól. Guðmundsson 1934“. Við eftirgrennslan hefur komið í ljós að Einar (1908-1997) þessi bjó lengst af á Hvammstanga, en ekki hafa fundist heimildir um veru hans á Ströndum.



Í Hólmavíkurbók segir hins vegar að húsið sé byggt um 1940 af Árna E. Jónssyni (Óli E. Björnsson 1990: 159). Þetta er staðfest í úttekt frá 1940 þar sem segir að húsið sé byggt það sama ár og sé íbúðar- og smíðahús (Úttektarbók 1925: 174-5). Áletraða spýtan er því líklega frá tímum annarra framkvæmda.

Í úttektarbókum er aftur sagt frá húsinu í lok árs 1943. Einar Hansen keypti húsið 1943 og líklega er úttektin gerð í tengslum

við það. Timburhús, múrhúðað utan, í úttektinni sagt óvandað, stærð 6,9x6,25 m, en áföst viðbygging hefur þá bæst við fyrri úttekt 2,5x6,25 m að stærð. Húsið er enn með þessu lagi og viðbyggingunni (Úttektarbók 1943: 4).

Húsið er mikilvægt fyrir götumyndina á Kópnesbrautinni, innan við Bröttugötu, ásamt Dal og Gufubaðstofunni).

Kópnesbraut 21 (Dvöl)

Samkvæmt frásögn Nínu Hjaltadóttur í heftinu *Minningar: Lúðvík Hjaltason*, var húsið Dvöl byggt að mestu sumarið 1937 og flutt í það þá um haustið (hún var þá á tólfta ári). Húsið var þó alls ekki að öllu leyti frágengið þá og eina hurðin í húsinu var útihurðin, en Hjalti Einarsson sem var húsasmiður og byggði húsið var svo næstu misserin að bæta við (Theódór Lúðvíksson (án ártals): 7-8). Þetta passar við fasteignamat 1940 þar sem segir að húsið hafi verið reist 1937 og 1938 og sé ekki að öllu leyti fullgert, hafi ekki enn verið dúklagt og sé ómálað (Fasteignamat 1940).



Úttekt er gerð á húsinu í maí 1938. Þar segir að inngangur sé frá austurhlið, timburhús, með steinsteyptri efri hlið. Meðfram húsinu ofanverðu sé annað hús jafnlangt hinu. Suðurendi þess sé heyhlaða, en nýrri endinn þvottahús og geymsla. Veggur milli hliðu og geymslu sé sömuleiðis úr steypu. Þarna er líka talað um að húsið sé ófrágengið, járn vantí á útveggi, gólfduka, málningu og betrekk. Hins vegar sé byggingin úr nýju efni og vel gerð (Úttektarbók 1925: 120-23). Seinna varð svo útihúsa-hlutinn partur af íbúðarhúsinu sjálfu.

Viðgerð á húsinu er á lokastigi þegar þetta er ritað, þar sem m.a. hefur verið skipt um glugga og klæðningu og þakkantur lag-færður.

Dvöl myndar áhugaverða heild með kotbýlinu Kópnesi neðan við götuna, ramar inn götumyndina. Ásýnd hússins flokkast undir þjóðernisrómantík, þótt það hafi kannski ekki verið viðhorfið sem þarna bjó að baki við bygginguna (Arinbjörn Vilhjálmsson 2000: 206-7).

Smíðahúsið í Norðurfjörðunni

Húsið var reist af Guðmundi Guðmunds-syni frá Bæ, eftir að hann fluttist til Hólmavíkur. Húsið er tekið út 15. maí 1936 og er þá sagt nýbyggt bátasmíðahús (Úttektarbók 1925: 96-7) og er eina húsið sem enn stendur af gömlu húsun-um í Norðurfjörðunni. Húsið stendur í skugga af Hlein, en er mikilvægur vitnisburður um atvinnusöguna (Arinbjörn Vilhjálmsson 2000: 168-9).



Nýlega var gert við norðurenda hússins, sem skiptist á milli tveggja eigenda, og standa þær framkvæmdir enn yfir.

Snæfell

Snæfell er eitt af tveimur íbúðarhúsum sem falla utan við gatna-kerfið og götunúmer, þegar þau voru tekin upp í gamla bænum á Hólmavík (Arinbjörn Vilhjálmsson 2000: 214-15). Hitt er Bræðraborg sem stendur þar við hliðina, en saman mynda þessi hús og gömlu húsin við Kópnesbrautina þéttasta kjarnann í þeirri byggð sem hefur mikið varðveislugildi. Sérstaða þeirra og óregluleg götumyndin er hluti af þeirri heildarmynd og þeim hughrifum sem fylgja þessu svæði.



Snæfell er byggt í áföngum af eigandanum Þorgeiri Sigurðssyni. Húsið var reist árið 1938 og var fyrst aðeins ein hæð, með tvöfalda steypa vegg og reiðingstorf á milli. Rísið var þá meters hátt (Úttektarbók 1925: 137-8; Fasteignamat 1940). Sambyggt trésmíðaverkstæði sem nú er orðið hluti af íbúðarhúsinu var svo reist 1946-47 (Úttektarbók 1943: 7). Síðar var byggð rishæð

ofan á íbúðarhúsið og er sagt að hún sé nýbyggð í úttekt sem dagsett er 31. des. 1953. Tvö kvistherbergi eru þá á hæðinni, íbúðarherbergi undir súð, baðherbergi, stigauppgangur og geymsla. Þakið timburpak járnvarið, timburgólfið dúklagt og dyr út á svalir yfir forstofu á neðri hæð (Úttektarbók 1943: 43).

Gluggum hefur verið breytt frá upprunalegri ásýnd og húsið klætt.



Önnur umsagnarskyld hús (utan verndarsvæðis)

Fleiri hús eru byggð á Hólmavík á árabílinu 1923-1940 og eru því umsagnarskyld, en falla utan þess svæðis sem hér hefur verið markað sem verndarsvæði. Engin hús eru þó í þeim hópi innan við Hólmavíkurkirkju. Fyrstu húsið sem byggð voru utan við Brennuhól og eftir að þorpið varð til á Tanganum eru Klifið

(1930), Litla-Hella (1931) og Rósuhús (1933), öll horfin.

Hús sem enn standa og eru byggð á þessu árabíli og því umsagnarskyld eru **Hvoll** (Hafnarbraut 1) sem var byggt 1933 (Úttektarbók 1925: 65-6) og **Sýslumannshúsið** (Hafnarbraut 2) sem var reist 1940, að hluta úr timbri úr íbúðarhúsinu í Kálphanesi (Úttektarbók 1925: 176-8). Teikningarnar af sýslumannsbústaðnum eru áritaðar af Guðjóni Samúelssyni húsameistara ríkisins og Gústafi Pálssyni (Arinbjörn Vilhjálmsson 2000: 21).

Önnur hús á verndarsvæðinu

Hér er loks listi yfir önnur íbúðar- og atvinnuhús sem staðsett eru innan vébanda verndarsvæðisins, en voru byggð eftir 1940.

Hús	Mannvirkjaskrá	Leiðrétting
Borgabraut 2	1948	1947
Húsið var reist á árunum 1946-1947. Borgabraut 2 er fyrsta húsið sem var reist við Borgabrautina, en tvö hús við hliðina á næstu árum. Úttekt á húsinu er undirrituð dags. 29. desember 1947 og sagt að það sé steinsteypt, ein hæð, rishæð með valmapaki og kjallari óniðurgrafinn, 8x8 m utanmál (Úttektarbók 1943: 7-8). Smiður var Þorsteinn Jónsson frá Broddanesi, sem þá var nýlega fluttur til Hólmavíkur. Eins er í frásögur fært að húsið hafi verið fyrsta steinsteypta húsið á Hólmavík sem klætt var að utan (Óli E. Björnsson, s. 207-8).		

Í úttektarbók er skráð 4. janúar 1951 að bílskúr hafi verið byggður úr steinsteypu áfastur við íbúðarhúsið norðan við, 8x5 m, en ekki tekið fram hvenær. Áætla má að hann hafi verið byggður 1950 út frá dagsetningunni á úttektinni (Úttektarbók 1943: 22). Hlutföll hússins eru hrein og samsvörun góð og

garður til mestu prýði. Sólskýli hefur verið byggt við húsið vestanvert (Arinbjörn Vilhjálmsson 2000: 232-3).

Borgabraut 4 1952

Steinsteypt hús með valmapaki byggt af bræðrunum Guðmundi og Gústaf A. Guðmundssonum, smiður var Björn Guðmundsson í Bæ á Selströnd. Samkvæmt úttekt sem skrifuð er 31. desember 1953 er húsið tvær hæðir og svalir á hvorri hæð. Risið er portlaust, en kjallari undir hálfu húsinu. Þegar úttektin er gerð er eftir að innrétta efri hæðina, en búið að taka þá neðri til íbúðar og sagt að húsið sé byggt á árunum 1948-1952 (Úttektarbók 1943: 36).

Húsinu hefur ítrekað verið breytt, settir stórir kvistir á þakið til allra átta og byggt við húsið að auki. Arinbjörn Vilhjálmsson segir að viðbæturnar séu yfirpyrmandi (Arinbjörn Vilhjálmsson 2000: 234-5). Fyrsti kvisturinn sem snýr upp að Borgunum var kominn mjög snemma á húsið samkvæmt ljósmyndum, en ekki er getið um hann í úttektinni. Að Borgabraut 4 hefur verið rekið gistiheimili frá 1991.

Borgabraut 6 1950 1949

Húsið var steypst og orðið fokhelt 1948, en tekið í notkun 1949 og 1950. Teikningar komu frá teikni stofu Húsameistara ríkisins og áritaðar af Guðjóni Samúelssyni (Arinbjörn Vilhjálmsson 2000: 236-7). Þorsteinn Jónsson var yfirsmiður.

Úttekt er dagsett 4. janúar 1951. Húsið var fyrst alltaf kallað læknisbústaðurinn eða sjúkrahúsið. Upphaflega var lengd hússins 15,9 m og breidd 11 m, hæð og rishæð og kjallari undir hálfu húsinu, samkvæmt úttekt. Í úttektinni kemur einnig fram að einstæður bílskúr sé við húsið, úr timbri og múrhúðaður, þak járnlætt stærð 8x5 m, þannig að hann hefur verið þarna frá upphafi (Úttektarbók 1943-59: 23-4). Fyrstu áratuginu var í



húsinu lækningastofa og apótek, allt þar til Heilsugæslan tók við því hlutverki í nýbyggðu húsi þarna við hliðina, árið 1985. Bílskúrin var rifinn 1989 (Óli E. Björnsson 1990: 209-211). Þarna er nú heilbrigðisstofnun, langlegudeild fyrir veikt aldrað fólk.

Húsið var klætt með Steni klæðningu 1989 en múrhúðin hafði þá veðrast mikið (Arinbjörn Vilhjálmsson 2000: 237) og síðar byggð við það heilmikil viðbygging sem tekin var í notkun sumardaginn fyrsta 2003. Sú viðbót gjörbreytti aðstöðu allri til hins betra, en um leið húsinu sjálfu. Byggingin er áberandi úr gamla bænum eins og hin húsin við neðanverða Borgabraut, þau eru þarna í sjónlínu úr gamla bænum, og rísa yfir gömlu húsin við Kópnesbrautina, uppi á brekkubrúninni.

Brekkugata 4 – Bragginn 1937**1946**

Bragginn sjálfur var fluttur frá Reykjum í Hrutafirði, þar sem hann hafði verið samkomuhús hermanna, til Hólmavíkur í lok seinni heimsstyrjaldar og settur á steiptan grunn við Brekkugötuna. Framan við var byggt veglegt hús á tveimur hæðum og var hugmyndin að rífa braggann sjálfan fljótlega og byggja reisulegra samkomuhús þar aftan við í staðinn. Byrjað var á framkvæmdinni 1945. Þetta kemur m.a. í fram í ferðasögu Árna Óla í ferð um Strandir og Dali frá því sumri. Hann segir að verið sé að reisa samkomuhús, en efast um að það verði bæjarprýði. Þarna kemur fram að hugmyndin hefur verið að hafa steinsteipt hús bæði framan og aftan við Braggann. Í því fremra sé anddyri, fatageymsla og snyrtiherbergi, en veitingasalur uppi. Í hinu eigi leiksvið að vera. Bragginn verði á milli þessara húsa og þegar hann verði ónýtur eigi að steypa nýtt hús á milli þessara tveggja enda (Árni Óla 1949: 170-71). Ekkert varð þó úr byggingu efra steinsteipta hússins fyrir leiksviðið, en það er í staðinn í efri endanum á Bragganum sjálfum.



Úttekt er gerð á félagsheimilinu (sem yfirleitt var reyndar kallað samkomuhúsið eða Bragginn) 4. janúar 1951 og sagt að húsið sé notað til kvikmyndasýninga, funda og allskonar skemmtana (Úttektarbók 1943: 26-7).

Svo fór að Bragginn varð aðal samkomuhús Hólmvíkinga allt til ársins 1992 og fóru margvíslegir viðburðir þar fram í áratugi og gera reyndar enn. Þarna voru samkomur eins og góugleði og þorablót Hólmvíkinga um árabíl, dansleikir, árleg sláturhúsböll og áramótaböll. Leiksýningar voru sýndar þarna í húsinu, bíósýningar voru reglulegar fram á níunda áratuginn, tónleikar og jafnvel voru kirkjulegar athafnir þarna í Bragganum, messur, giftingar, skírnir og útfarir, áður en Hólmavíkurkirkja kom til sögunnar 1968.

Húsið hefur fylgt veitingastaðnum Café Riis og rekstrinum þar síðastliðna áratugi. Á þessari öld var skipt um járn á bragganum með stuðningi Húsafriðunarsjóðs.

Hlutföll hússins eru góð og karakter sterkur segir Arinbjörn Vilhjálmsson í húsakönnun sinni. Menningarsögulegt gildi þess er mikið (Arinbjörn Vilhjálmsson 2000: 220-21). Húsið hefur litlum breytingum tekið, nema að skyggni yfir útidyratröppum hefur nýlega verið fjarlægt.

Brunngata 2**1988, 2004 og 2018**

Leikskólinn Lækjarbrekka, sem byggður var að hluta til á grunni félagsheimilis sem aldrei reis, var tekinn í notkun 1988. Annar hluti leikskólans þar sem byggingin var tvöfölduð var tekinn í notkun 2004 og þriðji hlutinn tekinn í notkun 2018.

Brunngata 3**1946****1943**

Húsið var byggt á árunum 1942-43. Timburhús, upphaflega sjálfstætt, asbestklætt að utan en tré að innan, stoppað með

torfi og upphaflega 6 m að breidd og 7,9 m að lengd (Úttektarbók 1943-59: 3). Miklar endurbætur hafa verið gerðar á húsinu frá upphaflegri mynd svo það er að heita má óþekkjanlegt (Óli E. Björnsson 1990: 199).

Viðbygging 5x5 metrar að flatarmáli sem gerð var á árunum 1951-53 var tekin út í lok árs 1953. Frá þeim tíma ná húsinn Brunngata 3 og 5 saman, en gaflinn sem er áfastur Brunngötu 5 er steinsteyptur. Við úttektina eru forstofan, búr, eldhús og þvottahús í viðbyggingunni og er það eina herbergið sem er fullgert við úttektina hvað varðar innréttingar, en önnur rými hálfgerð (Úttektarbók 1943-59: 44).



Húsið er einfalt alþýðuhús sem var upphaflega með valmapaki, en því hefur verið breytt í rispak einhvern tíma eftir 1957, að viðbyggingunni frátaldri sem er með skúrpaki. Bílskúr er í eystri enda hússins (Arinbjörn Vilhjálmsson 2000: 224-5).

Brunngata 4 1945

Byggt á árunum 1944-45 af Péttri Bergsveinssyni, tvær hæðir úr steinsteypu með valmapaki (Úttektarbók 1943-59: 8). Smiður var Þorsteinn Jónsson og var húsið eitt af þeim fyrstu sem hann byggði á Hólmavík. Fáir hafa byggt jafn mörg hús á Hólmavík og hann. Greiðasala var í húsinu í nokkur ár (Óli E. Björnsson 1990: 200).



Arinbjörn Vilhjálmsson segir að hlutföll hússins séu hrein og samsvörun góð, húsið sé með ferhyrnda grunnmynd. Bílskúr er við húsið og byggður hefur verið sólskáli við inngang (Arinbjörn Vilhjálmsson 2000: 226-7).

Brunngata 5 1943

Guðmundur Björgvin Bjarnason frá Gautshamri reisti húsið um svipað leyti og Brunngata 3 var byggð, á árunum 1942-43 (Óli E. Björnsson 1990: 201). Stærð hússins sem er timburhús og

var klætt asbesti utan og innan var upphaflega 8,5x7 m (Úttektarbók 1943-59: 2). Byggð var viðbót við húsið, 3,8 m að lengd en 4,5 m að breidd árið 1950, fyrir forstofu, þvottahús, bað og vatnssalerni og miðstöð (Úttektarbók 1943-59: 25).



Húsin Brunngata 3 og 5 mynda þetta götumynd og eru svipaðar byggingar. Húsið er með valmapaki og hefur verið klætt að utan (Arinbjörn Vilhjálmsson 2000: 228-9).

Bræðraborg 1952

Húsið var byggt árið 1952 af bræðrum og kemur nafnið af því. Það er eins og Snæfell utan við götunúmerakerfið og stendur ofan og aftan við Kvenfélagshúsið (Arinbjörn Vilhjálmsson 2000: 216-17).



Í úttekt sem skrifuð er 31. desember 1953 er húsið kallað Hús Traustasona og sagt byggt 1950-52. Steinsteipt hús, 2 hæðir án kjallara, risið portlaust. Valmapak úr timbri járnvarið. Búið er að taka efri hæðina til íbúðar, en neðri er þá enn óinnréttuð og hitalagnarlaus (Úttektarbók 1943-59: 37).

Hafnarbraut 33

1953

1951

Húsið var sambyggt við gafl símstöðvarinnar (Hafnarbraut 31). Í úttekt dags. 4. janúar 1952 segir að húsið hafi verið byggt á árunum 1949-51 og sé fullbyggt að öðru leyti en því að það hafi ekki enn verið múrhuðað að utan. Efri hæð sé til íbúðar, en bílskúr og rafvirkjaverkstæði sé á neðri hæð. Gengið sé upp í íbúðina úr bílskúrnum. Húsið er steinsteipt og þak úr timbri, járnklætt (Úttektarbók 1943: 34).

Smiður var Þorgeir Sigurðsson. Milli húsanna voru undirgöng eða port að baklóðinni og útskot er þar yfir, skyggni yfir dyrum og stór búðargluggi. Portinu var síðar lokað (Arinbjörn

Vilhjálmsson 2000: 120-21). Á baklóðinni eru geymsluhús, svipað gömul og símtöðin að Hafnarbraut 31 og sambyggð Hafnarbraut 33. Um tíma var blómabúð og gjafavöruverslun rekin þarna í húsinu sem var lengst af í eigu Orkubús Vestfjarða og áður Rafmagnsveitna ríkisins (Óli E. Björnsson 1990: 107). Búíð er að loka undirgöngunum og bílskúrnum og setja íbúðarrými á neðri hæðina alla, nema hvað nuddstofa og heilun er nú rekin í verslunarherberginu sem er með sérinngangi.



Hólmavíkirkirkja 1968

Kirkjan var lengi í byggingu, húsið var teiknað um 1953 og var hönnuðurinn Gunnar H. Ólafsson (1915-1959) arkitekt, bróðir séra Andrésar sóknarprests. Hann varð skipulagsstjóri í Reykjavík 1957 (Arinbjörn Vilhjálmsson 2000: 22). Sveinn Kjarval teiknaði innréttingar og næstum allan innri búnað, nema altari og predikunarstól. Framkvæmdir hófust 1957 og var byggingarmeistari Valdimar Guðmundsson á Hólmavík, en um innri frágang sá trésmiðaverkstæði Sveins Sighvatssonar á Hólmavík. Kirkjan er klædd furu að innan. Hún var fullbúin að utan 1966, en vígð á uppstigningardag 23. maí 1968 (Brynjólfur Sæmundsson 1969: 15-17).



Kirkjan stendur á Brennuhól sem heitir því nafni vegna þess að í byrjun aldarinnar voru áramótabrennur haldnar þar.

Hönnuður kirkjunnar var Gunnar Ólafsson. Hún er steinsteypt krosskirkja að grunnformi (útbrot á kirkjuskipi báðum megin á mörkum kórs og kirkjuskips) og með háu valmapaki. Hár turn er á framanverðum mæniás (Arinbjörn Vilhjálmsson 2000: 22).

Árið 2023 var byrjað að reisa sérstakt klukknaport norðan við kirkjuna, en klukknafestingar í turninum sjálfum höfðu veðrast og skemmt með árunum.

Á fjórða og fram á fimmta áratuginn var minka- og refarækt í búrum stunduð á Hólmavík og voru þá minkabúrin þarna á holtinu og einnig stóð þarna um tíma mastur frá Landssímanum.

Höfðagata 5 2014


Fram til 2013 stóð á Höfðagötu 5 eitt af þessum reisulegu timburhúsum á þremur hæðum sem settu virkilega svip á umhverfi sitt, hæð og ris og steiptur kjallari undir, hálfniðurgrafinn. Húsið var kallað Benediktshús og var reist 1926 samkvæmt Hólmavíkurbók, en í úttektarbók Hrófbergshrepps er húsið tekið út 2. apríl 1927 og sagt að það sé þó ekki fullbyggt. Eftir sé að setja skilrúm í kjallara, en á hæðinni séu 6 herbergi og forstofa. Efsta hæð sé með miklu risi og nokkru porti. Forstofa með uppgang og að auki fjórar stofur, eitt af þeim kvistur á suðurhlíð. Húsið er sagt úr sænskri og norskri furu, pappalagt á klæðningu og allt járnvarið. Milli þilja sé stoppað með heyi (Úttektarbók 1925: 12-14).

Útihús voru á reitnum, aftan við húsið, fjós, hlaða og geymsla og stóðu fram yfir 1980 (Óli E. Björnsson 1990: 232-3). Húsið skemmdist verulega í bruna árið 2013 og var í framhaldinu rífið. Í staðinn var byggt nýtt hús á reitnum, sem er talsvert ólíkt því glæsilega húsi sem fyrir var. Bílskúr er einnig á reitnum, byggður 1995 samkvæmt Mannvirkjaskrá, óvenjulega hár, og ekki í samræmi við nýja húsið.



Höfðagata 15 – Beinamjölsværsmiðjan 1948 1950

Beinamjölsværsmiðjan var byggð 1950 samkvæmt úttektarbók, steinsteypt, tveir salir, annar fyrir mjöl og hinn fyrir vélar til mjölvinnslu, samtals 8,50 m á breidd og 32,5 m á lengd (Úttektarbók 1943: 18). Marshall aðstoðin kom við sögu við fjármögnun. Þorsteinn Jónsson var yfirmsiður. Starfseminni var hætt fyrir 1983, en nokkrum árum síðar var þarna framleitt fóður fyrir refabú í eitt ár, 1987-88 (Óli E. Björnsson 1990: 258). Síðan var húsið lítið notað í nokkur ár, en nú er Trésmiðjan Höfði með höfuðstöðvar í húsinu og búið er að járnklæða það.



Hlutföll hússins eru góð og það er mikilvægur hluti af atvinnusögu staðarins (Arinbjörn Vilhjálmsson 2000: 1623-3). Húsið með skúrpakinu sambyggt við nyrðri endann á beinamjölsværsmiðjunni er síðari tíma viðbót.

Kópnesbraut 12 (Dalur) 1936 1948

Húsið var flutt í heilu lagi sjóleiðina til Hólmavíkur (dregið aftan í bát), frá Hamarsbæli á Selströnd um 1948 og sett niður í fjöruborðinu við Kópnesbrautina. Það hafði áður staðið þar sem

kallað var í Dal og er stundum nefnt Dalur (Óli E. Björnsson 1990: 162-3). Ekki er vitað hversu gamalt húsið var þegar það var flutt (kannski á ártalið 1936 við um það og þá er það umsagnarskyld).



Í úttektarbók 4. janúar 1951 kemur fram að húsið sé timburhús og veggir múrhúðaðir, 6,4x5,7 m. Húsið er þá notað til íbúðar og sagt að það sé óvandað og hafi verið flutt og endurbyggt á árunum 1948-50 (Úttektarbók 1943: 20).

Húsið er fábreytt alþýðuhús og sambyggður skúr innan við húsið. Það myndar góða heild við götuna með Steinholti (Arinbjörn Vilhjálmsson 2000: 198-9).

Kópnesbraut 14 – Gufubaðstofan 1935

1945

Í Hólmavíkurbók segir að gamla gufubaðið á Hólmavík hafi verið byggt 1945 og smíður hafi verið Hjalti Einarsson. Skátafélagið Hólmherji stóð fyrir framkvæmdinni (Óli E. Björnsson 1990:

166). Húsið þjónaði skamma hríð sem gufubað, en var lengstum notað sem veiðarfærageymsla. Húsið fær háa einkunn í drögum Arinbjarnar Vilhjálmssonar að húsakönnun, hlutföll ótrúlega góður fúnkis, karakter sterkur og samsvörun góð, segir hann (Arinbjörn Vilhjálmsson 2000: 202-3).

Húsið var svo hækkað um eina hæð, timburklætt og breytt í sumarbústað eða íbúðarhús á árunum 2011-15 og er gjörbreytt að útliti og stíl.



Bílskúrar, úthús, gróðurhús og kofar

Nokkuð er um útihús, skúra, kofa og gróðurhús, sem standa sjálfstæð frá íbúðarhúsum, innan vébanda verndarsvæðisins. Staðan varðandi þessi útihús er þó gjörbreytt miðað við fyrri

hluta 20. aldar þar sem fjós og hlöður og hverskyns skúrar stóðu í nágrenni við nánast hvert einasta hús.

Áður hefur verið fjallað um bílskúrin við Hafnarbraut 18 og Smíðahúsið við Norðurfjöruna sem bæði eru umsagnarskyld samkvæmt minjalögum. Útihús við Kópnesbraut 3b er og að öllum líkindum umsagnarskyld og sama gildir sennilega um bílskúr á bak við Höfðagötu 11. Sum þessara húsa hafa þó tekið miklum breytingum í gegnum árin, eins og það síðastnefnda og reyndar skóverkstæðið gamla við Hafnarbraut 18 líka. Það virðist af gömlum myndum að dæma hafa verið smíðað upp þegar það var flutt neðar á uppfillinguna til að rýma fyrir götunni.

Aðrar eldri skúrbyggingar og útihús eru svo til dæmis skúr sem er sambyggður við Hafnarbraut 33 og líklega að minnsta kosti að hluta eldri en húsið sjálft. Þar teygir viðbygging sem skiptist í fjögur rými sig í átt að Brunngötunni og tilheyrir húsunum Brunngötu 3 og 5, auk Hafnarbrautar 33 og 35. Sambyggð við Hafnarbraut 37 er viðbygging sem áður var bílskúr, en nýlega er búið að lagfæra mikið og breyta í litla íbúð.

Sjálfstæður bílskúr, nýlega byggður, er við Kópnesbraut 7 þar sem annar mun eldri stóð og gróðurhús tvö eru þar í bakgarði. Lítið og nýlegt bogahús sem ekki er jarðfast, hefur staðið framan við húsið síðustu árin. Nýlegt smáhýsi og gróðurhús eru líka við Kópnesbraut 10 og lítil gróðurhús einnig við Brunngötu 1 og Kópnesbraut 3b. Sjálfstæður bílskúr stendur við Brunngötu 4 og annar er sambyggður húsinu Kópnesbraut 12.

Við Kópnesbraut 6 stendur til að rífa bílskúr og byrjað er að reisa nýjan á öðrum stað. Bílskúr gamall sem áður var hlaða er innan við Kópnesbraut 11, í stíl við húsið. Stór bílskúr frá síðasta áratug 20. aldar er við Höfðagötu 5 og olíuskúr er í bakgarðinum við Höfðagötu 7 (ekki jarðfastur). Á móti síðastnefnda húsinu,

neðan við Höfðagötu, er svo handverkshús Strandakúnstar og hefur staðið þar frá 2013 með stöðuleyfi til eins árs í senn. Það er ekki jarðfast.



Eitt húsið við Kópnesbrautina hefur nokkra sérstöðu. Það stendur neðan við endann á Bröttugötu og er nú í daglegu tali kallað Græni skúrin, en hefur fengið númerið Kópnesbraut 8b? í Hólmavíkurbók. Húsið er ekki skráð hjá mannvirkjaskrá né finnst það í skipulagi, enda hefur lengi staðið til að fjarlægja það. Þarna var upphaflega hlaða reist um 1940, af Kristni Sigurvins-syni. Síðar innréttaði Árni E. Jónsson hana til íbúðar og átti þar heima í fáein ár (Óli E. Björnsson 1990: 157). Í úttektarbók kemur fram 3. jan. 1951 að húsið skiptist í stofu í öðrum endanum og sé búið í henni, en verkstæði í hinum hlutanum. Húsið hafi verið endurbyggt 1950 og sé óvandað, þó sé þar raf-lögn, tveir kolaofnar og steypdur skorsteinn (Úttektarbók 1943-1959: 19)

Árni Eypór var eini íbúinn í Græna skúrnum, en síðar var húsið notað sem veiðarfærageymsla (Óli E. Björnsson 1990: 157). Það hefur einnig nýst sem stuðpúði fyrir ófáa bíla sem verður hjólaskortur í hálkunni í Bröttugötu og enda utan í græna skúrnum. Húsið er ekki lengur til gagns að öðru leyti og að falli komið. Ekki er eftirsjá að húsinu, því sögurnar lifa. Nauðsynlegt virðist

að lengja Bröttugötuna yfir húsið og niður á jafnsléttu til að draga úr brattanum, enda er nálægð götunnar við Kópnesbraut 6 líka óásættanleg og hefur lengi verið.

Ónefnt er gámasvæði fyrir útgerðir á uppfyllingu bak við klettahöfðann við enda Höfðagötu. Þar hefur í áratugi verið svæði fyrir gáma útgerðanna sem nýta þá til geymslu og beita í sumum þeirra. Síðustu misseri hefur staðið til að flytja þá annað og sveitarfélagið lagt á það talsvert mikla áherslu, en ekkert orðið úr tilfærslunni, því engin önnur lausn með rafmagnstengingu stendur útgerðunum sem nýta þessa gáma til boða.

Hér á næstu tveimur síðum kemur tafla um einkunnagjöf einstakra húsa á verndarsvæðinu. Röksemdafærslu er einnig að finna í húsakönnuninni fyrir húsin á verndarsvæðinu.



Norðurfjaran, báturinn Bragi og húsin í baksýn

Hús/viðurnefni	Aldur	Byggingarlist		Menningarsaga		Umhverfi		Upprunaleiki		Tæknilegt ástand		Varðveislugildi	
Bræðraborg	1952	5	Miðlungs	5	Miðlungs	4	Miðlungs	4	Miðlungs	3	Hátt	5	Miðlungs
Brekkugata 4 (Bragginn)	1946	4	Miðlungs	1	Hátt	3	Hátt	3	Hátt	5	Miðlungs	3	Hátt
Brunnagata 1	1937	4	Miðlungs	4	Miðlungs	3	Hátt	3	Hátt	3	Hátt	4	Miðlungs
Brunnagata 3	1943	7	Lágt	6	Miðlungs	4	Miðlungs	7	Lágt	6	Miðlungs	7	Lítið
Brunnagata 4	1945	4	Miðlungs	4	Miðlungs	4	Miðlungs	4	Miðlungs	4	Miðlungs	5	Miðlungs
Brunnagata 5	1943	4	Miðlungs	4	Miðlungs	4	Miðlungs	4	Miðlungs	5	Miðlungs	5	Miðlungs
Hafnarbraut 16	1935	6	Miðlungs	5	Miðlungs	2	Hátt	7	Lágt	2	Hátt	3	Hátt
Hafnarbraut 18	1927	2	Hátt	2	Hátt	2	Hátt	6	Miðlungs	2	Hátt	3	Hátt
Hafnarbraut 18b - Skóverkstæði	1928?	6	Miðlungs	3	Hátt	3	Hátt	7	Lágt	7	Lágt	5	Miðlungs
Hafnarbraut 20 - Kristjánsborg	1929	3	Hátt	3	Hátt	2	Hátt	3	Hátt	3	Hátt	3	Hátt
Hafnarbraut 22 - Viðeyjarhúsið	1940	3	Hátt	2	Hátt	2	Hátt	4	Miðlungs	2	Hátt	3	Hátt
Hafnarbraut 29	1935	3	Hátt	4	Miðlungs	2	Hátt	3	Hátt	2	Hátt	3	Hátt
Hafnarbraut 31 - Simstöðin	1935	4	Miðlungs	2	Hátt	2	Hátt	3	Hátt	3	Hátt	4	Miðlungs
Hafnarbraut 33	1951	4	Miðlungs	3	Hátt	2	Hátt	5	Miðlungs	3	Hátt	5	Miðlungs
Hafnarbraut 35	1935	3	Hátt	5	Miðlungs	2	Hátt	2	Hátt	3	Hátt	4	Miðlungs
Hafnarbraut 37 - Verkalyðshúsið	1933	3	Hátt	4	Miðlungs	2	Hátt	4	Miðlungs	3	Hátt	4	Miðlungs
Hafnarbraut 39 - Ríis húsið	1897	1	Hátt	1	Hátt	1	Hátt	2	Hátt	2	Hátt	1	Hátt
Höfðagata 1 - Steinhúsið	1911	2	Hátt	1	Hátt	2	Hátt	3	Hátt	4	Miðlungs	2	Hátt
Höfðagata 10 - Vesturhúsið/Galdras.	1929	5	Miðlungs	2	Hátt	2	Hátt	7	Lágt	4	Miðlungs	4	Miðlungs
Höfðagata 11	1933	7	Lágt	5	Miðlungs	4	Miðlungs	5	Miðlungs	4	Miðlungs	7	Lítið
Höfðagata 13	1937	7	Lágt	5	Miðlungs	4	Miðlungs	6	Miðlungs	3	Hátt	7	Lítið
Höfðagata 14 - Ráðaleysið	1929	4	Miðlungs	3	Hátt	1	Hátt	2	Hátt	7	Lágt	3	Hátt
Höfðagata 15 - Fiskimjólsværsm.	1950	6	Miðlungs	4	Miðlungs	3	Hátt	7	Lágt	4	Miðlungs	5	Miðlungs
Höfðagata 2 - Höfði	1939	5	Miðlungs	4	Miðlungs	1	Hátt	3	Hátt	4	Miðlungs	4	Miðlungs
Höfðagata 3 - Kaupfélagið	1934	6	Miðlungs	2	Hátt	4	Miðlungs	4	Miðlungs	5	Miðlungs	6	Miðlungs
Höfðagata 7 - Sæberg	1922	3	Hátt	2	Hátt	3	Hátt	3	Hátt	5	Miðlungs	3	Hátt
Höfðagata 8 - Austurhúsið/Galdras.	1933	6	Miðlungs	3	Hátt	2	Hátt	7	Lágt	5	Miðlungs	4	Miðlungs
Höfðagata 9	1931	3	Hátt	2	Hátt	2	Hátt	3	Hátt	5	Miðlungs	3	Hátt
Hólmavíkurkirkja	1968	2	Hátt	1	Hátt	1	Hátt	1	Hátt	2	Hátt	2	Hátt

Hús/viðurnefni	Aldur	Byggingarlist		Menningarsaga		Umhverfi		Upprunaleiki		Tæknilegt ástand		Varðveislugildi	
Kópnesbraut 1 - Albertshús, Sunnuhvoll	1925	4	Miðlungs	4	Miðlungs	2	Hátt	3	Hátt	7	Lágt	3	Hátt
Kópnesbraut 10 - Steinholt	1940	5	Miðlungs	4	Miðlungs	4	Miðlungs	3	Hátt	5	Miðlungs	5	Miðlungs
Kópnesbraut 11	1930	5	Miðlungs	4	Miðlungs	4	Miðlungs	8	Lágt	3	Hátt	5	Miðlungs
Kópnesbraut 12	1948	8	Lágt	4	Miðlungs	5	Miðlungs	4	Miðlungs	7	Lágt	6	Miðlungs
Kópnesbraut 14 - Gamla gufubaðst.	1944	6	Hátt	2	Hátt	2	Hátt	7	Lágt	3	Hátt	5	Miðlungs
Kópnesbraut 21 - Dvöl	1937	3	Miðlungs	3	Hátt	2	Hátt	3	Hátt	4	Miðlungs	3	Hátt
Kópnesbraut 3a - Tryggvaskáli	1938	3	Hátt	3	Hátt	3	Hátt	2	Hátt	3	Hátt	4	Miðlungs
Kópnesbraut 3b - Stöðin	1903	4	Miðlungs	2	Hátt	3	Hátt	4	Miðlungs	5	Miðlungs	3	Hátt
Kópnesbraut 4 - Tómasarhús	1914	2	Hátt	2	Hátt	3	Hátt	2	Hátt	2	Hátt	2	Hátt
Kópnesbraut 4b - Barnaskólinn	1913	1	Hátt	1	Hátt	3	Hátt	4	Miðlungs	7	Lágt	1	Hátt
Kópnesbraut 5 - Hús Jóns söðla	1924	3	Hátt	3	Hátt	3	Hátt	2	Hátt	2	Hátt	3	Hátt
Kópnesbraut 6 - Brynjólfshús	1931	6	Miðlungs	4	Miðlungs	3	Hátt	7	Lágt	3	Hátt	4	Miðlungs
Kópnesbraut 7 - Læknishúsið	1903	3	Hátt	1	Hátt	1	Hátt	3	Hátt	5	Miðlungs	2	Hátt
Kópnesbraut 9 - Björnshús	1913	3	Hátt	1	Hátt	1	Hátt	2	Hátt	7	Lágt	2	Hátt
Smíðahúsið í Norðurfjöru	1938	6	Miðlungs	3	Hátt	8	Lágt	5	Miðlungs	5	Miðlungs	6	Miðlungs
Snæfell	1938	5	Miðlungs	4	Miðlungs	3	Hátt	7	Lágt	3	Hátt	4	Miðlungs
Borgabraut 2	1948	5	Miðlungs	5	Miðlungs	2	Hátt	3	Hátt	3	Hátt	4	Miðlungs
Borgabraut 4	1952	7	Lágt	4	Miðlungs	4	Miðlungs	6	Miðlungs	5	Miðlungs	6	Miðlungs
Borgabraut 6	1949	7	Lágt	4	Miðlungs	4	Miðlungs	7	Lágt	4	Miðlungs	6	Miðlungs
Kvarði													
1-3 Hátt varðveislugildi													
4-6 Miðlungs varðveislugildi													
7-9 Lágt varðveislugildi													

Greining á svipmóti byggðar og varðveislugildi



6. Greining á svipmóti byggðar og varðveislugildi

Tillagan um verndarsvæði snýst um elstu byggðina, á Hólmarifinu eða Tanganum. Lykilsvæðið er í kringum gömlu húsin við Kópnesbrautina og teygir sig einnig eftir Brunngötu, Hafnarbraut og Höfðagötu. Útjaðrar verndarsvæðisins taka yfir þetta svæði, en ná þó ekki yfir öll húsin neðan við kirkju. Útjaðrar svæðisins miðast yfirleitt við hús sem eru byggð fyrir 1950. Kirkjan er þó undantekning og höfð með í verndarsvæðinu þótt hún sé ekki vígð fyrr en 1968.

Staðhættir og landslag

Þorpið sjálft byggðist úr landi jarðarinnar Kálfaness og stendur undir Kálfanesborgum sem eru klettaborgir innan við miðjan Steingrímsfjörð að suðvestanverðu. Borgirnar teygja sig út í fjörðinn og setja mikinn svip á ásýnd þorpsins. Hið sama gerir lúpinan sem á síðustu árum hefur helgað sér sífellt stærra svæði í Borgunum og sumstaðar teygt sig alveg niður að sjó. Hún er alveg eins og klettaborgirnar sjálfar, einkenni Hólma-víkur. Það er annað sérkenni á klettaborgunum ofan við Hólma-vík hvað jarðlagahallinn er áberandi. Skemmtilegir göngustígar hafa verið lagðir um Borgirnar og tengjast þorpinu við Íþróttamiðstöðina, skólann og með veginum innan við Kópnesbrautina.

Suður úr Kálfanesborgunum ganga tveir tangar fram í fjörðinn og þar á milli er um kílómetra breið vík. Á vestara nesinu eru klettaborgir kallaðar Höfði og þar gengur Sandrif fram í kletta-skerið Sandsker. Þangað hefur verið hægt að ganga þurru fótum á fjöru og rífið stendur nú upp úr bæði á flóði og fjöru, en þetta hefur verið breytilegt í gegnum tíðina. Nálægt miðri

Hólma-vík gengur svo klettaborg sem kallast Klifið fram undir sjó og skipti víkinni áður í tvo hluta. Sú skipting er ekki jafn áberandi lengur, því bæði hefur neðsti hluti Klifsins verið sprengdur í burtu, bæði í tengslum við byggingu á síldarplani um 1936 þegar hafskipabryggjan var fyrst gerð og einnig síðar um miðja öldina og enn síðar fyrir vegagerð. Eins hefur miklum upp-fyllingum bætt við innri víkina og ofan við hafnarsvæðið, þar sem gamla byggðin er. Þannig hefur Hólmarifið verið stækkað og skilin á milli þessara tveggja hluta víkurinnar fjarlægð að hluta og innri víkin er alls ekki eins áberandi og hún var áður. Byggðin á tanganum var orðin ansi þétt áður en byrjað var að byggja utan við Klifið, það var fyrst árið 1931.



Hólma-vík 1946

Klettaborgirnar ofan við þorpið setja mestan svip á Hólma-vík og ná niður að byggðinni svo þar er lítið undirlendi. Byggðin þróaðist fyrst á flötum Tanganum, rétt yfir sjávarmáli, og með sjónum út með víkinni og inn fyrir hana. Á Tanganum var byggðin býsna þétt, áður en hún fór að teygja sig út eftir víkinni, en er langt í frá eins þétt núna, þar sem margvísleg útihús,

geymslur og skúrar hafa verið rifnir í tímans rás, eftir að húsdýrahald lagðist af á heimilum þorpsins. Eins hafa orðið til nýjar götur upp á holtum og börðum ofan við þetta litla láglandi, Borgabraut, Vita- og Skólabraut, og nýja hverfið reis síðan á höfðanum ofan við ytri enda Hólmavíkurinnar.



Nú er fyrirhugað að gera nýtt hverfi í Brandskjólum, ofan við innri hluta víkurinnar, þar sem er hálfgerðt mýrlendi. Klettarnir og klettaborgirnar setja svip á allt svæðið og eru sérkenni þess. Gróið er á milli og á síðustu áratugum hefur Alaska-lúpínan breiðst út, víða tekið yfir berjalönd og auk þess búið til nýjan jarðveg við klettana sem eru fyrir vikið minna áberandi. Lúpínan er svo sannarlega einkennisjurt svæðisins.

Horfið landslag og mannvirki

Það má með sanni segja að Tanginn, þar sem gömlu húsin standa, hafi tekið miklum breytingum á síðustu öld, eftir að þorpið byrjaði að byggjast þar upp. Engin náttúruleg fjara er lengur eftir á verndarsvæðinu, nema við Kópnesið. Fjörulínan sem sést vel á gömlum ljósmyndum er horfin og uppfyllingar og grjóttgarðar hafa verið gerðar á alla kanta Tangans. Bestu ummerkin sem nú eru sjáanleg um hvar fjaran var áður er lína húsanna við bogadregna götuna, frá Hafnarbraut 16 að Höfðagötu 2, því áður stóðu öll húsin yst á sjávarbakkanum, rétt við fjöruna (Arinbjörn Vilhjálmsson 2000: 24)..

Klifið var sprengt niður um 1936 og aftur um miðja 20. öldina, en náði áður niður að sjó. Þá þegar voru gerðar þar uppfyllingar undir vinnuþlön og síldarþlön. Uppfylling og hleðslur voru einnig settar framan við hús sem byggð voru í fjöruborðinu, sennilega fyrst við Hafnarbraut 18, þar sem grjóthleðsla sem var kölluð Bólverkið varði húsin fyrir ágangi sjávar á þrjá kanta. Í óveðrum var auðvitað oft ágjöf og stundum barst sjór inn í kjallara húsanna á Tanganum, alveg þangað til síðasta stóra uppfyllingin var gerð á níunda áratugnum.

Grjóttgarðurinn Stóri-Sannleikur var gerður út í Árnaklakk frá Höfðanum árið 1948 og átti að vera fyrsta skrefið í að reisa þar plan og síldarsöltunarstöð sem átti að vera á vegum Óskar Halldórssonar (Íslandsbersa) (Óli E. Björnsson 1990: 255-6). Ekki varð úr þeim framkvæmdum, en þetta varði höfnina betur fyrir norðaustanáttinni og síðar var þar gerð þar smábátahöfn við heilmikinn grjóttgarð. Nýr grjóttgarður bættist við enda bryggjunnar árið 2015 og þrengdi hafnarmynnið, til að loka betur fyrir suðvestanáttina. Um leið var útsýnið frá Tanganum út úr höfninni og til hafs skert töluvert.

Mikil uppfylling var gerð á hafnarsvæðinu, neðan við Hafnarbraut og Höfðagötu árið 1986. Þá var gerður garður frá Hafnarbraut 18 og þvert yfir höfnina niður í Tanga. Síðan var dælt upp úr höfninni til að dýpka hana inn fyrir garðinn og gerð þar heilmikil uppfylling. Við þetta hurfu náttúrulegar fjörur.

Hólmavíkurborgin hefur breyst og þróast í gegnum áranna rás, segja má að eitt af einkennum þess um og eftir miðja 20. öld hafi verið hin þétta byggð húsa, kofa, skúra, skepnuhúsa o.s.frv. Algengt var að við hvert íbúðarhús væru önnur minni og látlausari, byggingar sem þjónuðu ýmsum tilgangi. Í mörgum tilvikum voru þessi hús höfð fyrir skepnur, s.s. kýr, hænur, hross og sauðfé, þar sem íbúar héldu gjarnan í smávegis búskap innanbæjar. Má þar með sanni benda á hvernig þar er um að ræða horfinn hljóðheim, já og kannski heim annarra skynfæra á borð við lyktar, enda ljóst að þessir málleysingjar hafa sett sinn svip á bæjarbraginn.

Kofar og skúrar tengdust sömuleiðis hverskyns atvinnurekstri, þeir voru notaðir til beitninga, bátasmíði og annars konar smíðavinnu, viðgerðir ýmiskonar, sem geymslur auk þess sem þekkt var að kofar voru nýttir til að reykja kjöt og fisk. Sömuleiðis bjó fólk stundum í þessum kofum, til lengri og skemmri tíma við misjafnar aðstæður. Þannig má segja að byggðin hafi verið mun þéttari á tímum allra þessara kofa en nú.

Fyrir utan alla kofana sem með árunum hafa verið rifnir og horfið, er nauðsynlegt að benda sömuleiðis á nokkur horfin hús sem hafa með einum eða öðru hætti horfið af skilgreindu verndarsvæði og dálítill eftirsjá er í sumum út frá sjónarhorni minjaverndarinnar. Arinbjörn Vilhjálmsson nefnir þau hús sem honum finnst mest eftirsjá af og í gamla hluta bæjarins eru það hús Önnu Einarsdóttur, Hrólfsbraggi og Söludeildin (Arinbjörn Vilhjálmsson 2000: 28).

Langiskúr

Langiskúr var fyrsta húsið sem reis í þorpinu, haustið 1895. Í skjalasafni sýslumanns Strandasýslu er varðveitt bréf dagsett 16. september það ár þar sem Björn Sigurðsson kaupmaður í Skarðstöð sækir um leyfi til að reisa húsið á svonefndu Hólmarífi við Hólmavík, þá um haustið. Óskar hann eftir svari með sendimanni sínum um hæl (Bréfasafn sýslumanns Strandamanna 1895).



Langiskúr reis svo þetta haust og var í senn geymsluskúr og verslun. Hann var síðan mjög fljótlega lengdur töluvert til norðurs, eftir að hann komst í eigu Riis-verslunar, og síðar breikkaður talsvert. Í norðurenda hússins var herbergi sem var nýtt til íbúðar í meira en 20 ár þar sem Anna Einarsdóttir átti heima þar til hún byggði sitt eigið hús 1920, en við suðurendann var stórt fiskþvottakar (Jóhann Hjaltason 1972: 21).

Söludeildin: verslun og íbúðarhús Verslunarfélagsins

Fyrsta hús Verslunarfélagsins var geymsluskúr sem reistur var í fjörunni á Hólmavík 1899 (Dagbækur Halldórs Jónssonar) og

síðar var reist sölubúð Verslunarfélagsins 1902 og byggt við hana 1908 (Jón Jónsson 2020: 94). Þetta hús er stundum kallað Söludeildin. Þessi hús brunnu og fleiri viðbyggð hús í brunanum 1931, öll nema pakkhúsið sem þá hafði nýlega verið steypt, neðan við sölubúðina (áður Pakkhúsið og nú Galdrasýningarhúsið) (Pétur Jónsson 1949: 177-8).

Hús Önnu Einars

Hús Önnu Einars, sem hún lét byggja, stóð á milli Riis-húss (Hafnarbraut 39) og Verkalýðshúsins (Hafnarbraut 37), þar sem nú er gata upp að Brunngötu og leikskólanum (Brekkgata). Það var lítið járnlætt timburhús, ein hæð með rislofti og viðbyggð skúr ofan við húsið (Óli E. Björnsson 1990: 110-12). Samkvæmt Hólmavíkurbók var húsið byggt 1920, en Pétur Jónsson segir sinni bók að það hafi verið reist 1930 (Pétur Jónsson 1949: 181). Seinna ártalið fær stuðning í úttektarbók



þar sem húsið er metið í febrúar 1932 (Úttektarbók 1925: 51-2). Í fasteignamati 1940 er húsið sagt byggt 1931 (Fasteignamat

1940). Húsið var flutt fram að Tröllatungu árið 1966 og stóð lengi þar. Anna bjó áður í herbergi í efri endanum á Langaskúr.

Húsin í Norðurfjöru

Heil íbúðargata með fjölmörgum útihúsum stóð í Norðurfjörunni, nokkuð heilleg götmynd var þar frá Tómasarhúsi (Kópnesbraut 4) og niður eftir Tanganum. Aftan við og í línu við Tómasarhús stóð Guðmundarhús (byggt 1930), lítið hús, sunnan við gamla skólann (Úttektarbók 1925: 41-2).



Húsaröðin lítið eitt neðar á Tanganum var svo: Piparmyllan byggð 1921 (Fasteignamat 1930) sem var í raun parhús og öðrum íbúðarhlutanum líka skipt í tvær íbúðir (Óli E. Björnsson 1990: 277-9), síðan Guðbjörnshús sem er byggt 1911, en ekki 1913 eða 1914 eins og fram kemur í ólíkum heimildum (Dagbækur Halldórs Jónssonar), Glaumbær 1923, en það hús var flutt úr Grímsey á Steingrímsfirði (Óli E. Björnsson 1990: 277), Strympa 1930 (Úttektarbók 1925: 45-6) og Mattabær sem var aðfluttur og reistur þarna í fjörunni 1932 (Úttektarbók 1925: 64).



Eins var þarna fjöldi útihúsa, t.d. neðan við Mattabær og að bátasmíðahúsinu (1936) sem er það eina af þessum húsum sem enn stendur. Einnig á milli Guðbjörnshúss og Glaumbæjar þar sem útihúsin voru samfelld og svo var hesthúsið (1926) meðfram fjörinni aftan við Strympu (Óli E. Björnsson 1990: 282).

Fyrstnefndu húsin viku fyrir sláturhúsinu, Guðmundarhús var rífið um 1963 og Piparmyllan um svipað leyti og Guðbjörnshús um 1968. Það sem eftir stóð af íbúðarhúsunum, Glaumbær, Strympa og Matthíasarhús, voru brennd og rifin í ágúst 1972.



Gömlu húsin í Norðurfjörinni, loftmynd frá 1958:

1. Guðmundarhús,
2. Piparmyllan,
3. Guðbjörnshús,
4. Glaumbær,
5. Strympa,
6. Hesthúsið,
7. Matthíasarbær,
8. Bátasmíðahúsið.

Sláturhúsið er greinilega í byggingu þegar myndin er tekin.

Gaman væri að gera þessari byggð í Norðurfjörrunni skil á sérstakri sýningu eða sögutorgi og safna um leið frásögnum fólks sem man þessi hús.

Hrólfsbraggi

Hrólfsbraggi stóð frá því um 1930 á staurum niður í fjöruna við vesturenda Höfðagötu 10 (Pakkhúsið/Vesturhúsið/Galdrasýning).



Hrólfsbraggi 1980

Plan var þá á sama tíma byggt þar á milli braggans og Kaupfélagsbygginnar sem var fram af sundinu á milli pakkhúsanna (Austur- og Vesturhússins). Til er úttekt á Hrólfsbragga frá febrúar 1931, en þá er hann líklega nýbyggður eða hefur þá verið fluttur til (Úttektarbók 1925: 48-9). Arinbjörn Vilhjálmsson og Óli E. Björnsson segja báðir að hann hafi áður staðið í fjörunni þar sem Austurhúsið var síðar reist og fluttur um 1940 (Arinbjörn Vilhjálmsson 2000: 142-3). Þetta stenst ekki, því

Austurhúsið sést fullgert á ljósmynd frá 1934 og Hrólfsbraggi er þá á sínum stað.

Árið 2000 var byggð tenging á milli pakkhúsanna, áður en Galdrasýningin var opnuð, og sama ár var Hrólfsbraggi rifinn, að vandlega athuguðu máli. Áður hafði verið skoðað hvort hann gæti verið inngangur og sölubúð fyrir Galdrasýninguna, en ástand hússins þótti afleitt og erfitt að bæta þannig úr, að Hrólfsbraggi hentaði sem anddyri fyrir galdrana.

Höfðagata 5

Benediktshús stóð á Höfðagötu 5, byggt 1926-7, reisulegt hús í stíl við Tómasarhús, Björnshús, Albertshús, Jónshús og Orms-hús, timburhús á steypum kjallara og með risi og kvisti. Smiður var Guðjón snikkari Jónsson (Óli E. Björnsson 1990: 232-4).



Í úttektarbók er sagt að húsið sé enn ekki fullgert í úttekt í febrúar 1927; eftir sé að skilrúma kjallara í sundur. Á stofu-hæðinni voru sex herbergi auk forstofu, en inngangur var á vesturhlið um steyptar tröppur. Efsta hæð er sögð með „miklu risi og nokkru porti“, forstofa við uppgang, en þar að auki fjórar stofur, eitt þeirra er kvistherbergi á suðurhlið. Húsið er sagt úr norskri og sænskri furu, pappalægt á klæðningu að utan og allt járnvarið. Veggir og þak millum þilja stoppað með heyi (Úttektarbók 1925: 12-14).

Húsið stórskemmdist í bruna og var svo rífið árið 2013. Er mikil eftirsjá af því.

Brunngata 7

Húsið að Brunngötu 7 var reist 1938-9 af Valdimar Guðmunds-syni smíð (Óli E. Björnsson 1990: 201-2). Húsið var upphaflega eins og Hafnarbraut 18, með kastalaútliti á þakkantinum, en á árunum 1952-53 var byggt við húsið og á sama tíma byggð portbyggð (0,75 sm) rishæð ofan á það með valmapaki og fjórum kvistum og einum svölum (Úttektarbók 1943: 38).



Húsið komst í sögubækurnar einn góðviðrisdag í júní 1995 þegar grafið hafði verið frá vegg til að dreina og útveggur hússins hrundi. Sem betur fer urðu ekki slys á fólki, en í ljós kom að lítið var um járnabindingu í húsinu og var það dæmt ónýtt og rífið. Ekki hefur annað hús verið reist á lóðinni og ekki virðist gert ráð fyrir húsi þar lengur í skipulagi.

Kópnesbraut 13 – Taflhúsið

Taflhúsið var reist og tekið í notkun í janúar 1958, en úttekt er undirrituð 1. feb. 1959 (Úttektarbók 1943-59: 43). Það var byggt úr timbri íbúðarhússins að Vatnshorni sem þá var rífið, en hafði var nýbyggt þar 1935 (Úttektarbók 1925: 84-5). Jörðin var þá ekki lengur búskaparhæf eftir uppbyggingu Þverárvirkjunar og stíflugerð í tengslum við hana sem hækkaði yfirborð Þiðriks-vallavatns.

Smíður taflhússins var Benedikt Þorvaldsson. Húsið er sagt vera það eina sem reist hefur verið á landinu, sérstaklega til að tefla í því og það var gert af miklu kappi um tíma (Óli E. Björnsson 1990: 164-5). Einnig var húsið notað sem eins konar samkomuhús fyrir unglinga um tíma sem komu m.a. þar saman og dönsuðu. Seinna var þarna smíðaverkstæði, en húsið var rífið í maí 2013.



Örnefni tengd þorpinu á Hólmavík eru flest orðin til eftir að saga þorpsins hófst (sjá nánar Örnefnaskrár Árnastofnunar á nafnid.is). Mjög gamalt er nafnið Árnaklakkur, hólminn sem var út af höfðanum og víkin heitir eftir, og eldri nöfn sem voru að mestu fallin í gleysku voru Hólmarif (sem var enn notað um Tangann við upphaf uppbyggingar þorpsins), Hólmarifsklakkur (Árnaklakkur) og Hólmarifsvík sem Ólafur Olavíus talar um í ferðabók sinni frá 18. öldinni. Hann notar líka nafnið Hólmarifskleif um Klifið sem áður náði niður að sjó og afmarkaði byggðina á Tanganum. Þessu tengt er heitið Rifshausinn, en það nafn er nánast týnt á klettunum sem beinamjölverksmiðjan var reist á (Ólafur Olavíus 1964: 264). Þar framan við er kletturinn Höfði (Jóhann Hjaltason 1973: 39).

Innan við Hólmavíkina eru svo örnefnin Litlanes sem ekki er samhljómur um hvar er (en líkur eru á að það sé svo að segja undir Gufubaðstofunni) og Kópnes utar, þar sem samnefnt kotbýli stendur enn. Sumir telja þó að Kópnesið sé Litlanes sem sé eldra heiti.

Flest önnur örnefni á svæðinu virðast tengjast uppbyggingu þorpsins. Þannig heitir holtið sem kirkjan stendur á Brennuhóll, vegna þess að þar var áramótaeldurinn á fyrstu áratugum byggðarinnar. Refaholtið ofan við Kópnesbrautina heitir eftir refaræktun í búrum þar á fjórða áratugnum og túnin heita eftir eigendum eða þeim sem nytjuðu þau: Riis-tún sem seinna hét Jónstún og breyttist enn síðar eða um 1930 í Friðjónstún. Jónstún er langlífast þessara nafna. Eitt túnið var kallað Læknistún og annað Hjálmarstún sem var kallað svo eftir 1930, en er nú þekkt undir heitinu Toggatún, ofan við Snæfell. Nýjasta túnanafnið á Tanganum er Galdratúnið, á uppfyllingunni neðan við Galdrasýninguna.

Nafnið Baunaklifið sést í gömlum skjölum um Klifið, niður frá Brennuhólnum, en náði aldrei fótfestu. Það tengdist sögu um óhapp þar sem baunapoki rifnaði um 1910. Stóri-Sannleikur var grjóttgarðurinn frá Höfðanum sem var gerður út í Árnaklakk 1948 og átti að vera byrjunin á miklum framkvæmdum og byggingu síldarsöltunarstöðvar sem sjálfur Íslandsbersi stóð fyrir (Óskar Halldórsson) (Óli E. Björnsson 1990: 255-6).

Plássið er eitt lífseigasta nafnið og á við um svæðið milli Riis-húss og Langaskúrs og þar í kring og að einhverju leyti þar áfram inn eftir Kópnesbrautinni (Óli E. Björnsson 1990: 114-15; Jóhann Hjaltason 1972: 21; Helga Gunnarsdóttir 2022: 28-31). Þarna á götunni var lengi helsta leiksvæði barna og sjálfsgætt hefur eina útiljósnið í þorpinu sem var við gömlu rafstöðina sem var tekin í notkun um 1920. Það ljós lýsti upp leiksvæði þarna í meira en þrjá áratugi áður en nóg af rafmagni barst frá Þverárvirkjun til að fleiri útiljós kviknuðu í þorpinu. Nafnið Plássið á Hólmavík á við um pláss milli húsanna, en ekki húsin sjálf. Kannski hefur það upphaflega átt við um það svæði þar sem fiskþurrkun fór fram á þar til gerðum timburgrindum, sem eru þá líklega líka ástæðan fyrir þessu opna svæði í miðju þorpinu (Arinbjörn Vilhjálmsson 2000: 24).

Það er sérkenni á Hólmavík að talað er um halla, þar sem aðrir myndu tala um brekkur. Þannig ber vegurinn af Höfðanum, niður að sjó frá hverfinu nafnið Sýslumannshallinn. Skólahalli er niður frá Vitaklifinu frá skólanum og stöku sinnum heyrir talað um Bankahallann sem er brekkan niður að höfn fyrir ofan Búnaðarbankann. Í gamla bænum gildir þetta líka, Læknishallinn er þar, brekkan ofan af Borgabraut á milli leikskólans og Braggans. Brynjólfshalli hét brekkan ofan við Brynjólfshús (Kópnesbraut 6), þar sem nú heitir Brattabrekka, en farið að fyrnast yfir nafnið. Svo eru Klifhallarnir tveir.

Lengi fengu húsin í þorpinu nöfn af þeim sem byggðu þau eða bjuggu í þeim fyrstu áratugina. Sem dæmi má nefna Riis-hús og Jónshús, Björnshús og Magnúsar Lýðssonar húsið. Í stöku tilfellum breyttust þessi nöfn með nýjum ábúendum. Einnig þekktist að húsum í þorpinu væru gefin sérstök nöfn af íbúum þeirra sem ýmis festust við þau eða ekki. Kópnesbraut 21 hét til dæmis Dvöl frá upphafi, á meðan nafnið Bjarg á Kópnesbraut 3b festist aldrei við húsið, þótt það væri samþykkt af hreppsnefndinni að taka mætti það nafn upp og það væri vel viðeigandi. Húsið var áfram kallað Stöðin (og fyrst um sinn Gamla Stöðin), þótt símstöðin væri þá komin í nýtt hús og hefði ekki verið þar í næstum áratug.

Það var svo árið 1967 að götur Hólmavíkur fengu nöfn og húsin númer sem í sumum tilvikum leystu nöfnin af hólmi. Hreppsnefndin hlýtur að hafa staðið fyrir því að koma skikk á þessa hluti, en aðstæður fyrir númeragjöf eru óheppilegar á stöku stað. Mun færri hús eru t.d. neðan við götur en ofan við þær á Hólmavík, þannig að númerin standast ekki á sitt hvoru megin götunnar. Þannig er Hafnarbraut 18 neðan við götuna til dæmis til móts við Hafnarbraut 35 ofan hennar. Svipað á við um Kópnesbrautina og raunar fleiri götur á Hólmavík, þar sem ekki er byggð beggja vegna götunnar. Þar sem Höfðagata tekur við af Hafnarbraut er hús nr. 1 (Steinhúsið) ofan götu, en hús nr. 2 (Höfði) í hinum enda hennar neðan götunnar. Sennilega hafa önnur hús neðan götu ekki fengið númer strax, en þegar farið var að nota þau á fleiri hús neðan götunnar hækka jöfnu númerin í öfuga átt miðað við það sem þykir eðlilegt ofan hennar. Þetta getur skapað nokkurn rugling.

Malargötur voru í þorpinu allt til 1976, þegar fyrstu göturnar voru steiptar.

Götuheitin í gamla bænum eru Hafnarbraut sem nær inn í gamla bæinn, en líka út með Hólmavíkinni allt frá því að komið er niður að sjónum, Höfðagata, Brunngata og Kópnesbraut, auk þess sem Brekkugata og Brattagata tengdu Borgabrautina niður á Tangann. Nafnið Brekkugata er reyndar lítið þekkt og skýtur dálítið skökku við að Læknishallinn hafi fengið þetta heiti, miðað við nafnahefðina um hallana á Hólmavík. Nú er búið að loka þeirri götu í efri endann, eftir að Borgabrautin var malbikuð og hækkuð árið 2015. Gatan við Norðurfjöruna var að syngja sitt síðasta þegar göturnar fengu nöfn og fékk þess vegna ekkert heiti, en Gorgata var uppnafni á henni, og kom til af því að um hluta hennar hafði leiðin með vambirnar legið frá gamla sláturhúsi Kaupfélagsins niður að sjónum í Norðurfjörinni til að skola þær (Óli E. Björnsson 1990: 261). Norðurfjörunafnið hefði verið viðeigandi og á sveitarstjórnarfundi Strandabyggðar í apríl 2025 var reyndar samþykkt að nýtt staðfang gamla sláturhússins sem nú stendur til að breyta í menningarhús verði Norðurfjara 1.


Með uppfyllingunni miklu á hafnarsvæðinu á níunda áratugnum, varð til ný gata meðfram grjótgardinum við sjóinn sem fékk nafnið Fiskislóð. Sú gata fékk svo nýtt nafn með ákvörðun sveitarstjórnar Strandabyggðar árið 2011 og hét eftir það Skjaldbökuslóð, til heiðurs Einari Hansen sem kom þarna að landi með nýdauða risaskjaldböku sem hann og sonur hans fundu í Steingrímsfirðinum í október 1963. Skjaldbökuævintýrið er ein lífseigasta skemmti- og furðusagan sem tengist Hólmavík og er oft rifjuð upp (Jón Jónsson og Sigurður Atlason 1998). Önnur gata fékk nýtt nafn á sama tíma, við nýja félagsheimilið og Íþróttamiðstöðina, sem eftir breytinguna heitir Jakobínutún í staðinn fyrir Norðurtún, til heiðurs Jakobínu Thorarensen í Steinhúsinu.

Þegar sérkenni þorpsins eru tekin saman eru nokkur atriði sem standa upp úr. Þrískipting þorpsins í þrjú hverfi er eitt af þeim, þéttleiki byggðarinnar á verndarsvæðinu fyrir á tímum meðan öll útihús og skúrar voru enn uppistandandi er annað. Byggðin er fjarri því eins þétt lengur og hún var. Bogalínan á Hafnarbraut og Höfðagötu neðan við Klifið er þriðja atriðið og hvernig hún sýnir hvar fjöruborðið var áður, en uppfyllingar komu til. Uppfyllingarnar draga úr upprunaleika svæðisins í heild og engar náttúrulegar fjörur eru eftir nema við Kópnes. Frystihús og sláturhús sýna stöðu þorpsins í umhverfi sínu, hvernig það byggðist upp sem verslunar- og sjávarþorp sem byggir þó á þjónustu við landbúnaðarsvæðið í kring. Íbúðarhúsum hefur fækkað nokkuð í gamla bænum frá því sem var fram undir 1960, en byggðin breytt úr sér inn og út með sjónum og upp í Borgirnar sem setja mestan svip á umhverfið og ramma þorpið inn.

Gamli bærinn sést eiginlega ekki almennilega fyrir en komið er inn í hann, þegar komið er fyrir Klifið fyrir neðan Hólmavíkirkirkju. Fólk sem á leið framhjá Hólmavík verður stundum tíðrætt um að það hafi aldrei komið í gamla bæinn á staðnum, aðeins stoppað í sjoppunni, farið á klósettið eða tekið bensín, áður en það heldur aftur af stað. Mörgum finnst því merkilegt að keyra áfram inn í gamla bæinn enda opnast þá sýnin yfir gömlu húsin í þyrpingu við Hafnarbraut, Höfðagötu, Kópnesbraut og Brunn götu.

Innstu húsin við Kópnesbrautina sjást heldur ekki fyrir en komið er fram hjá Bröttugötunni og úr Norðurfjörinni. Frystihúsið og sláturhúsið eru fyrirferðarmikil og úr takti við gömlu byggðina, sérstaklega stóra frystigeymslan sem snýr að Kópnesbrautinni, en eftir sem áður er þarna heilsteypt svæði með mörgum gömlum húsum, ýmist aldursfriðuðum eða umsagnarskyldum

samkvæmt lögum um minjavernd. Umhverfið er heillandi og yfirleitt er frekar friðsælt í þorpinu og það er gefur góða og notalega tilfinningu að röltu um og skoða gömlu húsin.



Á myndinni má sjá aldur húsanna innan verndarsvæðisins og er miðað við flokkana; hús byggð 1923 og fyrir (rauð), á árabílinu 1923-40 (appelsínugul), 1941-50 (gul) og eftir 1950 (græn).

Hvað **byggingarlist og húsagerð** varðar er fjölbreytni eitt helsta einkennið, mun frekar en heildstæð mynd svipaðra húsa. Saga þorpsins er ekki löng, teygir sig rétt aftur fyrir 1900, og þorpið byggðist hægt upp fyrstu áratugina. Þetta leiðir af sér að það er mikil fjölbreytni bæði í byggingarstílum og byggingarefni. Elsta húsið sem enn stendur Riis-hús er á besta stað í bænum og glæsileg bygging, að öllum líkindum svokallað katalóghús. Næstu hús voru af ýmsum gerðum, annað verslunarhús, lítið íbúðarhús og svo læknishúsið.

Steinsteypuöldin hélt snemma innreið sína á Hólmavík og fyrsta húsið steipt 1911. Glæsileg timburhús, hæð og ris með kvistum ofan á lítið niðurgrafna steinkjallara setja svip á tímabilið 1914-1929 og fimm af þessum húsum standa enn. Síðan tekur við tímabil þar sem húsin eru lágreistari, en þó eru inn á milli byggð hús á kreppuárunum eins og Höfðagata 9 sem er reist 1931, steinsteypt hús á þremur hæðum með miklu og áberandi steinsteypuskrauti á göflunum. Fúnkisáhrif og valmaþök koma seinna til sögunnar, um miðjan fjórða áratuginn.

Eitt **sérkenni** bæjarins fyrr á tímum var liturinn á húsunum þar sem gulur eða gulbrúnn litur á veggjum og rauð þök voru afar vinsæl. Einnig voru mörg hús hvít og með grænu þaki. Nú er gamli bærinn að verða helst til of grár (en að hluta til tengist það þó jákvæðum umbótum, er það þó vegna þess að því víða hefur verið ráðist í viðgerðir á síðustu áratugum og ómálað bárujárnið er enn ráðandi). Guli eða gulbrúni brúni liturinn á veggjunum sem áður var einkennandi fyrir þorpið er varla sjáanlegur lengur.

Húsin í þorpinu og umhverfi þeirra hafa tekið ýmsum breytingum í gegnum tíðina. **Upprunalegt gildi** þeirra er þannig mjög misjafnt, svo dæmi séu nefnd hefur hæð verið byggð ofan á nokkur hús fyrir meira en 70 árum og dæmi um viðbyggingar

þar sem hús eru stækkuð. Svo dæmi sé tekið var margbyggt við Stöðina á áratugunum eftir að hún var byggð og falla líklega allar þær viðbyggingar undir aldursfriðunina. Kvistir hafa verið settir á hús og stundum stækkaðir og ýmsar útlitsbreytingar orðið, sem nánar er fjallað um í kaflanum um einstök hús innan verndarsvæðisins hér að framan.

Skipt hefur verið um glugga í nær öllum eldri húsum og stundum oftast en einu sinni. Þar sem skipt hefur verið um glugga á síðustu árum hafa oft verið settir gluggar með krosspóstum. Á mörgum stöðum leysa þeir af hólmi glugga með stórum rúðum sem höfðu áður leyst upprunalega glugga af hólmi og er sú breyting mjög til batnaðar. Viðbyggingar og bíslög hafa bæst við hús og bílskúrar hafa sums staðar leyst eldri skúra og útihús af hólmi. Þeir eru oft frístandandi og yfirleitt eru þeir í takt við þær byggingar sem þeir tengjast, með einstaka undantekningum. Eins og áður hefur verið minnst á hafa reykháfar verið teknir af ýmsum húsum á síðustu áratugum eftir að kolaofnar og olíukynding heyrðu sögunni til.

Mjög fá hús í gamla bænum á Hólmavík eru í algjörrri niðurníðslu, helst mætti nefna Kópnesbæinn gamla sem má muna fífil sinn fegurri og vonandi stendur ástand hans til bóta. Einnig hinn víðfræga Græna skúr, við neðri enda Bröttugötu, sem lengi hefur staðið til að rífa. Þvert á móti hefur verið í gangi vakning um að gera við gömlu húsin og mörg þeirra hafa fengið verðskuldað viðhald og upplýftingu á síðustu árum og áratugum.

Atvinnurekstur ýmiskonar í húsunum í þorpinu er þáttur sem hefur áhrif á varðveislugildi þeirra, hvað varðar **menningar-sögu**. Fjöldi fyrirtækja hefur verið starfræktur í herbergjum í íbúðarhúsum, þjónusta, verslanir, bóka- og gjafavörubúðir svo dæmi séu nefnd, gisting og greiðasala, skósmíða- og úraverkstæði. Vídeóleigur á seinni tímum, sólbaðs- og nuddstofur,

skrifstofur hvers kyns, veitinga- og samkomustaðir, auk þess sem byggingar sem voru reistar í allt öðrum tilgangi hafa verið nýtt við safna- og fræðistörf eða atvinnuþróun. Alls kyns smíða- og vélaverkstæði hafa verið rekin í herbergjum, viðbyggingum og jafnvel heilu húsunum. Atvinnurekstur eins og frystihúsið, fiskvinnsla, rækjuvinnslan, beinamjölsværksmiðjan og rekstur Kaupfélags Steingrímsfjarðar hafa líklega sett mestan svip á atvinnulífið á Tanganum í gegnum áratugina. Þessi atvinnustarfsemi var mikilvægur hluti af daglegu lífi í þorpinu og saga þess markverð.

Sögurnar sem tengjast fólkinu í húsunum er svo annar kafli í menningarsögunni. Þær eru margar og margvíslegar á Hólma- vík. Í hverjum bæ og þorpi er raunar hefð fyrir ákveðinni gerð af sagnamennsku og eftirhermur eru oft hluti þeirra. Sagðar eru sögur sem fólk þekkir, oft sömu sögurnar aftur og aftur, rétt eins og það sé bara til ákveðið og afmarkað sagnasafn sem alltaf sé leitað til þegar segja á skemmtilega sögu. Oft er þetta pakki sem er dálítið erfitt að breyta og bæta í. Að þekkja (og jafnvel endursegja) þessar sögur virðist stundum vera hluti af sjálfsmynd íbúanna. Þetta eru oft sögur um fólk, einkum fólk sem allir þekkja í samfélaginu á Ströndum eða þá sérkennilegt fólk, einnig sérstaka viðburði sem orðið hafa og tímamót, óvenju- legar aðstæður, hörmungar, slys og hrakfarir, skringileg tilsvör og óvenjuleg uppátæki. Sögupersónur í þessum sögum eru langoftast karlar og sögurnar gerast utandyra, rétt eins og í öðrum íslenskum þorpum. Það er tilvalið að nýta sagna- mennsku og miðla skemmtilegum sögum, en jafnframt nauð- synlegt að auka fjölbreytnina og draga inn fleiri frásagnarefni og vettvanga, fleiri kyn og margvíslegar hversdagshetjur. Til þess þarf markvissa greiningar- og hugmyndavinnu, það kostar fyrir- höfn að breyta viðhorfum og hefðum.

Húsin í þorpinu voru oft reist af því fólki sem síðar bjó í þeim, með aðstoð vina og fjölskyldu. Þar er varla hægt að tala um eiginlega húsasmiði, miklu frekar var fólk að koma undir sig fótunum allt eftir því hvað efnahagurinn leyfði hverju sinni. Þannig voru sum hús í mörg ár í smíðum og ekki talin tilbúin fyrr en nokkrum árum eftir að byrjað var að byggja húsin, og þá var fólk jafnvel búið að búa þar í nokkur ár. Sú staðreynd hefur gert það nokkuð flókið að ákvarða hvaða ár sum hús voru byggð.

Hér er rétt að nefna nokkra smíði sem bjuggu á Hólma- vík eða á Ströndum og báru ábyrgð á smíði nokkurra húsa sem enn standa í þorpinu. Sum húsin fá aukið vægi varðandi byggingar- list og menningarsögu vegna sérstakrar staðbundinnar bygg- ingarlistar og hönnunar, sem stundum tengist smíðunum sem byggðu þau.

Jón Guðmundsson í Tungugróf (1873-1921) var einn af þeim smíðum sem kom að smíði elstu húsa bæjarins. Hann hefur verið nefndur sem einn af þeim smíðum sem á að hafa komið að smíði Kópnesbrautar 7 (læknishússins) og Kópnesbrautar 3b (Stöðin). Auk þess var hann yfirsmiður þegar Höfðagata 1 (Steinhúsið) var reist 1911, þar sem hann naut aðstoðar Guðjóns Jónssonar snikkara. Jón hafði áður komið nálægt steinsteypu, því hann tók þátt í að steypa Kollafjarðarneskirkju sumarið 1909. Jón var yfirsmiður þegar Gamli barnaskólinn var reistur árið 1913 og sömuleiðis byggði hann Kópnesbraut 4 (Tómasarhús) 1914.

Guðjón Jónsson snikkari (1886-1939) var fyrirferðarmikill í uppbyggingu bæjarins í upphafi 20. aldar og hefur notið leið- sagnar Jóns Guðmundssonar í Tungugróf. Hann vann að smíði Höfðagötu 1 (Steinhússins) í samstarfi við Jón læriföður sinn, þar sem steypa var í fyrsta skipti notuð í þorpinu. Árið 1913 reisti hann sér sitt eigið hús, Kópnesbraut 9 (Björnshús) og lét þar

skreytiverk hússins njóta sín rækilega. Guðjón var Jóni til aðstoðar þegar Kópnesbraut 4 (Tómasarhús) reis. Hann byggði auk þess Höfðagötu 5 (sem brann árið 2013), Hafnarbraut 18 þar sem hann síðan bjó og skúrinn við það. Húsin Hafnarbraut 20 og Höfðagötu 9 reisti hann sömuleiðis, en þar var hann með Valdimar Guðmundsson sér til aðstoðar.

Valdimar Guðmundsson (1910-2001) hélt áfram arfleifð þeirra Jóns og Guðjóns snikkara. Hann reisti m.a. Hafnarbraut 29, Hafnarbraut 35 (ásamt bróður sínum Þórði), Hafnarbraut 37, Hafnarbraut 22, auk þess sem hann kom að byggingu Braggans að Brekkugötu 4 og Hólmavíkurkirkju.

Magnús Magnússon (1868-1931) var faðir Tryggva Magnússonar teiknara. Magnús þessi smíðaði Guðbjörnshús sem stóð í Norðurfjörrunni og er nú horfið, auk þess að smíða upp Kópnesbraut 1 (Albertshús) sem upprunalega stóð á Eyjum í Kaldraneshreppi.

Hjalti Einarsson (1889-1952) smíðaði ýmis hús í bænum, svo sem húsið að Kópnesbraut 5, hús Önnu Einarsdóttur sem stóð fyrir sunnan Riishús en er nú horfið, auk Kópnesbrautar 14 sem er í daglegu tali kallað Gamla gufubaðstofan. Hann byggði einnig Kópnesbraut 21 og átti heima þar.

Þorsteinn Jónsson frá Broddanesi (1905-1982) byggði fjölmörg hús í þorpinu eftir 1940. Þau sem eru innan verndarsvæðisins í gamla bænum á Hólmavík eru Höfðagata 15 (Beinamjölsverksmiðjan), Brunngata 4, Borgabraut 2 og Borgabraut 6.

Þorgeir Sigurðsson (1908-1994) trésmiður á Hólmavík reisti hús sitt Snæfell, auk þess að reisa Hafnarbraut 33.

Ákveðin hús í þorpinu hafa mest gildi hvað varðar staðsetningu og umhverfi. Það tengist yfirleitt **sjónlínunum**. Húsin við Kópnesbrautina frá Riis og að Bröttugötu fá mjög háa einkunn fyrir **umhverfisgildi**, vegna þeirrar heildarmyndar gamalla húsa sem þau skapa og er þá óskipulega byggðin við Kvenfélags-húsið, Bræðraborg, Snæfell, Björnshús, Brynjólfshús og Tómasarhús talin með.

Einstaka hús önnur eru einnig mjög áberandi og setja mikinn svip á umhverfi sitt, svo sem Höfðagata 9 (Magnúsar Lýðssonar húsið), sem er eina áberandi gamla húsið sem sést þegar komið er niður Sýslumannshallann og áður en farið er fyrir Klifið, einnig Hafnarbraut 16 og 20 (Jónshús) og 29 (Ormshús), svo dæmi séu tekin. Sjónlínan að Kópnesinu sjálfu skiptir máli þegar farið er inn fyrir Bröttugötu og einnig úr Norðurfjörrunni og Dvöl (Kópnesbraut 21) fyrir ofan götuna til móts við Kópnesið, gefur þeirri sjónlínu aukið gildi eftir að komið er að Gufubaðstofunni. Þessi hús mynda saman eins konar hlið að gönguleiðinni eftir gamla veginum inn með firðinum (Arinbjörn Vilhjálmsson 2000: 31).

Önnur hús fá einnig háa einkunn hvað varðar umhverfisgildi og staðsetningu. Það á helst við um þau hús sem blasa við þegar horft er eftir götum, eins og Riis-hús sem er miðpunkturinn í bænum, og sést vel frá mörgum sjónarhornum og Viðeyjarhúsið (Hafnarbraut 22) sem blasir við frá Kópnesbrautarinnar. Ásamt Ráðaleysi (Höfðagötu 14) mynda þau hús skemmtilega samstæðu neðan við Höfðagötuna. Björnshús (Kópnesbraut 9) stendur þvert við Kópnesbrautina og blasir við sé horft eftir henni frá Riis-húsi, einnig Höfði (Höfðagata 2) sem snýr þvert við götunni og blasir við í innri enda Höfðagötunnar og Stein-húsið sem sést vel frá Skjaldbökuslóð, yfir bílastæðið milli Galdrasýningarinnar og Ráðaleysis. Galdrasýningin setur auðvitað svip á sitt nærumhverfi, með torfpakinu og rennisúðinni á pakinu á gömlu pakkhúsunum.

Mest áberandi húsið í þorpinu er svo að sjálfsögðu Hólmavíkirkirkja, sem sést vel alls staðar af Tanganum, á leiðinni í átt að gamla bænum eftir Hafnarbrautinni og frá sjó. Sjónlínur að og frá Hólmavíkirkirkju eru sérstaklega mikilvægar fyrir þorpsmyndina. Arinbjörn Vilhjálmsson kemst þannig að orði að þegar komið sé til Hólmavíkur af sjó og siglt inn í höfnina sé „kirkjan eins og kóróna byggðarinnar“ (Arinbjörn Vilhjálmsson 2000: 25). Eins er hún afar áberandi alls staðar út gamla hluta þorpsins og þegar komið er inn í bæinn eftir Hafnarbrautinni. Arinbjörn segir að auk kirkjunnar séu það Riis-hús, Björnshús og Kópnes sem njóti sín best í þorpinu og bendir á það einkenni byggðarinnar að gamli bærinn og nýja byggðin sé í sitt hvorum enda þorpsins. Þetta gefi aukna tilfinningu fyrir miðbæjarkjarna á Tanganum (Arinbjörn Vilhjálmsson 2000: 26).

Samantekið má segja að **varðveislugildi** byggðarinnar á verndarsvæðinu sem heildar sé talsvert hærra en meðaltalsgildi einstakra bygginga sem standa innan þess. Það er þessi samhangandi heildarmynd fjölbreyttra gamalla húsa sem er uppistaðan í háu mati byggðarinnar í heild og tryggir verndarsvæðinu hæstu einkunn hvað varðar varðveislugildi.

Þessi heildarmynd er fjölbreytt, áhugaverð og sérstök, svipmót byggðarinnar gefur svæðinu gildi og skapar góða tilfinningu fyrir þorpinu, vellíðan og væntumþykju, og eflir bæði ímynd þorpsins og sjálfsmynd íbúa.

Mynd af húsunum á verndarsvæðinu, flokkuð eftir varðveislugildi: gult - lítið, appelsínugult - miðlungs, rautt - hátt.



Verndun og uppbygging – skilmálar



7. Verndun og uppbygging – skilmálar

Hér á eftir er yfirlit og umfjöllun um skilmála sem tengjast verndarsvæðinu. Skilmálar verndarsvæðisins gera fyrst og fremst ráð fyrir að eigendur húsa skuli við endurgerð og viðhald leitast við að styrkja heildarásýnd svæðisins. Eðlilegt er að skilmálar séu ekki óþarflega strangir eða íþyngjandi og að nokkru leyti sveigjanlegir, þannig að nýta megi húsin sem best.


Almennir skilmálar

Við breytingar húsa ætti að leitast við að halda í öll sérkenni og skreytilist eftir fremsta megni. Sérstaka aðgæslu þarf að sýna ef hækka á hús og bæta við hæð ofan á þau á verndarsvæðinu og slíkt ætti aðeins að leyfa í algjörum undantekningartilvikum. Sama regla um sérstaka aðgæslu gildir um hugmyndir um viðbyggingar og skúra eða að auka leyfilegt byggingarmagn á lóðum. Slíkar tillögur þarf að skoða mjög vandlega hverju sinni, með hliðsjón af heildarmynd og samræmi.

Annar sjálfsagður skilmáli er að við allar framkvæmdir innan svæðisins skuli leggja áherslu á gæði byggingarefna og vandaðan frágang. Eðlilegt virðist að setja fram tilmæli til húseigenda um að þegar gluggar eldri húsa séu endurnýjaðir séu þeir hafðir með krosspóstum, en ýmsir sem hafa á síðustu árum gert við hús sín í gamla bænum á Hólmavík hafa einmitt gert þessa jákvæðu breytingu á húsum sem áður höfðu verið augnstungin. Slíkar umbætur eru mjög til bóta fyrir útlit og svipmót byggðarinnar.

Aðrar breytingar sem hafa verið gerðar á fjölmörgum húsum á síðustu árum í gamla bænum á Hólmavík er að reykháfar hafa verið fjarlægðir. Fyrir ekki fleiri en 20 árum voru strompar á húsunum beinlínis einkenni á byggðinni á tanganum.

Strompaþorpið nefndi einn listamaður mynd sína af gömlu húsunum við Kópnesbraut sem teiknuð var árið 2007. Svo víða hefur hins vegar gripið til þess á síðustu árum, væntanlega til að koma annars vegar í veg fyrir leka og hins vegar hitatap á köldu svæði þar sem hvorki olía eða kol eru lengur notuð til kyndingar á húsum, að ekki sýnast lengur forsendur til að setja sérstakar hömlur á slíkt með skilmálum.



Tómas Ponzi: Galdraporið Hólmavík (Strompaþorpið) - skissubók 2007

Litir húsa og samhengi þeirra getur einnig skipt máli fyrir svipmót og heildarmynd á verndarsvæði. Þar sem mörg hús hafa verið gerð upp í gamla bænum síðustu árin og klædd bárujárnir er grái liturinn að verða helst til ráðandi á verndarsvæðinu. Kannski stendur þetta til bóta, ef og þegar húsin verða máluð. Ekki sýnist ástæða til að setja afgerandi skilmála um þetta efni, en hins vegar er sjálfsagt að miðla leiðbeiningum um heppilegt litaval í anda liðins tíma og setja fram tilmæli um þetta atriði. Sama gildir um tilmæli til húseigenda um að halda í gamla skreytilist eftir fremsta megni, til dæmis hvað varðar þakkanta og glugga-umbúnað. Eðlilegt er að útihús og bílskúrar á lóðum séu með samskonar klæðningu og litavalið sé það sama og á íbúðarhúsinu sem það stendur við.

Öll uppbygging húsa og mannvirkja skal styrkja heildarásýnd svæðisins. Sögulegum einkennum skal viðhaldið og þau dregin fram. Þannig er unnið að öflugri heildarmynd varðandi umfang og útlit bygginga.

Mikilvægt er að þeir skilmálar sem fylgja verndarsvæðinu séu í sífelldri endurskoðun í takti við þróun samfélagsins, framkvæmdir og breytingar. Því er minnt á að afmörkun slíkra svæða og skilmálar um þau séu endurskoðuð á fjögurra ára fresti, eftir sveitarstjórnarkosningar, samkvæmt lögum um þau (4.gr).

Skilmálana þarf að skoða í ljósi reynslunnar og þeirra álitamála sem upp kunna að koma. Hér er lagt til að skilmálar séu frekar almenrir og ekki mjög takmarkandi fyrir húseigendur, allavega svona til að byrja með. Hins vegar gæti vel komið til þess að herða þyrfti á reglum við endurskoðun.

Eitt einkennið á byggðinni á fyrri hluta 20. aldar var hinn mikli þéttleiki byggðarinnar, eins og fjallað er um í kafla 6. Þessi þéttleiki er að hluta til horfinn, bæði vegna uppfyllinganna sem gerðar hafa verið og vegna þess að bæði íbúðarhúsum og útihúsum sem voru fjölmörg hefur fækkaði talsvert á síðari helming 20. aldar. Sveitarstjórn tekur afstöðu til þess í sinni skipulagsvinnu hverju sinni, hvort gert sé ráð fyrir nýbyggingum í gamla bænum og innan verndarsvæðisins. Það er að okkar mati alls ekki útilokað að bæta við húsum, en sýna þarf aðgát við allar slíkar ákvarðanir.

Nýbyggingar og viðbyggingar sem falla að meginmarkmiði verndarsvæðis ættu að vera leyfilegar, en þurfa þá ávallt að falla vel að umhverfi, staðhättum og virða menningarsöguleg einkenni byggðarinnar sem fyrir er. Í sumum tilfellum gæti eins verið leyft að flytja eldri hús inn á lóðir og þá þurfa þau að uppfylla sambærileg skilyrði og nýbyggingar.

Við nýbyggingar og framkvæmdir, sem leyfðar eru, þarf að gæta að því að varðveita mikilvægar sjónlínur, einkum sjónlínur að sjó, höfninni og Hólmavíkirkirkju. Staðsetningin þarf jafnframt að styrkja heildarmynd og svipmót byggðarinnar. Gerð er krafa um hæð nýrra húsa, þannig að hæð þeirra sé í samræmi við byggingar í nágrenninu til að tryggja að hús falli vel að heildarmynd og umhverfi. Sama gildir um gerð þaka, þakhalla og klæðningu. Sérstaka aðgæslu hvað þetta varðar þarf að sýna í nágrenni litlu húsanna við Kópnesbraut, húsa nr. 3, 3b, 5 og 7, og almennt er jákvætt að leitast við að ná meira samræmi í heildarmynd húsanna í gamla bænum. Nýbyggingar húsa í gömlum stíl, eins og lögð hefur verið áhersla á t.d. í Stykkishólmi, gæti vel komið til greina. Leggja þarf áherslu á að

bílskúrar og viðbyggingar séu með samskonar klæðningu og litaval og þakhalli sé í takt við húsin sem þær standa við.



Bílskúr byggður við Kópnesbraut 6 árið 2025

Opin svæði, tún og torg

Innan verndarsvæðisins eru allmörg svæði þar sem frágangi er ólokið. Þar eru óskipulögð svæði, ómalbikaðar götur, gangstéttir vantar víða og aðrar eru illa farnar. Á uppfyllingunni milli Skjald-bökuslóðar og Höfðagötu er tún, nú kallað Galdratúnið, stórt malarplan er framan við Braggann, svæðið framan við Bræðraborg, Snæfell og Kvenfélagshúsið er óskipulagt og grænt svæði er á uppfyllingunni framan við Höfðann við enda Höfðagötu. Þar stóð báturinn Hilmir ST 1 á þurru landi frá því fyrir síðustu aldamót og setti mikinn svip á staðinn, en var síðan rifinn 2008.



Hilmir ST 1 við Höfðann. Báturinn var rifinn 2008.

Þetta óskipulag og skortur á frágangi er auðvitað að vissu leyti einkenni á byggðinni, þótt það sé ekkert sérlega eftirsóknarvert. Vel skipulagðir áningarstaðir og torg myndu miklu frekar styðja við heildarmynd byggðarinnar og gera útivist þar að ánægjulegri upplifun, jafnvel þótt slíkt bitni á upprunaleikanum, því slíkt hefur aldrei verið þarna áður.

Hér er því lagt til að þessi svæði innan verndarsvæðisins verði deiliskipulögð í heild sinni og ákveðið hvort og hvar leyfi verði gefið til húsbygginga eða gerð bílastæða og hvar verða settar grasflatir, hlaðnir garðar og leikvöllir, torg og opin rými. Samhliða þessari heildstæðu hönnun á opnum svæðum á verndarsvæðinu þarf að gera plan og framkvæmdaáætlun til lengri og skemmri tíma. Sveitarstjórn Strandabyggðar þarf að setja sér stefnu í þessu og fylgja ákvörðunum eftir. Á þessu kjörtímabili hefur t.d. þegar verið ákveðið að byggja eigi upp leikvöll á Galdratúninu. Þó sjást engin ummerki um þá ákvörðun í nýjum

drögum að aðalskipulagi, þar sem umrætt tún er skilgreint fyrir hafnsækna starfsemi.

Um leið er lagt til að það verði ákveðið í þessu sama deiliskipulagi hvað fái að halda sér af ósnortinni náttúru og að þá verði lögð áhersla á að vernda þá litlu ósnortnu náttúru sem er innan verndarsvæðisins, klettana neðan við Borgabraut, Brennuhólinn sem kirkjan stendur á, klettahöfðann sem Höfðagatan er kennd við og fjaran á Kópnesinu eru allt náttúru-fyrirbæri sem ætti tvímælalaust að varðveita. Sama gildir um minjar á svæðinu sem þarf að vernda og hlúa að, svo sem gamla veginum yfir Klifið, kofahleðslur við klettinn neðan við Borgabraut 2 og hleðslur við Höfðann. Lagt er til að bæði ósnortin náttúra og sýnilegar minjar innan verndarsvæðisins njóti sérstakrar verndar.



Útilistaverk eru þegar á svæðinu, nokkur í garðinum við Galdrasýninguna og einnig stendur Klemus á eyjunni sinni á

Galdratúninu frá 2020 og Seiður við höfnina frá 2012. Söguskilti er við Hafnarbraut 22 um húsið og eftirsóknarvert væri að bæta við slíkum húsaskiltum og einnig að miðla fróðleik og sögum á sérstökum sögutorgum. Eins mætti gjarnan sýna gamlar ljósmyndir frá völdum sjónarhornum, fólki til ánægju og yndisauka. Bæta mætti við útilistaverkum, hleðslum og bekkjum og gera falleg torg sem draga að fólk, þar sem slíkt er mögulegt.

Bílastæði, götur, gangstéttir og gönguleiðir

Gangstéttirnar í gamla bænum þurfa ærlega yfirhalningu, því ástand þeirra er ekki gott. Mikilvægt er að ráðast í slíkar umbætur, það er fátt í umhverfinu á Hólmavík sem bendir eins áberandi á stöðnun í samfélaginu og ástand gangstétta í gamla bænum og skorturinn á lagfæringum á þeim. Sums staðar þar sem uppbygging hefur verið, gert við hús af miklum myndarskap og lóðin lagfærð, situr gangstéttin fram hjá húsinu eftir og er bókstaflega í molum. Hér er ástæða til að nefna sérstaklega framkvæmdir við Viðeyjarhúsið (Hafnarbraut 22) sem var lagfært af miklum stórhug og gert að gistihúsi. Framkvæmdir á umhverfinu við lóðina á vegum sveitarfélagsins hafa ekki fylgt í kjölfarið. Það er augljóst að það er erfiðara fyrir sveitarfélagið að hvetja eigendur gamalla húsa í bænum að sinna viðhaldi og umhverfismálum, eins og það ætti auðvitað að gera, ef hreppurinn gengur ekki sjálfur á undan með góðu fordæmi eða fylgir í það minnsta á eftir með umbætur á þeim þáttum sem að því snúa.

Miða ætti við að gera nýjar og lagfæra gamlar gangstéttir í gamla bænum með hellum, en ekki hafa þær heilsteyptar, eins og tíðkaðist á tímabili á Hólmavík.

Svigrúm þarf að vera fyrir gatnagerð á verndarsvæðinu, sérstaklega þar sem götur liggja mjög nálægt húsum sem getur auðveldlega skapað hættu við húshornin. Svo dæmi sé tekið er óásættanlegt að Kópnesbrautin liggi alveg upp við húsvegginn á Kópnesbraut 6 (Brynjólfshúsi) eins og hann gerir. Á skipulagi 2010-2022 er gert ráð fyrir að honum verði breytt og lykkja tekin niður fyrir húsið, en þeirri lausn er einnig frekar þröngur stakkur sniðinn.



Vegurinn inn Kópnesbraut og upp á Borgarbraut, fast upp við húsvegg á Kópnesbraut 6 og ansi nærri Kópnesbraut 9 og 11.

Framar í þessari skýrslu er rætt um að vegurinn upp og niður Bröttugötu verði hækkaður og Græni skúrin við neðri enda hennar fjarlægður. Þá gæti vegurinn legið áfram þarna í sveig eins og er gert ráð fyrir á skipulaginu frá 2010-22 eða hugsanlega niður eftir Norðurfjörðunni og í kringum byggingar í þorpinu og Höfðann og síðan um Skjaldbökuslóð. Þetta myndi minnka

umferð og draga úr slysaþættu í þorpinu sjálfu, sérstaklega ef bílastæði verða skipulögð og aðgengileg í útjaðri byggðarinnar. Hins vegar myndi slík framkvæmd um leið draga úr tengslum og samhengi byggðarinnar inn með Kópnesbrautinni við gamla hluta bæjarins. Sem mótvægisáðgerð væri hægt að hugsa sér að göngustígur og göng fyrir gangandi og hjólandi yrðu sett undir veginn um Bröttugötuna til að halda þessum tengslum. Á gildandi skipulagi er gert ráð fyrir færslu Kópnesbrautarinnar niður fyrir húsin við Kópnesbraut 10, 12 og 14, en íbúar í þeim eru mjög mótfallnir þeirri breytingu, þar sem hús þeirra standa nú í fjöruborðinu og útsýni út á fjörðinn er frábært.

Bílastæði þarf að skipuleggja og hanna, m.a. út frá núverandi hlutverki gamla bæjarins sem ferðamannastaðar, sem á bara eftir að aukast á næstu árum og áratugum. Þó er ástæðulaust að þau fái of mikið rými, enda mikilvægt að gangandi umferð fái notið sín á svæðinu.

Gönguslóðir um gamla bæinn eru auðvitað að miklu leyti á gangstéttum þar sem þær eru til staðar. Hvað aðra stíga varðar er lagt til að lykkjunni innan við byggðina á Kópnesbraut upp á Borgabraut verði haldið við. Einnig ætti að skoða að gera stíg milli Snæfells og Bræðraborgar upp brekkuna að Sjúkrahusinu. Auðvelt aðgengi fólks sem á örðugt með gang til og frá gamla bænum, ætti auk þess að vera haft að leiðarljósi við gerð stíga og uppbyggingu þeirra. Þar mætti til dæmis halda áfram með göngustíg frá Borgabraut, fram hjá kirkjunni og inn á Vitabraut. Eins þarf að halda upp á tröppurnar úr botni Brunngötu upp að kirkju og göngustíginn eftir gamla veginum um Klifið, milli Hafnarbrautar 16 og 29. Inn í byggðinni mætti vísa á göngustíginn milli Tryggvaskála og Albertshúss (Kópnesbraut 1 og 3). Loks mætti hugsa sér göngustíg með sjónum á hafnar-svæðinu, ef unnið verður í lagfæringum á varnargarðinum þar, frá höfninni að smábátabyggjunni. Gaman væri að tengja

saman sögufræg hús, listaverk og sögumiðlun í þorpinu með sérstakri gönguleið á korti eða rafrænu formi.



Göngustígur úr Brunngötu upp að Hólmavíkurkirkju

Helstu skilmálar – samantekt

Hér hefur verið farið yfir skilmála og tilmæli fyrir verndarsvæðið og settar fram ýmsar vangaveltur um opin svæði. Hvað varðar þau svæði er mikilvægt að hefja einskonar uppbyggingarfasa á öllu svæðinu, þar sem hugmyndavinna kemur fyrst og síðan hönnun og skipulag. Þessu verður síðan að fylgja eftir með framkvæmdaáætlun til lengri og skemmri tíma og láta verkin tala.

Skilmálar eru ekki strangir og má segja að þeir byggji að mestu leyti á heilbrigðri skynsemi. Tilmæli eru um nokkur atriði, en við

endurmat mætti svo herða reglurnar, ef reynslan sýnir að þörf sé á því.

Lykilatriði í skilmálum eru eftirfarandi:

- Öll uppbygging húsa, mannvirkja og framkvæmdir varðandi umhverfi þeirra og almenningsrými skal stuðla að því að styrkja heildarásýnd, svipmót og staðaranda svæðisins.
- Við allar framkvæmdir innan svæðisins skal leggja áherslu á vandaðan frágang og gæði byggingarefna.
- Leitast skal við að styrkja heildarmynd og auka samræmi um umfang og útlit bygginga og mannvirkja. Miða skal við að skúrar og viðbyggingar séu í samræmi við hús sem þau standa við, hvað varðar klæðningu, efnisval og líti svo dæmi séu tekin.
- Sögulegum sérkennum skal haldið og þau dregin fram.
- Gangstéttar séu gerðar með gangstéttarhellum eða steinum, fremur en að þær séu heilsteyptar.
- Ósnortna náttúru og minjar skal vernda og viðhalda.
- Leiðbeiningar séu settar fram af sveitarfélaginu um litaval húsa í gamla bænum, í anda fyrri tíma og tilmæli um að nýir gluggar séu með krosspóstum þegar skipt eru um glugga á gömlum húsum, auk þess sem skreyti-list á byggingum sé varðveitt og henni viðhaldið.

Verndarsvæðið og tengsl við skipulag



8. Verndarsvæðið og tengsl við skipulag

Þegar vinnan við verndarsvæðið hófst var í gildi aðalskipulag fyrir Strandabyggð fyrir árin 2010-2022. Vinnan við nýtt skipulag hefur svo dregist á langinn, en á meðan gildir þetta eldra aðalskipulag áfram. Í skipulaginu 2010-2022 var skilgreint hverfisverndarsvæði á Hólmavík yfir gamla hverfið sem er hluti af því svæði sem hér er skilgreint sem verndarsvæði í byggð. Tekið var fram að sérstaka aðgæslu þyrfti við framkvæmdir og veitingu framkvæmdaleyfa á þessu svæði og að byggingar þurfi að vera í samræmi við þá byggð sem fyrir er (Aðalskipulag Strandabyggðar 2010-2022. Greinargerð: 61).



Hólmavík 2025

Nú um mitt ár 2025 er þetta nýja aðalskipulag fyrir Stranda- byggð og þar með Hólmavík á lokastigi (Sveitarfélagið Strandabyggð: Endurskoðun Aðalskipulags 2021-33). Samráð

hefur verið við sveitarfélagið og rætt um að í þessu nýja skipu- lagi verði tekið tillit til verndarsvæðisins og þeirra hugmynda sem liggja fyrir um það.

Einnig er í gildi sameiginlegt svæðisskipulag fyrir Strandir, Reykhóla og Dali (Svæðisskipulag Dala, Reykhóla og Stranda 2018-2030, sjá www.samtakamattur.is). Þar hefur mikil vinna verið lögð í að tilgreina gildi og sérstöðu svæðisins og tillagan um verndarsvæði í byggð á Hólmavík fellur mjög vel að mörgum þáttum í svæðisskipulaginu.

Á frumstigi er gerð svæðisskipulags fyrir Vestfirði alla, en ekki hefur verið tekin endanleg ákvörðun um þátttöku Stranda- byggðar í því skipulagi.

Samspil við aðalskipulag

Rétt er að skoða nýtt aðalskipulag í samhengi við tillöguna um verndarsvæði í byggð á Hólmavík. Í því er eins og í fyrra skipu- lagi gert ráð fyrir hverfisverndarsvæði í gamla þorpinu á Hólma- vík, en það er ekki eins umfangsmikið og verndarsvæðið sem hér er skilgreint.

Svæðið á Tanganum er í nýju skipulagi annars vegar skilgreint sem miðsvæði 1 (sjá s. 45) og er annað af tveimur slíkum á Hólmavík. Miðsvæði er samkvæmt skilgreiningu: „Svæði fyrir verslunar- og þjónustustarfsemi og stjórnsýslu sem þjónar heilu landsvæði, þéttbýlisstað eða fleiri en einu bæjarhverfi, svo sem verslanir, skrifstofur, þjónustustofnanir, hótél, veitinga- og gistihús, menningarstofnanir og önnur hreinleg atvinnustarfsemi sem talin er samræmast yfirbragði og eðli starfsemi miðsvæðis.“ Þessi lýsing er í góðu samræmi við þessa tillögu um verndar- svæði í byggð á Hólmavík.

Í lýsingu á miðsvæði 1 segir í nýja aðalskipulaginu: „Gamli bærin á Hólmavík. Fyrir svæðið er verið að vinna verndarsvæði í byggð. Í dag er m.a. innan svæðisins íbúðabyggð, gistiheimili, veitingastaðir, safnasvæði, Þróunarsetrið, leikskóli, heilsugæsla og kirkja. Núverandi byggingarmagn innan svæðisins er 26.715 m².“

Skipulagsákvæði um þetta svæði eru eftirfarandi: „Svigrúm er fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu svæðisins, svæðið er ekki að fullu byggt. Heildarsvipur byggðarinnar verði varðveittur, nýbyggingar taki mið af stíl, stærð og byggingarefnum og stuðlað verði að því að viðhald og endurnýjun húsa taki mið af upprunalegri mynd. Svæðið er innan hverfisverndarsvæðis HV1 og HV2. Hámarks byggingarmagn innan svæðisins er 30.000 m².“ Allt á þetta samleið með tillögunni um verndarsvæði í byggð.

Hins vegar er hluti af Tanganum skilgreindur sem hafnarsvæði og nær sú skilgreining yfir þann hluta húsa á Tanganum sem eru ekki hluti af tillögunni um verndarsvæði í byggð á Hólmavík, en einnig Smíðahúsið í Norðurfjörrunni og gömlu Beinamjölssverksmiðjuna þar sem Trésmiðjan Höfði er nú með starfsemi sína. Bæði þessi hús eru talin sem hluti af verndarsvæðinu.

Hverfisverndarsvæði nær yfir gömlu húsin við Hafnarbraut að Kópnesbraut og Kópnesbrautina að Bröttugötu, en teygir sig ekki eftir Höfðagötunni eins og í tillögunni um verndarsvæðið og ekki heldur eftir Kópnesbrautinni að Kópnesi og Dvöl. Kópnesið er hins vegar merkt sem annað hverfisverndarsvæði og sama gildir um það sem enn er ósnert af Árnaklakki við olnbogann á smábátahöfninni þar sem þriðja hverfisverndarsvæðið er merkt og er það vel til fundið.



Kópnesbrautin og heilbrigðisstofnunin uppi á bakkanum 2025

Ekki virðist gert ráð fyrir opnum svæðum á Tanganum á teikningu sem fylgir nýja aðalskipulaginu, en tekið sérstaklega fram að umhverfi og götumynd elsta hluta Hólmavíkur verði varðveitt og bætt og unnið verði deiliskipulag fyrir svæðið. Þetta er einnig lykilatriði í þessari tillögu um verndarsvæði í byggð.

Næstu skref sveitarstjórnar Strandabyggðar eftir endanlega samþykkt aðalskipulags og tillögu um verndarsvæði í byggð á Hólmavík, frá sjónarhorni minjavörslu, ættu að vera:

- 1) Gerð deiliskipulags fyrir verndarsvæðið á Hólmavík í heild
- 2) Ljúka lögbundinni skráningu fornminja í sveitarfélaginu
- 3) Gera húsakönnun í dreifbýli Strandabyggðar

Forsíða. Ljósmynd af Hafnarbraut innan við Klifið, tekin eftir 1951.

Ljósmyndari óþekktur. Mynd fengin hjá Hjálmtý Heiðdal.

Bls. 3. Hólmavík um 1939. Mynd úr safni Karls Loftssonar.

Bls. 7. Hólmavík um 1960, búið að reisa sláturhúsið. Mynd frá Hjálmtý Heiðdal.

Bls. 9. Kópnesbrautin og Snæfell um 1940. Mynd frá Steinunni Ingimundardóttur.

Bls. 12. Langiskúr nær til vinstri, rifinn á fimmta áratug 20. aldar, hús Verslunarfélags Steingrímsfjarðar sem brunnu 1931 og Eyfirðingabúð sem var rifin um 1920 (með hallandi þaki fjær, undir danska fánanum). Öll húsin og mannvirkin á myndinni sem tilheyra fyrstu árum þorpsins á Hólmavík eru nú horfin. Myndin er klippt út úr ljósmynd sem Sigurjón Jónsson frá Kollsá tók af Hólmavík um 1909 og er varðveitt á Þjóðminjasafni Íslands.

Bls. 13. Hólmavík, Mynd úr safni Karls Loftssonar. Mynd frá árunum 1938-9.

Bls. 15. Hrólfsbraggi næst, húsin hafa verið byggð út í fjöruna. Ljósmynd úr safni Karls Loftssonar.

Bls. 17. Hólmavík um 1927-28. Ljós. Magnús Ólafsson. Ljósmyndasafn Reykjavíkur.

Bls. 20. Riis húsið í byggingu og Langiskúr, mynd frá 1897. Mynd frá Hjálmtý Heiðdal úr safni tengdforeldra hans, Önnu og Kristjáns símsstöðvarstjóra.

Bls. 23. Ljósmynd úr nýrri fornleifaskýrslu Byggðasafns Skagfirðinga, hlaðinn grunnur á Kópnesi.

Bls. 25. Hólmavík, ljósmynd frá 1934. Ljós. Ólafur Magnússon. Ljósmyndasafn Reykjavíkur.

Bls. 26. Upphafsár þorpsins, úr safni Jóns Jónssonar, keypt frá Nýja-Sjálandi.

Bls. 29. Hólmadrangur í heimahöfn. Mynd frá Þórarni Reykdal.

Bls. 29. Fjárrekstur eftir Kópnesbraut. Mynd frá Steinunni Ingimundardóttur.

Bls. 30. Refabúin á Refaholtinu 1927-40, mynd frá Ljósmyndasafni Akureyrar. Ljós. Jón og Vigfús.

Bls. 34. Mynd sett inn á Fésbókarhópinn *Gamlar Strandamyndir*.

Bls. 35. Fyrstu húsin á Borgarbrautinni. Ljósmynd frá Ingu Sigurðardóttur.

Bls. 38. Riis-hús. Ljósmynd frá fyrstu árum byggðarinnar. Ljós. Sigurjón Jónsson á Kollsá. Þjóðminjasafn Íslands.

Bls. 47. Hafnarbraut 18 fyrir breytingar árið 1939. Ljósmynd. Gerður Þórarinsdóttir. Þjóðminjasafn Íslands.

Bls. 48. Hafnarbraut 20. Mynd frá Hjálmtý Heiðdal.

Bls. 49. Hafnarbraut 29. Ljós. Tryggvi Samúelsson. Sauðfjársetur á Ströndum.

Bls. 58. Brynjólfshús í baksýn. Mynd frá Sigrúnu Ásgeirsdóttur.

Bls. 59. Steinhúsið. Mynd frá Stefaníu Andrésdóttur og Jóni Loftssyni.

Bls. 60. Snæfell. Ljós. Tryggvi Samúelsson. Sauðfjársetur á Ströndum.

Bls. 62. Fyrstu húsin á Borgarbrautinni. Ljósmynd frá Ingu Sigurðardóttur.

Bls. 70. Báturinn Bragi í Norðurfjörrunni. Ljósmynd frá Stefaníu Andrésdóttur og Jóni Loftssyni.

Bls. 73. Höfðagatan árið 1946. Ljósmynd frá Stefaníu Andrésdóttur og Jóni Loftssyni.

Bls. 74. Hólmavík um 1946. Ljós. Sigurgeir Bjarni Halldórsson. Ljósmyndasafn Ísafjarðar.

Bls. 79. Hrólfsbraggi 1980. Mynd úr fésbókarhópnum *Gamlar Strandamyndir*, sett inn af Reyni Kristjánssyni.

Bls. 80. Taflfélagshúsið um 1985. Ljós. Flóki Kristinsson.

Bls. 88. Klippt mynd: Báturinn Bragi í Norðurfjörrunni. Ljósmynd frá Stefaníu Andrésdóttur og Jóni Loftssyni.

Bls. 89. Teikning Tómas Ponzi.

Eldri myndir á bls. 36, 39, 41, 44, 46, 51, 52, 53, 54, 55, 58, 65, 67, 76, 77, 79, 80 eru úr Hólmavíkurbók Óla E. Björnssonar.

Aðrar ljósmyndir í skýrslunni tók Jón Jónsson þjóðfræðingur.

Óprentaðar heimildir

Rannsóknasetur HÍ á Ströndum – Þjóðfræðistofa

Arinbjörn Vilhjálmsson. *Húsakönnun Hólmavíkur*. Óútgefið handrit. Hólmavík 2000. Pdf-skjal án blaðsíðutals.
Dagbækur Halldórs Jónssonar 1897-1912. Vélrituð uppskrift hjá setrinu og handrit á Handritadeild Landsbókasafns.
Úttektarbók Hólmavíkurhrepps 1943.

Skipulagsgögn Strandabyggðar

Aðalskipulag Strandabyggðar 2010-2022. Greinargerð. Forsendur. Sveitarfélagsuppdráttur. Skýringar. Sjá <http://www.strandabyggd.is/stjornsysla/tilkynningar/flokkur/34/>.
Sveitarfélagið Strandabyggð. Endurskoðun Aðalskipulags 2021-33. Verkefni ólokið: Greinargerð, sjá <https://skipulagsgatt.is/files/e19ac7e6-d791-4399-9834-bb37d6d499be> Kort Hólmavík, sjá <https://skipulagsgatt.is/files/954d4e79-5d9d-4408-8177-cf32b98cc2dd>
Svæðisskipulag Dala, Reykhóla og Stranda 2018-2030. Svæðisskipulagstillaga og umhverfisskýrsla. Janúar 2018. Sjá <https://www.samtakamattur.is/>

Stofnun Árna Magnússonar – nafnfræðissvið

Kálfanes. Örnefnaskrár. Aðgengilegar á <https://nafnid.is/baer/3376>.

Þjóðskjalasafn Íslands

Fasteignamat 1916-1918. Undirmat: Strandasýsla
Fasteignamat 1916-1918. Yfirmat: Strandasýsla.

Fasteignamat 1930: Strandasýsla.

Fasteignamat 1940: Strandasýsla.

Manntal 1920. Aðgengilegt á <http://www.manntol.is>.

Prestþjónustubók 1865-1895. Kirkjubækur. Staður í Steingrímsfirði, www.heimildir.is

Sóknarmannatal 1906-1916. Kirkjubækur. Staður í Steingrímsfirði, www.heimildir.is.

Sóknarmannatal 1917-1922. Kirkjubækur. Staður í Steingrímsfirði, www.heimildir.is.

Úttektarbók Hrófbergshrepps 1888.

Úttektarbók fyrir Hrófbergshrepp 1925.

Vefheimildir

Ásta Hermannsdóttir, Brenda Prehal, Bryndís Zoëga og Ylfa Leifsdóttir (2024): *Fornleifaskráning Kálfaness, Skeljavíkur og Víðidalsár, Strandasýslu. Brothættar byggðir*.

Byggðasafn Skagfirðinga:

https://skraning.minjastofnun.is/Verkefni_2867.pdf

Engilbert Ingvarsson (2011). Hundrað ára símastaur. Grein á fréttavefnum *strandir.is*: [Hundrað ára símastaur – strandir.safn.is](http://Hundrað_ára_símastaur_-_strandir.safn.is)

Jón Jónsson og Sigurður Atlason: Sjávarskrímsli úr Suðurhöfum – Skjaldbökuævintýrið á Hólmavík 1963. Sjá <https://www.facebook.com/100064651065600/posts/10160195992675135/>

Lög um breytingu á lögum um menningarminjar nr. 80/2012, nr. 126/2022, sjá <https://www.althingi.is/altext/stjt/2022.126.html>.

Lög um vernd menningarminja, nr. 80/2012, sjá <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2012080.html>.

Lög um verndarsvæði í byggð, nr. 87/2015. <https://www.althingi.is/lagas/156a/2015087.html>.

Reglugerð um verndarsvæði í byggð, nr. 575/2016, sjá <https://island.is/reglugerdir/nr/0575-2016>.

Staðardagskrá 21 fyrir Strandabyggð. Aðgengileg á
<http://www.strandabyggd.is/stjornsysla/tilkynningar/skra/19/>

Prentaðar heimildir

Andri Þór Andrússon (2011). *Miðbær Hólmavíkur. Greining og hugmynd að hönnunarútfærslu*. Hvanneyri. Aðgengileg á Skemmunni: <https://skemman.is/handle/1946/9430>.

Árni Óla (1949). *Blárri tinda blessað land*. Reykjavík.

Brynjólfur Sæmundsson (1969). Strandaannáll. Fréttabrot úr Strandasýslu frá árinu 1968. *Strandapósturinn* 3, s. 11-19.

Dagrún Ósk Jónsdóttir ritstj. (2020). *Strandir 1918. Ferðalag til fortíðar*. Strandir.

Helga Gunnarsdóttir (2022). Bernskan á Plássinu. *Myndir og minningar á Ströndum*. Strandir 2022, s. 28-31.

Jóhann Hjaltason (1952). *Strandasýsla*. Árbók Ferðafélags Íslands, Reykjavík.

Jóhann Hjaltason (1972). Það sem einu sinni var [2]. *Strandapósturinn* 6, 12-22.

Jóhann Hjaltason (1973). Það sem einu sinni var [3]. *Strandapósturinn* 7, 39-54.

Jón Guðnason (1955). *Strandamenn*. Reykjavík.

Jón Jónsson (1995). *Ferðapjónusta og þjóðmenning*. Strandir.

Jón Jónsson (2020). Hólmavíkurþorp í mótun. *Strandir 1918*. Strandir.

Jón Jónsson (2024). *Gönguleiðir í nágrenni Hólmavíkur. Hugmyndavinna um gönguleiðaverkefni*. Skýrsla, Hólmavík.

Jón Jónsson, Agnes Jónsdóttir og Guðrún Gígja Jónsdóttir (2020). *Þorpið Hólmavík á Ströndum – íbúabyggð og ferðamannastaður. Skýrsla fyrir verkefnið Vestfirsku þorpin sem er áhersluverkefni í Sóknaðaráætlun Vestfjarða*. Hólmavík.

Jón Jónsson og Dagrún Ósk Jónsdóttir (2024). *Ráðstefnustaðurinn Strandir. Hugmyndavinna um að efla Hólmavík og nágrenni sem ákjósanlegan stað fyrir minni málþing, vinnustofur og ráðstefnur*. Skýrsla, Hólmavík.

Jón Jónsson og Eiríkur Valdimarsson (2023). *Héraðsskjalasafn fyrir Strandir?* Skýrsla, Hólmavík.

Jón Sæmundsson (1974). Tvær konur. *Strandapósturinn* 8, s. 57-69.

Jón Sæmundsson (1980). Gamlar minningar. *Strandapósturinn* 14, s. 124-137.

Lúðvík Kristjánsson (1985). *Íslenskir sjávarhættir IV*. Reykjavík.

Lýður Björnsson (1979). *Saga sveitarstjórnar II*, Reykjavík.

NN (1915): Heima. [Fréttamolar]. *Ægir*. Mánaðarrit fiskifélags Íslands 10. tbl., s. 141.

Ólafur Jónsson (1978). *Áfram með smérið, piltar*. Reykjavík.

Ólafur Olavíus (1964-65). *Ferðabók I-II*. Reykjavík.

Óli E. Björnsson (1984). Hesthúsið. *Strandapósturinn* 18, s. 114-120.

Óli E. Björnsson (1990). *Hólmavíkurbók*. Hólmavík.

Óli E. Björnsson (2000). Gamli skólinn. *Strandapósturinn* 33, s. 29-65.

Óli E. Björnsson (2005). Fiskurinn hefur fögur hljóð. *Strandapósturinn* 37, s. 31-84.

Óli E. Björnsson og Óskar Jónatansson (1991). Viðtal við Andrés Konráðsson og Kristínu Sigurðardóttur Borgarnesi. *Strandapósturinn* 25, s. 48-66.

Ómar Smári Kristinsson (2008). *Hólmavík 2009. Dagatal með 24 teikningum*. Ómar Smári Kristinsson.

P.E. Kristian Kálund (1985). *Íslenskir sögustaðir II*, Reykjavík.

Pétur Jónsson frá Stökkum (1947). *Strandamannabók*. Reykjavík.

Safn til sögu Íslands III, Kaupmannahöfn 1902.

Sigurður Pétursson (2014). *Vindur í seglum II. Saga verkalyðshreyfingar á Vestfjörðum*. Reykjavík.

Sigurgeir Magnússon (1993). Á Hólmavík. *Strandapósturinn* 27, s. 122-6.

Sigvaldi Guðmundsson (1980). Þættir úr verzlunarsögu Strandasýslu. *Strandapósturinn* 14, s. 78-92

Stefán Gíslason (1987). Fréttir að heiman 1987. *Strandapósturinn* 21, s. 11-18.

Sævar Kristinsson (2008). *Arnkátla 2008. Stefnumótun í ferðaþjónustu fyrir árin 2008-2012*. Netspor. Hólmavík.

Theódór Lúðvíksson (án ártals). *Minningar. Lúðvík Hjaltason f. 11 febrúar 1924, d. 7. júlí 1953*. [Án útgáfustaðar].

Þjóðólfur 4. júní 1897, s. 106.

1) Húsakönnun

Unnið hefur verið að húsakönnun fyrir húsin innan verndarsvæðisins í þar til gerðu forrit frá Minjastofnun Íslands og eftir þeim stöðlum sem nú gilda. Lokafrágangur á henni (gluggatalningar og fleira) er enn í gangi, en að þeirri vinnu lokinni verður henni skilað til Minjastofnunar og ratar þar inn á vefinn.

2) Fornleifakönnun

Fornleifadeild Byggðasafns Skagfirðinga tók að sér grunnskráningu fornleifa á þremur jörðum næst Hólmavík, Víðidalsá, Skeljavík og Kálfanesi, fyrir Minjastofnun Íslands. Þorpið var hluti af þeirri rannsókn. Hér er tengill á þessa fornleifakönnun:

https://skraning.minjastofnun.is/Verkefni_2867.pdf

Ásta Hermannsdóttir, Brenda Prehal, Bryndís Zoëga og Ylfa Leifsdóttir (2024): *Fornleifaskráning Kálfaness, Skeljavíkur og Víðidalsár, Strandasýslu. Brothættar byggðir*. Byggðasafn Skagfirðinga: